

McHale *fusion*3



Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus **Rúllu- og pökkunarvél** **Notendahandbók** **Útgáfa 9**

(gildir frá raðnúmeri 659744)

McHale
Ballinrobe
Co. Mayo
F31 K138 Ireland

Tel: +353 94 9520300
Email: sales@mchale.net
Website: www.mchale.net





UMHVERFISMÁL: Dragið úr pappírnotkun

Íhugið hvort nauðsynlegt sé að prenta út skjöl! Gæti PDF-skjal á fartölvu eða spjaldtölvu komið í staðinn? Ef nauðsynlegt er að prenta út afrit skal alltaf velja „Prenta báðum megin á síðu“ og reyna að takmarka fjölda prentaðra blaðsíðna með því að velja bil fyrir tilgreindan blaðsíðufjölda eða velja aðeins „Þessi síða“ ef það nægir.

Þetta er upprunaleg notendahandbók með „Upprunalegum leiðbeiningum“. Enska útgáfan af notendahandbókinni er upprunalega skjalið fyrir allar þýðingar.

Ef um misræmi í nákvæmni eða efnistöfum er að ræða, í hvaða þýðingu sem er, heldur upprunalega enska handbókin stöðu sinni sem viðurkennt skjal.

Engan hluta þessarar handbókar má endurgera, dreifa eða þýða með neinum hætti, án þess að skriflegt leyfi liggi fyrst fyrir frá **McHale**.

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og pökkunarvél

Við þökkum þér fyrir kaupin á þessari **McHale** vél, það var viturlega valið!
Með réttri umhirðu og góðri meðferð geturðu vænst þess að hún skili
margra ára traustri þjónustu.

Ábyrgð

Athugið, lokanotandi!

Tryggðu að söluaðili hafi skráð vélina hjá **McHale**, þegar hann afhendir hana.
Láti söluaðili það farast fyrir að skrá vélina rétt fellur ábyrgð hennar úr gildi!
Þú getur athugað með skráningu vélar þinnar með því að heimsækja síðuna okkar
www.mchale.net.

Það er mikilvægt að gefa upp framleiðsluráðnúmer vélarinnar þegar þanta þarf í hana
varahluti eða biðja um tæknilega aðstoð vegna hennar. Skrá má nánari upplýsingar um
vélina í eyðurnar hér á eftir. (*Sjá „Lýsing á plötu raðnúmera“*)

Raðnúmer:	
Framleiðsluár:	
Afhendingardagur:	

Ef óskað er eftir fleiri eintökum af þessari notendahandbók
skal gefa upp varahlutanúmer: CLT00826_IS

Vegna stefnu okkar um sífellda vörupróun og endurbætur áskilur tæknideild **McHale**
sér rétt til að breyta tæknilýsingum véla fyrirtækisins, þar með talið efni þessarar
handbókar, fyrirvaralaust og án skuldbindinga um að breyta þeim vélum sem þegar
hafa verið seldar eða bæta við þær búnaði. Myndir og skjámyndir sem notaðar eru í
þessari handbók geta verið mismunandi í útliti miðað við raunverulegu vöruna.

Það er lífsnauðsynlegt að skipta þegar í stað um bilaða vélarhluta og að nota aðeins
ósvikna **McHale**-varahluti, því þeir eru hannaðir og framleiddir eftir sömu stöðlum og
vélina sjálf. Söluaðili **McHale** sér um að útvega varahluti.

Í þessari handbók er víða vísað í viðeigandi kafla annars staðar í handbókinni, það er
til að lesandinn geti nálgast ítarlegar upplýsingar um viðkomandi atriði. Þessir hlekkir
eru með (*gráu skáletri*). Sjá dæmið hér að ofan, þar sem vísað er í lýsingu á
raðnúmeraplötunni. Þegar smellt er á hlekkinn í pdf-skjalinu er sjálfkrafa hoppað yfir í
þann kafla. Með Adobe Reader er hægt að komast til baka á síðuna þaðan sem smellt
var á hlekkinn með því að smella á hnappinn „fyrri sýn“ (eða með því að halda „Alt“-
takkanum niðri og ýta á vinstri örvarhnappinn).



ATHUGIÐ: Bindiefni baggahólfs fara eftir gerðum

Fusion 3 Pro notar net en **Fusion 3 Plus** getur annaðhvort notað net
eða nærfilmu til að pakka bagganum inn í baggahólfinu áður en hann er
fluttur í pökkunarbúnaðinn. Orðið „netpökkun“ er notað í tengslum við
pökkun baggans í net eða nærfilmu.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	8
2	Upplýsingar um vöru	9
2.1	Tilætluð notkun vélarinnar	9
2.2	Útlit, séð að framan	10
2.3	Horft aftan frá	11
2.4	Almennar tæknilýsingar	12
2.5	Tæknilýsingar dráttarvélar	12
2.6	Tæknilegar upplýsingar um vélina	13
2.7	Kennistærðir hjólbarða	14
2.8	Aukabúnaður*	14
3	Almennar öryggisreglur	15
3.1	Kynnið ykkur allar öryggisupplýsingar	15
3.2	Fylgið öllum öryggisleiðbeiningum	15
3.3	Geymið alla hluti á góðum stað	16
3.4	Persónuhlífar	16
3.5	Í neyðartilvikum	16
3.6	Haldið ykkur frá vélarhlutum sem snúast	16
3.7	Viðmið fyrir þjálfaðan vélarstjórnanda	17
3.8	Að nota vélina	17
3.9	Ef eldur kemur upp	17
3.10	Almennar öryggisviðvaranir	18
3.11	Meðhöndlun nærfilmubagga (Fusion 3 Plus eingöngu)	23
4	Sérstakar öryggisviðvaranir	24
4.1	Rafrænar öryggisviðvaranir	24
4.2	Öryggisviðvaranir vökvakerfisins	24
4.3	Hávaðamörk	24
4.4	Eldvarnir	25
4.5	Sérstakur öryggisbúnaður/sérstakar öryggisleiðbeiningar	25
4.6	Staðsetning öryggislímmiða	26
4.7	Útskýringar á öryggisviðvörðunum og -leiðbeiningum	27
4.8	Öryggislímmiði fyrir stjórnloka vökvakerfis	34
4.9	Lýsing á plötu raðnúmers	35
4.10	Leiðbeiningar um hvernig megi lyfta vélinni	36
4.11	Leiðbeiningar um tjökkun	37
5	Kröfur til dráttarvéla og undirbúningur	38
5.1	Kröfur til dráttarvéla	38
5.2	Uppsetning stjórnstöðvar	38
5.3	Að festa dráttarbeislið	39
5.4	Komið í veg fyrir óheimilaða notkun	40
5.5	Að festa „neyðarhemil“	41
5.6	Að festa drifskaft	41

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og pökkunarvél

5.7	Uppsetning vélar og vökvakerfi dráttarvélarinnar	42
5.8	Hvaða vökvakerfi er notað?	43
5.9	Grunnstilling vökvaloka	44
5.10	Að tengja búnað við dráttarvélina	44
5.11	Að tengja stjórnstöðina	46
5.12	Ljósabúnaður	46
6	Almennar kröfur til vélarinnar og undirbúningur⁴⁷	
6.1	Kröfur um netþökkun	47
6.2	Umhirða netsins/nærfilmunnar	48
6.3	Umhirða netþökkunarkerfis	48
6.4	Stilling fyrir lengd nets	48
6.5	Að fylla á og nota netbúnaðinn	50
6.6	Að fjarlægja og skipta um hnífa í söxunarbúnaðinum	59
6.7	Sjálfvirkt smurkerfi	64
6.8	Gírolía	66
6.9	Þrýstingur í hjólbörðum	68
6.10	Hjólskorður	68
6.11	Myndavél baggahólfs (Fusion 3 Plus eingöngu)	69
6.12	Dráttarbeislis- og drifskafsstandar	69
6.13	Stilling dráttarbeislis	72
6.14	Stilling og viðhald drifskafs	73
7	Rafrænt stjórnkerfi	76
7.1	Aðgerðir stjórnkassa	77
7.2	Nánari upplýsingar um aðgerðir stjórnstöðvar	78
7.3	Sjálfvirk vinnsla	84
7.4	Uppbygging valmyndar	88
7.5	Valkostir	99
7.6	Viðvörðunarskilaboð	101
8	Hvernig pökkunarbúnaðurinn vinnur	111
8.1	Áfylling plastfilmu	111
8.2	Plastfilma, gæði og eiginleikar	114
8.3	Pökkunarferlið	116
8.4	Val um drif mótunarkefla	117
8.5	Skurð- og gripbúnaður	118
9	Öryggi og akstur á vegum úti	122
9.1	Áður en farið er út á þjóðvegi	122
9.2	Flutningur á vegi með áföstum endaveltubúnaði	123
9.3	Að festa „neyðarhemil“	124
10	Túnvinna og stillingar vélarinnar	125
10.1	Reynslutími	125
10.2	Múgar	125
10.3	Hæðarstilling sópvinduhjóla	126
10.4	Stilling heyskerms	127
10.5	Stilling heyvals	127
10.6	Stíflulosunarbúnaður	128

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél

10.7	Söxunarbúnaður	129
10.8	Val um söxun	129
10.9	Baggþéttimælir	130
10.10	Strekkingarmælir nets/nærfilmu (aðeins Fusion 3 Plus)	130
10.11	Læsing baggahófsloks	131
10.12	Varafilmuhólf og öryggi á hlífalæsingum	131
10.13	Yfirlit yfir hemla	132
10.14	Að stilla flotgorma sópvindunnar	137
10.15	Stillingar á keðjum	139
11	Aukabúnaður	144
11.1	Endaveltubúnaður	144
12	Viðhald vélar	150
12.1	Viðhaldsmillibil	150
12.2	Upplýsingar um hersluátak	153
12.3	Strekkingardæla nets/nærfilmu (aðeins Fusion 3 Plus)	154
12.4	Gúmmíflipi nærfilmu (Fusion 3 Plus eingöngu)	154
13	Geymsla	155
13.1	Í lok heyskapar	155
13.2	Við upphaf heyskapar	156
14	Bilanaleit	157
14.1	Bilanaleit, yfirlit	157
15	Vottun og ábyrgð	161
15.1	Samræmisyfirlýsing	161
15.2	Skoðunarovottorð	161
15.3	Forskoðun við eigendaskipti	161
15.4	Takmörkuð ábyrgð	161
16	Viðauki	166
16.1	Stilling drifskafitsins á dráttarvélinni	166

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél

Þessi síða á að vera auð.

1

Inngangur

Hún sameinar rúllubindingu og pökkun í einni og sömu vélinni. Með þessari vél má velja milli hefðbundinnar netpökkunar og pökkunar með nærfilmu (e. Net Replacement Film, skammst. NRF) á bagganum áður en hann færirst yfir í pökkunarhlutann.

Að baki hönnunar vélarinnar liggur margra ára þróunarvinna sem byggir á ítarlegum rannsóknum og framþróun á sviði rúllubindivéla og pökkunarvéla. Með réttri umsjón og viðhaldi mun vélin skila traustu og áreiðanlegu verki um árabíl.

Vinsamlega gerið ekki ráð fyrir að hægt sé að nota vélina og halda henni við án þess að byrja á að lesa þessa handbók vandlega. Til að koma í veg fyrir ranga notkun, tjón og slys er afar mikilvægt að vélin sé ekki notuð af öðrum en þeim sem hafa hlotið til þess þjálfun. (Sjá „Viðmið fyrir þjálfaðan vélarstjórnanda“). Þeir verða að lesa og skilja til fulls efni þessarar handbókar áður en þeir fara að nota vélina, og lesa sér sérstaklega til um eftirfarandi atriði:

- Öryggisleiðbeiningar
- Aðgerðir
- Stjórnþæki (vökvastýrð og rafdrifin)

Við mælum sterklega með því að menn kynni sér allan nýjan vélbúnað í rólegheitum. Takið frá tíma til að læra á og skilja alla eiginleika vélarinnar. Hæfnin eykst eftir því sem meiri reynsla er aflað.

Ef einhverjar spurningar vakna við að lesa leiðbeiningarnar í þessari handbók, vinsamlegast snúið ykkur þá til söluaðila **McHale**. Við mælum sterklega með því að menn leiti eftir þjálfun hjá söluaðila **McHale**.

Vélarstjórnandi ber alla ábyrgð á öruggri notkun og viðhaldi alls búnaðar vélarinnar, í samræmi við leiðbeiningar þessarar handbókar. Geymið þessa handbók á öruggum stað og sjáið til þess að hún fylgi vélinni alltaf.



UMHVERFISMÁL: Dragið úr pappírnotkun

Íhugið hvort nauðsynlegt sé að prenta út skjöl! Gæti PDF-skjal á fartölvu eða spjaldtölvu komið í staðinn? Ef nauðsynlegt er að prenta út afrit skal alltaf velja „Prenta báðum megin á síðu“ og reyna að takmarka fjölda prentaðra blaðsíðna með því að velja bil fyrir tilgreindan blaðsíðufjölda eða velja aðeins „Þessi síða“ ef það nægir.

2

Upplýsingar um vöru

Vélin er varin fyrir ýmiss konar tjóni þegar henni er stjórnað með stjórnstöðinni hvort sem er í handvirkum eða sjálfvirkum hami. Það er þó afar mikilvægt fyrir öryggi þess sem notar vélina og annarra að vélarstjórnandinn kynni sér vandlega öll varnaðarorð og leiðbeiningar sem er að finna í þessari handbók. Sérstaklega þarf allur öryggisbúnaður, límmiðar, hlífar og stjórnæki að virka alveg eins og þeim er ætlað. Reynið aldrei að kippa neinu í lag með dráttarvélinu í gangi eða meðan vélin snýst. Haldið fólki og skepnum alltaf frá „hættusvæðinu“ (svæði í kringum vélinu) þegar vélin er í gangi (Sjá „Hættusvæði“). Hver sem ætlar sér að nota þessa vél verður að lesa og skilja efni þessarar handbókar.

2.1 Tilætluð notkun vélarinnar

Vélin er eingöngu ætluð til venjulegrar notkunar sem landbúnaðartæki. Vélin er hönnuð til þess að grípa hey/hálm upp af jörðinni og þjappa því saman, búa til sívala bagga úr þessu fóðri sem síðan má velja um að fari í hefðbundna netþökkun eða þökkun með nærfilmu í Fusion 3 Plus, áður en þeir fara yfir í þökkunarbúnað vélarinnar. Þar er þeim pakkað inn í teygjanlega plastfilmu í þeim tilgangi að baggarnir séu síðan geymdir sem fóður handa búfé Færsla vélarinnar milli túna eftir slóð eða vegi, eftir því sem þarf vegna aðalnotkunar hennar, telst hluti af þessari tilætluðu notkun vélarinnar. Framleiðandi ber enga ábyrgð á neinum skaða eða tjóni sem vélin kann að verða fyrir við aðra notkun hennar en þá sem tilgreind er hér á undan. Öll önnur notkun vélarinnar er algerlega á ábyrgð eiganda/stjórnanda hennar.

Tilætluð notkun vélarinnar felur í sér að:


- Fara þarf í einu og öllu að leiðbeiningum framleiðanda um notkun, viðhald og viðgerðir vélarinnar.
- Einungis fólk sem þekkir vel til vélarinnar og hefur kynnt sér áhættuna við notkun hennar má annast notkun, viðhald og viðgerðir vélarinnar.
- Fylgja ber í einu og öllu þeim öryggis- og heilbrigðiskröfum sem í gildi eru í því landi þar sem vélin er notuð.
- Engan búnað eða aukahluti, annað en það sem framleitt er hjá **McHale**, má setja í vélinu. Notkun alls slíks búnaðar eða aukahluta er algerlega á ábyrgð eiganda/stjórnanda vélarinnar. Í slíkum tilvikum óheimilla breytinga/lagfæringa fellur öll bótaábyrgð framleiðanda niður.



ATHUGIÐ: Öryggismerking vélarinnar fellur úr gildi


Við allar breytingar á öryggisbúnaði, fellur samræmisýfirlýsing úr gildi og CE-merkið tapar gildi sínu að því er varðar viðkomandi vél.

2.2 Útlit, séð að framan



Nr.	Vélarhlutur
1	Söfnunareining nærfilmu (Fusion 3 Plus eingöngu)
2	Netbúnaður
3	Vökvakerfishluti (undir hlífinni)
4	Strekingarmælir nets í mötun (aðeins Fusion 3 Plus)
5	Baggapéttnimælir
6	Strekingarmælir nets/nærfilmu (aðeins Fusion 3 Plus)
7	Dráttarbeisli og standur
8	Heyskermur eða heyvals
9	Pallur
10	Söxunarbúnaður
11	Sópvinda
12	Hjólakorður og hnífmat (undir hlífinni)
13	Aukafilmuhólf (undir hlíf)

2.3 Horft aftan frá



Nr.	Vélarhlutur
1	Slöngustokkur
2	Söfnunareining nærfilmu (Fusion 3 Plus eingöngu)
3	Baggahólfslök
4	Pökkunarhringur
5	Aukafilmuhólf (undir hlíf)
6	Mötunarkefli
7	Skurð- og gripbúnaður
8	Baggaveltuarmur
9	Stöðvunarrofi
10	Hurð til aðgangs að mötunarkeflum
11	Hliðarhlíf
12	Verkfærasett (fyrir innan hlífina)

2.4 Almennar tæknilýsingar

*Fæst ef til vill ekki í öllum löndum, athugið hjá söluaðila **McHale** á Íslandi hvort það er fánlegt hér.

Lengd í flutningsstöðu	5,8 m
Breidd í flutningsstöðu	2,76 m
Hæð í flutningsstöðu	3,02 m
Flutningsþyngd (óhlaðin)	6.325 kg
Öxulsþyngd (óhlaðin)	5.325 kg
Hámarkshraði á vegi	40 km/klst.
Hemlakerfi	Lofthemlar Vökvaemlar*

2.5 Tæknilýsingar dráttarvélar

Geta dráttarvélarinnar (lágmark)	85 kW
Gerð króks	Lágt dráttarbeisli Hátt dráttarbeisli*
Hraði aflúrtaks	540 sn./mín. (1.000 sn./mín. valfrjálst)
Ljósabúnaður	12 V/sjö pinna innstunga
Rafkerfi	12 V, 20 ampera Euro-innstunga
Vökvakerfi	Opið kerfi, lokað kerfi, álagsskynjun
Lágmarksprýstingur	180 bör
Lágmarksflæði	45 l/mín við 180 bör

*Vinsamlegast athugið að sumar tæknilýsingar gætu aðeins átt við um ákveðnar gerðir eða aukabúnað og gætu ekki verið fánlegar í öllum löndum.

2.6 Tæknilegar upplýsingar um vélina

Tæknilýsingar baggabindivélar		
Þvermál baggahólfs		1,25 m
Breidd baggahólfs		1,23 m
Breidd sópvindu		2,10 m
Netrúlla	Breidd nets	Hám. 1,26 m
	Mesta þyngd rúllu	40 kg (sjá viðvörun hér á eftir)
Nærfilmurúlla* (Fusion 3 Plus eingöngu)	Breidd nærfilmu	1,35–1,45 m
	Strekking nærfilmu	Samkvæmt ráðleggingum framleiðanda plastefnisins. Stillanlegt frá 5% upp í 35%
	Þykkt nærfilmu	16–20 µm
*Netskiptirúlla	Mesta þyngd rúllu	40 kg (sjá viðvörun hér á eftir)
	Geymsluhólf fyrir nærfilmu	Ein aukarúlla
Tæknilýsingar baggabindivélar		
Þökkunarfilma	Breidd filmu	750 mm
	Strekking filmu	70% (64% og 55% er valkostur)
	Filmulög (Film layers)	2+2; 2+2+2 o.s.frv.
	Geymsluhólf fyrir filmu	10 rúllur (+ 2 á mótunarkeflum)
Snúningshraði mótunarkefla		Mest 36 sn./mín.



VARÚÐ: Mælt er með því að tveir aðilar lyfti þungum netrúllum saman

Gætið ykkar á því að netrúllur og nærfilmurúllur eru þungar. Mælt er með því að tveir lyfti óáteknum netrúllum/nærfilmurúllum saman.

2.7 Kennistærðir hjólbarða

Upplýsingar	Tegund	Þrýstingur við túnvinnu	Þrýstingur þegar ekið er á vegum	Hlutarnr.
560/60R22.5 155 D (Vredestein)	Flo-Pro	1,65 bör	3,2 bör	CWH00053
560/60R22.5 161 D (BKT)	FL-630	1,65 bör	4 bör	CWH00068
650/50R22.5 157 D (Vredestein)	Flo-Pro	1,65 bör	3,2 bör	CWH00054
650/55R22.5 167 D (BKT)	FL-635	1,65 bör	4 bör	CWH00088
650/55R22.5 163 D (Alliance)	A-885	1,65 bör	4 bör	CWH00290
680/50R22.5 157 D (Vredestein)	Flo-Trac	1,65 bör	2,8 bör	CWH00281
710/45R22.5 165 D (Vredestein)	Flo-Trac	1,65 bör	4 bör	CWH00271
170/60-8 71 A8 (Vredestein)	Sópvinda	2,07 bör	2,07 bör	CWH00037

2.8 Aukabúnaður*

Dráttarbeisli	Hátt/lágt dráttarbeisli
Dráttarbeislisstandur	Standur af gerð A/B/C
Hemlar	Vökva-/lofthemlar
Endaveltubúnaður	Hliðarhengdur veltipallur

*Fæst ef til vill ekki í öllum löndum, athugið hjá söluaðila **McHale** á Íslandi hvort það er fánlegt hér.

Endaveltubúnaður

Endaveltubúnaðurinn er notaður til að velta rúllubaggnum upp á endann og kemur að miklu gagni þegar verið er að vinna á hörðum jarðvegi með stinnum strástubbum (sem eiga það til að stinga göt á filmuna), þar sem með honum má láta baggan koma niður á endann sem er með miklu þykkari filmuþekju. Hann er líka mjög gagnlegur á hæðóttu/bröttu landi því baggarnir velta ekki af stað þegar þeir eru settir upp á endann. Endaveltubúnaðurinn er festur á þökkunarpallinn að aftan. (Sjá „Endaveltubúnaður“)

Viðbótarkostir eða eiginleikar gætu verið fánlegir. Leitið til söluaðila **McHale** eða vefsvæðis **McHale** til að fá nánari upplýsingar.

3

Almennar öryggisreglur

3.1 Kynnið ykkur allar öryggisupplýsingar

Fylgið öllum öryggisreglum og temjið ykkur að umgangast vélina á öruggan hátt á öllum tímum.

Viðvörðun, varúð, athugasemdir og umhverfisleiðbeiningar:

Við lestur þessarar handbókar ber að gefa merkingunum hér fyrir neðan sérstakan gaum, þ.e. viðvörðun, varúð, athugasemdir og umhverfisleiðbeiningar. Þær eru notaðar á ýmsum stöðum í handbókinni og geta líka verið á öryggislímmiðum á vélinni. Tilgangur þeirra er að leggja áherslu á að mikilvægustu upplýsingarnar skeri sig úr öðrum texta.



VIÐVÖRUN: Þessi merking gefur til kynna mögulegt hættuástand, sem gæti, ef ekki er brugðist við því, leitt til tjóns á vélinni, meiðsla á fólki eða jafnvel dauða.



VARÚÐ: Þessi merking gefur til kynna mögulegt hættuástand, sem gæti, ef ekki er brugðist við því, leitt til tjóns á vélinni eða meiðsla á fólki.



ATHUGIÐ: Þessi merking er notuð til að auðkenna sérstakar leiðbeiningar eða verklagsreglur sem verður að fara eftir í einu og öllu til að forðast tjón á vélbúnaði.



UMHVERFISMÁL: Þessi merking minnir á að virða skal umhverfið með því að standa rétt að losun úrgangsefna.

3.2 Fylgið öllum öryggisleiðbeiningum



Þegar þessi handbók er notuð skal lesa allar öryggisleiðbeiningar og skilaboð og átta sig á merkingu allra öryggislímmiða. (Sjá „Útskýringar á öryggisviðvörðunum og -leiðbeiningum“). Kóðar varahluta fyrir hvern öryggislímmiða eru einnig taldir upp og söluaðili **McHale** getur útvegað þá. Ef öryggislímmiðar eru skemmdir eða hafa eyðst vegna slits eða þess að skipt hefur verið um vélarhluta, gangið þá úr skugga um að þeir séu endurnýjaðir. Eins og við á um allan vélbúnað er rétt að læra á allar aðgerðir og alla notkun stjórnækja með því að lesa handbókina vandlega. Látið engan vinna með þessa vél sem ekki hefur fengið allar leiðbeiningar um hvernig það skuli gert.

3.3 Geymið alla hluti á góðum stað



Geymið alla fylgihluti á öruggum stað þar sem þeir geta ekki dottið niður. Haldið börnum og öllum óviðkomandi frá geymslusvæðum.

3.4 Persónuhlífar



Nota skal eftirfarandi persónuhlífar hvenær sem unnið er við viðhald á vélinni til að hjálpa til við að koma í veg fyrir hættur sem ógna heilsu og öryggi:

- Öryggisgleraugu
- Eyrnahlífar
- Öryggisskó
- Hanska
- Aðsniðinn fatnað

Stranglega er bannað að nota farsíma eða heyrnarhlífar með útvarpi/tónlist á meðan verið er að vinna með vélinni og við akstur því það slævir athygli vélarstjórnandans.

3.5 Í neyðartilvikum



Beri slys að höndum ætti alltaf að hafa neyðarútbúnað við höndina. Vélarstjórnandi ætti alltaf að eiga greiðan aðgang að sjúkrakassa og slökkvitæki, ásamt neyðarsímanúmerum.

3.6 Haldið ykkur frá vélarhlutum sem snúast


Alvarlegt líkamstjón eða dauði getur hlotist af því þegar föt eða líkamshlutar flækjast í drifsköftum, drifkeðjum og öðrum vélarhlutum sem snúast og hreyfast.

Hafið allar hlífar alltaf á sínum stað, klæðist aðeins aðsniðnum fatnaði og gangið úr skugga um að drepið hafi verið á dráttarvélinni, lykillinn tekinn úr og að aflúrtakið sé hætt að snúast áður en hafist er handa við að stilla, tengja eða hreinsa aflúrtaksdrifinn búnað.

3.7 Viðmið fyrir þjálfaðan vélarstjórnanda

Aldurstengdar kröfur		Almennar kröfur
18 ára eða eldri	Stjórnandinn þarf að vera fullkomlega þjálfður í notkun vélarinnar og hafa gilt ökuskríteini fyrir dráttarvél.	<ul style="list-style-type: none"> Stjórnandinn verður að hafa fulla árvekni og má ekki vera undir áhrifum af hvers kyns áfengi eða lyfjum, ávísuðum eða öðrum. Stjórnandinn verður að hafa lesið og skilið alla hluta notendahandbókarinnar til að geta stjórnað vélinni og sinnt viðhaldi og þrifum á henni. Æskilegt er að stjórnandinn fái einnig þjálfun hjá söluaðila McHale. Aðeins er heimilt að hafa fleiri en einn einstakling í stýrishúsi dráttarvélarinnar ef þar er aukasæti til staðar.
16–18 ára	Stjórnandi á aldrinum 16 til 18 ára verður að hafa bráðabirgðaökuleyfi og reynslumikill ökumaður/ stjórnandi verður ávallt að vera með honum, einnig við viðhaldsvinnu og þrif!	
< 16 ára	Einstaklingar yngri en 16 ára mega ekki undir neinum kringumstæðum stjórna, þrifa eða sinna viðhaldi á vélinni!	

3.8 Að nota vélina




VIÐVÖRUN: Aldrei má losa stíflur meðan vélin er í gangi!

Reynið aldrei að losa stíflur meðan vélin er í gangi. Þetta gæti leitt til alvarlegra meiðsla eða að viðkomandi dragist inn í vélina vegna tinda sem snúast!

Til að forðast alvarlegt líkamstjón eða jafnvel dauða af því að dragast inn í vélina:

- Reynið aldrei að setja net/nærfilmu eða hey inn í baggahólfíð eða losa stíflu úr sópvindunni á meðan bindivélin er í gangi.
- Aftengið aflúrtak, setjið stöðuhemil á, drepjið á dráttarvélinni og takið lykilmann úr svissinum.



VIÐVÖRUN: Standið í hæfilegri fjarlægð frá vélinni meðan hún er í gangi!

Standið í hæfilegri fjarlægð frá vélinni og dráttarvélinni þegar vélin er í gangi. Hlutir eins og lausir tindar, steinar og annað rusl geta skotist úr vélinni.

3.9 Ef eldur kemur upp



Komi upp eldur verður vélarstjórnandi að fullvissa sig um hversu alvarlegt atvikið er og leysa málið í framhaldi af því. Eftirfarandi verklagsreglur eru aðeins til leiðbeiningar:

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél

1. Skiptið yfir í handvirka stillingu í stjórnstöð. (Sjá „Rafrænt stjórnkerfi“). Veltið bagganum þegar í stað af pallinum og látið aftasta keflið vera í losunarstöðu.
2. Losið baggann úr baggahólfinu með því að opna baggahólfslokið.
3. Færið dráttarvélina og vélina burt frá eldfima efninu.
4. Aftengið aflúrtak, drepjið á dráttarvélinni og takið lykilinn úr svissinum.
5. Fjarlægjið allar slöngur og rafvírabarka af vélinni svo framarlega sem það er öruggt.
6. Losið dráttarveisli vélarinnar frá dráttarvélinni þegar allar aðrar tengingar hafa verið fjarlægðar.
7. Akið dráttarvélinni burt frá bindivélinni.
8. Slökkvið allan eld með rétttri tegund handslökkvitækis eða kallið til slökkvilið.



VIÐVÖRUN: Eldvarnir

Mælt er með því að vélinni sé haldið hreinni og komið sé í veg fyrir uppsöfnun uppskeru, smurefnis o.s.frv. Þetta dregur úr hættunni á að eldur kvikni.

3.10 Almennar öryggisviðvaranir

Mikilvægt er að vita af þeim mögulegu hættum sem fylgja notkun landbúnaðarvéla. Fjöldi rannsókna hefur leitt í ljós að meirihluta slysa sem tengjast vélum má rekja til vanrækslu manna; má þar nefna að stytta sér leið til að spara tíma, skort á viðhaldi eða rangt viðhald, að hunsa viðvaranir, að sleppa því að lesa notendahandbókina, að veita ekki nægilega góðar leiðbeiningar eða fylgja ekki öryggisreglum.

Lesið og skiljið þessa notendahandbók áður en þið byrjið að nota vélina. Séu einhverjar leiðbeiningar óskýrar hikið þá ekki við að hafa samband við söluaðila **McHale**.

Aðeins kunnáttufólk sem hefur lesið þessa handbók og skilið hana til fulls er hæft til að vinna með þessa vél. (Sjá „Viðmið fyrir þjálfaðan vélarstjórnanda“). Eiganda þessarar vélar ber skylda til, að lögum, að ganga úr skugga um að hver sá sem notar vélina átti sig á öllum aðgerðum, stjórnækjum og verkferlum hennar, ásamt öryggisviðvörðunum, áður en hann byrjar að nota hana.

Öryggisbúnaður

- Allur öryggisbúnaður, s.s. hlífar, verndarhlutar og öryggisstjórnækki, verður að vera á sínum stað og virka sem skyldi. Það er bannað að nota þessa vél með biluðum eða ófullkomnum öryggisbúnaði.


Stöðvunarrofi



Stöðvunarrofi (A) er á vélinni, við vinstra horn hennar að aftan. Með stöðvunarrofanum má stöðva allar rafstýrðar aðgerðir. Styðjið á hann til að stöðva (þá kemur viðvörðunin \triangle fram í stjórnstöðinni) og snúið réttisælis til að setja aftur af stað. Þegar allt er með felldu verður þessi rofi að vera í endurræsingarstöðunni.

Hættusvæði

- “Hættusvæðið” er í kringum mótunarkerflin (u.þ.b. 2 metra radíus frá snúningsmiðju) og (lágmark 5 metra) fyrir aftan vinnuvélina til að tryggja örugga losun bagga.



ATHUGIÐ: „Hættusvæðið“ getur verið misstórt

Vélarstjórnandi verður að gæta sín á mismunandi stærð „hættusvæðisins“ sem fer eftir vinnuaðstæðum, t.d. hæðóttu landslagi.

- Stjórnandi vinnuvélarinnar ber ábyrgð á því að enginn sé staddur innan hættusvæðisins á meðan vinnuvélin er í notkun, sérstaklega við gangsetningu.

Áður en farið er að gera við eða setja aftur saman

- Nota verður hæfilega öflugan og öruggan lyftibúnað þegar verið er að setja saman vélina. Allar keðjur og stroffur sem notaðar eru verða að vera í góðu ástandi.

Áður en byrjað er að vinna

- Aldrei má stjórna landbúnaðarvélum undir áhrifum lyfja eða áfengis. Áhrif lyfja og áfengis á stjórnendur vinnuvéla skerða getu þeirra og geta valdið því að þeir taki áhættu eða stofni öðrum í hættu. Þar með talin eru flensulyf og ofnæmislyf seld án lyfseðils og lyfseðilsskyld lyf sem ekki er ráðlagt að séu tekin fyrir akstur eða stjórnun véla.
- Vélarstjórnandi verður að ganga úr skugga um að leiðbeiningum framleiðanda um hvernig á að setja vélina aftan í og taka hana aftan úr sé fylgt. Það á við um tengingu dráttarbeislis og rafmagns- og vökvaleiðslur, sérstaklega ljósabúnað og hemlakerfi.

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél

- Vélarstjórnandi verður að ganga úr skugga um að allar hlífar séu lokaðar og allur öryggisbúnaður virkur.
- Vélarstjórnandi verður að ganga úr skugga um að enginn sé inni á „hættusvæðinu“.
- Kunnið alltaf skil á þeim öryggis- og heilbrigðiskröfum sem í gildi eru í landinu.

Meðan vinna stendur yfir

- Vélarstjórnandi verður að gera enn frekari öryggisráðstafanir þegar unnið er í bratta eða hliðarhalla, sérstaklega stækkar „hættusvæðið“ við slíkar aðstæður.
- Fara skal að með aðgát þegar ekið er í halla eða yfir stórgrýtt land vegna hættu á veltu. Akið ávallt á hraða sem hentar jarðvegsskilyrðum.
- Vélarstjórnandi verður að ganga úr skugga um að minnst 4 m bil sé frá vélinni upp í hvers kyns hindranir fyrir ofan hana, sérstaklega ef um er að ræða háspennurafínur.
- Setjið vélina aldrei í gang ef skemmdir eru á öryggisgrindum eða öryggisbúnaði eða ef slíkt er ekki til staðar.
- Gætið varúðar þegar unnið er við skurð- og gripbúnaðinn. Munið að vökvakerfið heldur uppi þrýstingi á safngeymunum.
- Varist að snerta hnífinn.
- Reynið ekki að klemma filmuna fasta í skurð- og gripbúnaðinn.
- Sérstaklega þarf að gæta að því að allir skynjarar og öryggisbúnaður virki eðlilega ef vélin hefur staðið ónotuð í langan tíma.



VIÐVÖRUN: Látið ekki fólk eða skepnur ferðast á vélinni

Vélarstjórnandi verður að vera viss um að hvorki fólk eða skepnur séu nokkurn tímann að ferðast um á vélinni eða leynist undir henni (í dráttarvélinni má aðeins hafa farþega ef hann getur setið í viðeigandi sæti).

Áður en farið er út á þjóðveginn

- Eiganda þessarar vélar ber skylda til, að lögum, að ganga úr skugga um að hver sá sem stjórnar vélinni hafi gilt ökuskírteini og kunni skil á íslenskum umferðarreglum.
- Gangið alltaf úr skugga um að slökkt sé á rafeindastjórnstöðinni og að vökvakerfið sé aftengt.
- Festið ávallt neyðartaugina. (Sjá „Að festa „neyðarhemil““)
- Þegar vélinni er lagt skal nota hjólskorðurnar til að skorða bæði hjól föst og setja handhemil á, eftir því sem umferðarreglur segja til um.
- Tryggið að ljósín séu tengd og virki sem skyldi. Tryggið að vinnuljósið sé slökkt.
- Vélin hentar ekki til dráttar á hraða sem fer umfram 40 km/klst.

Vinna við viðhald

- Öll viðhaldsvinna og viðgerðir á vélinni skulu alltaf fara fram í samræmi við þessa handbók.
- Einungis faglærðir aðilar eða sölumumboðið ættu að annast viðhald og viðgerðir umfram efni þessarar handbókar.
- Við viðhaldsvinnu skal binda sítt hár í tagl. Gangið hvorki með hálsbindi, hálsfesti eða trefil né í víðum fatnaði þegar þið vinnið nálægt vélinni eða hlutum á hreyfingu. Víður fatnaður, sítt hár eða skartgripir geta flækst í vélarhlutum sem snúast hraðar en hægt er að bregðast við því. Ef þetta flækist í vélinni getur alvarlegt líkamstjón hlotist af.
- Áður en vélarstjórnandi byrjar að vinna við vélina eða breyta einhverjum stillingum, skal hann ganga úr skugga um eftirfarandi:
 - (a) Að dráttarvélín hafi örugglega stöðvast,
 - (b) Að handhemillinn sé á,
 - (c) Að hreyfillinn sé ekki í gangi,
 - (d) Að svisslykillinn sé ekki í,
 - (e) Að drifskaft hafi verið tekið af aflúrtakstittinum,
 - (f) Að rafkerfi og rafeindastjórnstöð hafi verið aftengt,
 - (g) Að vökvakerfi hafi verið aftengt og
 - (h) Að læsing baggahólfsloks sé á.

** Það er bannað að opna nokkra öryggishlíf eða vinna á nokkurn hátt við vélina nema framangreindar varúðarráðstafanir hafi verið gerðar.*
- Við alla viðhaldsvinnu skal þess gætt að vélin sé alveg stöðug. Sé það mögulegt er best að láta dráttarveislið síga alveg niður á jörð áður en byrjað er að vinna við vélina. Sé ekki mögulegt að láta dráttarveislið síga alveg niður á jörð, sjáið þá til þess að vélin sé tryggilega skorðuð. Ekki vinna undir vél sem aðeins er haldið uppi með tjakki. Setjið aldrei undir vélina stoðir sem gætu brotnað eða kiknað undan langvarandi álagi.
- Athuga skal slit hjólbarða reglulega. Skipta skal um hjólbarða áður en slit verður of mikið eða innan 10 ára frá framleiðsludagsetningu, samkvæmt því sem tekið er fram á hjólbarðanum. Farið að með aðgát þegar hjólbarðar eru meðhöndlaðir. Dælið lofti í hjólbarða samkvæmt því sem tekið er fram í þessari handbók og á vélinni og dælið aldrei of miklu lofti í. Aðeins skal dæla lofti í hjólbarða þegar þeir eru á vélinni eða í viðeigandi öryggisbúri.
- Takið aldrei öryggisráfrásir úr sambandi og fikið ekki við öryggisbúnað eða gerið aðrar óheimilar breytingar á vélinni.
- Við fyrstu merki um bilun í rafbúnaði eða vökvaknúnum búnaði skal skipta honum út þar sem slíkir hlutir hafa áhrif á virkni og vinnsluröð vélarinnar og hafa þannig bein áhrif á öryggi við notkun hennar. Aldrei skal nota vél sem eru bilaðar! Hafið samband við söluaðila **McHale** til að leysa úr málinu. Hafið ávallt öryggi í fyrirrúmi!
- Varist að hita vélarhluta sem eru nálægt vökvaslöngum með þrýstingi, því þrýstislöngurnar geta skemmst ef hita leggur út fyrir það svæði sem verið er að hita.

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél

- Mælt er með reglulegum þrifum á vélinni til að viðhalda vélinni í öruggu og áreiðanlegu vinnsluástandi. **McHale** mælir með því að vélin sé hreinsuð með þrýstilofti frekar en háþrýstidælu, vegna þeirrar hættu sem fylgir þvotti með háþrýstidælu. Það fer betur með alla málningu. Ef háþrýstidæla er notuð þvert á ráðleggingar okkar, verður að beita ýtrustu varkárni og aðeins nota háþrýstidæluna frá yfirborði jarðar. Ekki klifra upp á neinn hluta vélarinnar þegar háþrýstidælan er notuð vegna þess að öll málmyfirborð verða mjög blaut og sleip og alltaf skal tryggja að slökkt hafi verið á dráttarvélinni og svisslykillinn hafi verið fjarlægður.

Við skoðun

- Ef svo ólíklega vildi til að framkvæma þurfi skoðun á vélinni innan „hættusvæðisins“ á meðan vélin er í gangi (**afar hættulegt og ekki ráðlagt!**), skal láta annan aðila sem hefur hlotið altæka þjálfun stjórna bæði dráttarvélinni og stýringum vélarinnar. Setja skal stöðuhemil dráttarvélarinnar á og rafræna stjórnstöðin á að vera í handvirkum ham. Vélin á að vera á jafnsléttu og allar hlífar lokaðar. Samskipti eru aðalmálið. Stjórnandinn á að gera skoðunaraðilanum viðvart áður en eiginleiki vélarinnar eru gerður virkur. Skoðunaraðilinn á að vera innan sjónsviðs stjórnandans út allan tímann og gera stjórnandanum viðvart um þær aðgerðir sem hann ætlar að gera. Ef samskipti við stjórnandann tapast, eða ef annar hvor aðilinn er í minna en 1,1 metra fjarlægð frá hlutum sem hreyfast eða geta hreyfst skal slökkva á öllum aflveitum dráttarvélarinnar samstundis.

Leiðbeiningar um öryggi barna á sveitabæjum

- Allir fullorðnir sem vinna eða dvelja á sveitabæjum eru lögum samkvæmt skyldugir til að gera allar raunhæfar ráðstafanir til að tryggja öryggi og heilsu barna og ungmenna á bænum.
- Fylgjast skal með börnum öllum stundum! Hafa skal í huga að sveitabæir eru ekki leikvöllur!
- Geymið landbúnaðarvélar þannig að þær séu öruggar og stöðugar. Leggið öll verkfæri eða ámoksturstæki niður að jörðu og setjið handbremsuna á.
- Ekki hleypa börnum inn á svæði þar sem hugsanlega hættu er að finna (þau geta komið sér inn á staði sem virðast óaðgengilegir). Ekki hleypa þeim út á vinnusvæðið þegar mikið er að gera á bænum. Verkamenn á bænum skulu ávallt látnir vita ef börn eru á svæðinu.
- Aldrei má skilja börn eftir ein í stýrishúsi dráttarvélar þar sem þau kunna að eiga við stjórnstækin og mörg börn hafa dáðið eftir að hafa dottið út um dyr og afturglugga dráttarvéla.
- Börn undir 16 ára aldri ættu aldrei að stjórna vinnuvélum. Fjarlægja skal lykla úr ökutækjum og skilja þau eftir í hlutlausum gír.
- Ekki leyfa börnum að nota neins konar heybagga til leikja. Það er mjög auðvelt að detta niður af heybaggastæðu, sem veldur alvarlegum meiðslum, eða detta á milli bagga, sem getur valdið köfnun. Gætið þess að öruggt sé að engin börn séu í felum undir heystæðum.

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og pökkunarvél

- Börn yngri en 16 ættu aldrei að meðhöndla íðefni. Geymið slík efni ávallt í þar til gerðum ílátum, á læstum stað og úr augsýn.
- Geymið eldspýtur á öruggum stað.

Hætta á eldingum

- Ef hætta er á að eldingum ljósti niður á svæðinu skal stöðva alla vinnu.
- Ef hætta er á eldingum þegar verið er að aka dráttarvélinni, skal aka út af veginum, á öruggan stað og stöðva dráttarvélina.
- Farið ekki úr stýrishúsi dráttarvélarinnar og byrjið ekki að vinna fyrir en eldingarhættan er liðin.

3.11 Meðhöndlun nærfilmubagga (Fusion 3 Plus eingöngu)

Að jafnaði eru baggar með heyi og súrheyi sem verið er að meðhöndla mjög þungir og því afar hættulegir.

Baggar úr nærfilmu og tættu heyi kunna að vera óstöðugri en baggar með neti og því skal sýna sérstaka aðgát við meðhöndlun þeirra við fóðrun. Hætta er á því að bagginnetti á hliðina eða á óvæntan hátt.

Til að koma í veg fyrir hluta þessara vandamála skal gera eftirfarandi:

1. Geyma baggana eins nálægt fóðrunarstaðnum og hægt er til að lágmarka flutning.
2. Forðist að gata, skera eða skipta filmunni fyrir en bagginnetti er kominn á réttan stað.
3. Þegar filman er fjarlægð skal gæta að því að hætta er á að bagginnetti á hliðina.

Stjórnandi þessarar vinnuvélar skal tryggja að bóndinn eða sá sem er ábyrgur fyrir meðhöndlun bagga/fóðrun á veturna sé meðvitaður um ofangreind atriði.



VIÐVÖRUN: Haldið fólki og dýrum fjarri þegar unnið er með bagga

Haldið fólki og dýrum fjarri svæðum undir og í kringum bagga sem verið er að meðhöndla eða lyfta.

4

Sérstakar öryggisviðvaranir

4.1 Rafrænar öryggisviðvaranir

- Þessi vél er búin rafeindahlutum og -íhlutum sem eru í samræmi við ákvæði tilskipunar 2014/30/EU um rafsegulsviðssamhæfi en geta þó orðið fyrir áhrifum af rafsegulsviði frá öðrum tækjum, s.s. málmsuðuvélum o.s.frv.
- Athugið reglulega hvort rafmagnsvírar og -kaplar hafi skemmst eða trosnað. Ef grunur er um slíkt skiptið þá alltaf um.
- Gerið aldrei breytingar á öryggisrásum (öryggisrásir sem ekki eru tengdar rétt skapa hættu).

4.2 Öryggisviðvaranir vökvakerfisins

- Hámarksþrýstingur í vökvakerfi þessarar vélar ætti aldrei að fara yfir 210 bör.
- Gangið alltaf úr skugga um að ekki sé þrýstingur á kerfinu áður en þið farið að vinna við vélina. Vökvakerfisolfa undir þrýstingi getur þrengt sér gegnum húðina og valdið meiðslum. Varist slöngur sem eru undir þrýstingi frá vökvageymum, léttið af þeim þrýstingnum með því að skrúfa tengingar ofurhægt í sundur.
- Skorða verður af búnað sem vökvakerfið stjórnar áður en byrjað er að vinna við vélina.
- Ef fjarlægja á eða endurnýja einhverjar slöngur skal tryggja að þær séu merktar og komið fyrir aftur í réttri stöðu þegar vélin er sett saman á ný.
- Athugið mánaðarlega hvort vökvaslöngur leki eða hafi trosnað. Notið kortbirta þegar verið er að leita að lekum. Smáar bunur vökvakerfisvökva geta komist inn í húð. Notið aldrei fingurna eða andlitið þegar leitað er að lekum. Ef grunur er um slíkt skiptið þá alltaf um. Ekki er mælt með því að vökvaslöngur séu notaðar lengur en í fimm ár. Notið aðeins ósvikna **McHale** varahluti skv. nákvæmri tæknilýsingu.
- Vinnið ekki við vökvakerfi án kunnáttu við slíka vinnu. Slíka vinnu ætti aðeins að vinna af faglærðum eða söluaðila **McHale**.

4.3 Hávaðamörk

- Í evrópskri tilskipun nr. 2003/10/EB er kveðið á um að atvinnurekendur og starfsfólk skuli leitast við að halda hávaða á vinnusvæði innan marka. Í túnvinnu getur hávaði verið mismunandi eftir gerðum dráttarvéla, landi, tegund uppskeru og öðrum aðstæðum í umhverfinu.

- Við eðlilegar aðstæður fer hávaðastig við eyra ökumanns við akstur ekki yfir 70 dB (A), þótt afturgluggi dráttarvélarinnar sé opinn. Sameiginlegur hávaði bindivélarinnar og dráttarvélarinnar ræðst fyrst og fremst af hávaðanum frá dráttarvélinni (útvarp er svo hávaðavaldur þar á ofan). Mælt er með því að hafa glugga dráttarvélarinnar lokaða þegar unnið er með vélina.


4.4 Eldvarnir

- Hafið í huga að hey brennur auðveldlega.
- Reykið ekki eða notið opinn eld í nágrenni vélarinnar.
- Virkt slökkvitæki ætti alltaf að vera tiltækt í dráttarvélinni.
- Alltaf skal hreinsa alla olíu, feiti, hey, garn, plast og allt annað eldfimt efni af vélinni.
- Haldið ekki áfram að vinna með vélinni þegar einhverjir hlutar hennar, kaplar eða slöngur, hafa ofhitnað fyrr en að búið er að greina og lagfæra ástæðu ofhitnunarinnar.
- Slökkva ætti á vélinni meðan eldsneyti er bætt á hana. Kenna þarf starfsfólki að nota rétt vinnubrögð þegar eldsneyti er bætt á vélina: Framkvæma reglubundið eftirlit á eldsneytisgeymi, dælu, slöngu og áfyllingarstút; ásamt því að fara eftir öryggisreglum, t.d. að forðast reykingar á svæðinu þar sem verið er að bæta á eldsneyti.


4.5 Sérstakur öryggisbúnaður/sérstakar öryggisleiðbeiningar

- Hlífarnar á þessari vél eru, samkvæmt öryggisreglugerðum, hannaðar þannig að ekki er hægt að opna þær nema með sérstöku verkfæri en einnig þannig að loka megi þeim án þess. Notið 13 mm fastan skrúflykil eða venjulegt skrúfjárn til þess að opna hlífarnar með því að snúa lásnum þeirra lítillega rangsælis. Lokið hlífunum með því ýta þeim upp að grind vélarinnar þar til lásarnir smella fastir. Það er bannað að nota vélina án hlífanna eða með þær opnar. Eiganda þessarar vélar ber skylda til, að lögum, að ganga úr skugga um að allar hlífur á vélinni séu þar sem þær eiga að vera og í fullkomnu lagi.
- Þegar nauðsynlegt er að vinna við viðhald eða viðgerðir inni í opnu baggahólfinu verður stöngin á lokanum fyrir baggahólfslokið að vera í læstri stöðu. Taka þarf baggahólfslokið úr læstri stöðu áður en hægt er að loka því á ný. (Sjá „Læsing baggahólfsloks“)
- Áður en skipt er um hnífa í söxunarbúnaðinum skal ganga úr skugga um að allir hnífarnir séu í efstu stöðu. Notið alltaf hlífðarhanska þegar unnið er við söxunarbúnaðinn.
- Alltaf skal gæta varúðar þegar netrúlla er mötuð eða unnið er með netbúnaðinn þar sem hnífur netbúnaðarins er mjög beittur!
- Varist að snerta hnífana sem skera plastfilmuna.

4.6 Staðsetning öryggislímmiða



Öryggislímmiðar framán á vélinni



Öryggislímmiðar aftan á vélinni

4.7 Útskýringar á öryggisviðvörðunum og -leiðbeiningum

Hættuleg svæði sem ekki er hægt að verja með neinum öryggisbúnaði eru merkt með gulum öryggislímmiðum. Þess vegna verður að ganga úr skugga um að allar öryggisviðvaranir og leiðbeiningar skiljist og að farið sé eftir þeim. Ef einhverjir öryggislímmiðar hafa skemmst eða týnst er hægt að fá þá hjá söluaðila **McHale**. Viðeigandi varahlutanúmer eru sýnd innan sviga.

Hér á eftir eru sýndir þeir öryggislímmiðar sem eru á vélinni og þýðing þeirra:

	<p>Frjálst afrennsli til geymis (CST00006)</p>
	<p>Hætta vegna hluta sem snúast, aðskotahluta. Verið fjarri vélinni þegar verið er að vinna. (CST00014)</p>
	<p>Haldið höndunum frá rúllum sem snúast (CST00017)</p>
	<p>Hætta á að hendur klemmist (CST00019)</p>
	<p>Skýringarmynd af leið plastfilmunnar gegnum mötunarkerflin (CST00022)</p>

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og pökkunarvél

 <p>CST00032</p>	<p>Krókfesting (CST00032)</p>
 <p>CST00038</p>	<p>Athugið hjólbarðaprýsting og felgurær daglega (CST00038)</p>
 <p>CST00060</p>	<p>Smyrjið daglega (CST00060)</p>
 <p>CST00107</p>	<p>Standið ekki á pallinum eða annars staðar á vélinni þegar hún er á ferð eða í gangi (CST00107)</p>
 <p>CST00108</p>	<p>Komið ekki nærri sópvindusvæðinu meðan hreyfill dráttarvélarinnar er í gangi og drifskafið er tengt dráttarvélinni (CST00108)</p>
 <p>CST00110</p>	<p>Notið ekki án þess að lesa leiðbeiningahandbók (CST00110)</p>
 <p>CST00111</p>	<p>Varist háprýstar vökvaslöngur, jafnvel þótt vélin sé ekki í gangi. Lesið einnig og skiljið leiðbeiningar handbókar áður en þið hefjið vinnu við einhvern hluta vökvakerfisins. (CST00111)</p>

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og pökkunarvél



Fjarlægið ekki hnífa skurðarbúnaðarins nema með viðeigandi verkfæri og hlífðarhönskum
(CST00112)



Drepið á dráttarvélinni og takið úr henni svisslykilinn. Lesið og skiljið leiðbeiningar handbókar áður en þið hefjið vinnu eða viðhald á vélinni.
(CST00113)



Lokið öryggishlífum áður en vélin er sett í gang
(CST00114)



Vökvasafngeymirinn er undir miklum þrýstingi. Léttið vökvaþrýstingnum smám saman af áður en viðhaldsvinna hefst.
(CST00115)



Varist snúning mötunarkefla, hringsins og keflanna í pökkunarpallinum
(CST00116)




Stöng til að losa hnífa:
Lárétt staða - læst
Lóðrétt staða - ólæst
(CST00118)



Haldið höndum frá svæðinu milli keflisins og grindarinnar
(CST00120)



Takið flæðileiðslu vélarinnar úr sambandi og slökkvið á stjórnstöðinni áður en vinnuvélinni er ekið út á veg. Lesið notendahandbók áður en lengra er haldið.
(CST00135)



Límmiði sem sýnir snúning mótunarkefla
(CST00137)



Endaveltubúnaður: Ekki til notkunar á vegum
(Eingöngu sett upp á endaveltubúnað)
(CST00138)



Standið ekki milli dráttarvélar og bindivélar meðan
dráttarvélin er í gangi
(CST00141)



Breytið aldrei neinum stillingum né teygið ykkur inn í
netbúnaðinn nema aflúrtakið sé aftengt, drepíð hafi
verið á dráttarvélinni og lykill tekinn úr svissinum. Við
mælum líka með því að spennan sé tekin af
nethnífnum þannig að hann fari ekki óvart af stað.
(CST00142)



Komið ekki nærri drifskaftinu meðan það snýst. Notið
aldrei vélna ef drifskaftshlíf er skemmd eða týnd. Að
flækjast í drifskafti sem snýst getur valdið alvarlegu
líkamstjóni eða dauða. Mikilvægt er að tryggja að
snúningshlífina á drifskaftinu geti snúist frjáls. Stöðvið
alltaf hreyfil dráttarvélarinnar og gangið úr skugga um
að drifskaftið sé hætt að snúast áður en þið tengið,
stillið eða hreinsið aflúrtaksdrifinn búnað.
(CST00143)

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél



Klemmihætta. Hlutir sem snúast, haldið höndunum frá. Fjarlægjið ekki hlífina meðan dráttarvélin er í gangi. (CST00144)



Takið aftraugina til stjórnstöðvarinnar úr sambandi og dregið á dráttarvélinni áður en farið er að vinna við rafkerfi vélarinnar eða rafsjóða í hana (CST00145)



Flutningskefli með frjálsum snúning. Stígið ekki á þetta kefli! (CST00161)



Flutningskefli með frjálsum snúning. Stígið ekki á þetta kefli! (CST00162)



Gætið þess að engin laus, þurr efni séu á svæðinu umhverfis hemlana (CST00163)



Standið fjarri búnaðinum (CST00244)

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og pökkunarvél




Þvoið ekki með þrýstingsbunu
(CST00248)



Hætta vegna rafmagns
(CST00249)



Flotmerki. Gefur til kynna að þegar sópvindan er í gangi, á stjórnstöng lokans sem stýrir sópvindunni að vera í flotstöðu þegar verið er að vinna með bindivélina.
(CST00609)



Aldrei má leggja meiri beygju en 80 gráður á drifskafskrossinn, hvort sem er í vinnslustöðu eða ekki.
Sé það gert getur varanlegt tjón hlotist af.
(CST00658)



Stefna dekkja
(CST00711)



Hætta á að hendur klemmist
(CST00753)



Hætta á að hendur klemmist
(CST00754)

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og pökkunarvél



Læsið baggahólfslökinu áður en byrjað er að vinna inni í opnu baggahólfi eða farið er upp á pallinn að framan til þess að bæta á eða stilla net- eða nærfilmubúnað (CST00756)



Stöðvunarrofi - styðjið á til að stöðva! Snúið réttsælis til að endurræsa. (CST00758)



Notið alltaf keðjuolíu með rétta eiginleika á sjálfvirka keðjusmurningarkerfið (CST00776)



Festistaðir (CST00901)



Tjakkstaðir (CST00923)




Hámarkshraði aflúttaks.
(CST00962) - hraði aflúrtaks/girkassa 540 sn./mín.
(CST00963) - hraði aflúrtaks/girkassa 1.000 sn./mín.




Losun bakþrýstings (CST00968)

4.8 Öryggislímmiði fyrir stjórnloka vökvakerfis


Á vinnuvélinni er að finna öryggislímmiða með leiðbeiningum fyrir neyðarloka vökvastjórnbúnaðarins. Við neyðartilvik verður hugsanlega að hreyfa vökvastjórnstangirnar handvirkt, háð neyðaraðstæðunum sem um ræðir. Ef miðinn skemmist eða er ekki til staðar er hægt að panta varamiða frá söluaðila **McHale** (sjá númer þjónustudeildar á báðum límmiðunum hér fyrir neðan).


	VARÚÐ: Notið aðeins við bilanagreiningu eða í neyðartilvikum!
	Að öllu jöfnu skal aldrei eiga við þessar stangir nema við bilanagreiningu og í neyðartilvikum.

Fusion 3 Pro

Stöng upp					
Skurð- og gripbúnaður – Opinn að hluta til (fjaðrar til baka)	Baggaveltuarmur - láta síga *	Mötunarkefli snúningur - aftur á bak *	Botn mötunarstokks – lækka	Baggahólf - loka	Stöng upp
					
Skurð- og gripbúnaður – Alveg opinn (fjaðrar til baka)	Baggaveltuarmur - lyfta *	Mötunarkefli snúningur - áfram (hefðbundið)	Botn mötunarstokks – lyfta	Baggahólf - opna og flytja bagga	Handfang niður
CST00245			Handfang niður		


Fusion 3 Plus

Stöng upp						
Skurð- og gripbúnaður – Opinn að hluta til (fjaðrar til baka)	Baggaveltuarmur - láta síga *	Mötunarkefli snúningur - aftur á bak *	Botn mötunarstokks – lækka	Stýrikefli nærfilmu - loka	Baggahólf – loka	Stöng upp
						
Skurð- og gripbúnaður – Alveg opinn (fjaðrar til baka)	Baggaveltuarmur - lyfta *	Mötunarkefli snúningur - áfram (hefðbundið)	Botn mötunarstokks – hækka	Stýrikefli nærfilmu - opna	Baggahólf - opna og flytja bagga	Handfang niður
CST00246			Handfang niður			



VARÚÐ: Baggaveltuarmurinn verður að vera uppi þegar þökkunarhringurinn er notaður*

Notið aldrei snúningsloka þökkunarhringsins þegar baggaveltuarmurinn er niðri! Á sama hátt skal aldrei setja baggaveltuarminn niður ef þökkunarhringurinn er ekki í heimastöðunni!





VIÐVÖRUN: Haldið ykkur frá „hættusvæðinu“

Sjáið til þess að allir haldi sig utan „hættusvæðisins“ meðan á öllum aðgerðum vélarinnar stendur! (Sjá „Hættusvæði“)

Við venjulega notkun má þökkunarhringurinn einungis snúast á sama tíma og baggaveltuarmurinn er í heimastöðunni. Á sama hátt má eingöngu lækka baggaveltuarminn á sama tíma og þökkunarhringurinn er í kyrrstöðu og í heimastöðunni. Af þessum sökum eru þessi 2 lokar ekki búnir hreyfistöngum þar sem hættu er á að mötunarkeflin rekist í baggaveltuarminn og valdi skemmdum á vinnuvélinni. Hins vegar er hægt að opna hvern loka fyrir sig með 8 mm stjörnuskrúflykli, að því gefnu að áður nefndum varúðarráðstöfunum sé fylgt.

4.9 Lýsing á plötu raðnúmers

 Ballinrobe, County Mayo, Ireland.		McHale Engineering			F	
					G	
A	Product				H	
B	Model				I	
C	Build year	A-0:			J	
D	Model year	A-1:			K	
E	Serial Number	A-2:			L	
 Website: www.mchale.net Email: sales@mchale.net Tel: +353(0)94-9520300		T-1	T-2	T-3		
		B-1	-	-	-	
		B-2	-	-	-	
		B-3	-	-	-	
		B-4	-	-	-	

Hér á eftir er að finna lýsingu á þeim atriðum sem koma fram á plötu raðnúmers:

- A. Vörulýsing
- B. Heiti/númer gerðar vélarinnar
- C. Framleiðsluár vélarinnar
- D. Árgerð vélarinnar
- E. Raðnúmer vélarinnar
- F. Nafn framleiðanda
- G. Ökutækjaflokkur
- H. Samþykktarnúmer tegundar vélarinnar
- I. Auðkennisnúmer ökutækis
- J. Tæknilega leyfileg hámarkshleðsla
- K. Lóðrétt hleðsla á tengistað
- L. Tæknilega leyfileg hámarkshleðsla fyrir hvern öxul

4.10 Leiðbeiningar um hvernig megi lyfta vélinni




VIÐVÖRUN: Að lyfta vélinni

- Notið eingöngu keðjur eða stroffur sem eru gefnar upp fyrir minnst tveggja tonna (2.000 kg) átak hver þegar lyftiaugun fjögur á burðarvirkinu, sem sýnd eru hér fyrir neðan, eru notuð.
- Kraninn eða lyftitækið verður að hafa lyftigetu upp á minnst sjö tonn (7.000 kg)
- Farið aldrei undir vél sem búið er að lyfta upp og reynið ekki að stöðva vélina ef hún hreyfist í aðra átt en ætlast var til, slíkt getur leitt til dauða eða alvarlegs líkamstjóns
- Hafið alltaf góðar gætur á fólki og hlutum sem eru nálægt vél sem búið er að lyfta upp og látið vélina ekki skella harkalega niður á jörð eftir að henni hefur verið lyft upp og hún færð til.



Krókfesting á hægri hlið




Útlit, séð að framan



Krókfesting á vinstri hlið



Krókfesting á vinstri hlið



Horft aftan frá



Krókfesting á hægri hlið

4.11 Leiðbeiningar um tjökkun

Tryggið að vélin sé á jafnsléttri, harðri grundu og fest við dráttarvél. Setjið stöðuhemil dráttarvélarinnar á, drepjið á dráttarvélinni og fjarlægjið lykilinn, aftengið vökvakerfi og aflúrtak. Notið hjólskorður á gagnstæða dekkið til að koma í veg fyrir óvænta hreyfingu. Notið hentugan búnað sem er reglulega viðhaldið til að lyfta vélinni. Farið aldrei undir vélina þegar búnað er að lyfta henni frá jörðu. Tjakkstaðirnir eru á afturhluta vélarinnar. Komið aðeins að vélinni með tjakkinum frá annarri hliðinni til að tryggja að nægilegt vinnurými sé fyrir hendi. Gætið þess að snerta ekki hreyfil pökkunarhrings þegar verið er að tjakka vélina. Tryggið að tjakkurinn sé tryggilega staðsettur á plötunni undir límmiða tjakkstaðarins áður en vélinni er lyft upp af jörðinni.



VIÐVÖRUN: Notið ekki eingöngu vökvatjakk!

Tryggið að stutt sé við vélina með öxulstoðum eða svipuðum búnaði sem hefur hentugt álagspól. Setjið aldrei undir vélina stoðir sem gætu brotnað eða kiknað undan langvarandi álagi.

5

Kröfur til dráttarvéla og undirbúningur

5.1 Kröfur til dráttarvéla

Lágmarksstærð dráttarvélar sem þarf til þess að auðveldlega megi nota hana fyrir vélina fer aðallega eftir því hvernig uppskeru verið er að vinna með og hversu smátt skal skera hana. Á sléttum velli mælir **McHale** með dráttarvél með u.þ.b. 85 kW afl. Í mishæðóttu landi og við erfiðar aðstæður er ráðlegt að hafa 10 til 15 kW til viðbótar upp á að hlaupa.

Best er að dráttarvélin sé með álagsskynjandi vökvakerfi, því vélin vinnur best með því kerfi. (Sjá „Uppsetning vélar og vökvakerfi dráttarvélarinnar“)



ATHUGIÐ: Notið gæðaolíu

Gangið úr skugga um að olían á dráttarvélinni sé hrein og nægilega góð, annaðhvort vökvakerfisólía eða alhliða olía, svo komist verði hjá því að vandamál skapist síðar. Einnig ætti að skipta reglulega um glussasíur á dráttarvélinni, í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda. Varist að óhreinindi komist inn í vökvatengi.

Eftirfarandi atriði þurfa að vera fyrir hendi á dráttarvélinni til að hægt sé að tengja vélina:

1. Lágthátt dráttarbeisli* sem hentar lóðréttu álagi sem nemur a.m.k. 1.800 kg og hefur D-gildi sem nemur í það minnsta 50 kN
2. ½ tommu einvirkt hraðkventengi, með „flotstöðu“, fyrir sópvinduna
3. ¾ tommu hraðkventengi fyrir vökvafláði upp á minnst 45 lítra á mínútu við þrýstinginn 180 bör
4. ¾ tommu hraðkarltengi fyrir afrennsli (verður að vera frjálst flæði til geymis)
5. ⅜ tommu hraðkventengi fyrir álagsskynjun (aðeins ef dráttarvélin er með álagsskynjandi vökvakerfi)
6. 12 V / sjö pinna innstunga fyrir lýsingu
7. 12 V, 20 ampera Euro-innstunga eða taug fyrir rafmagn frá rafgeymi
8. Tvö lofthemlatengi eða eitt vökvahemlatengi*
9. 1 ⅜ tommu, sex ríla drifskaft stillt á 540 sn./mín., (1.000 sn./mín. er valfrjálst). Fyrir Norður-Ameríku er 1 ⅜ tommu, 21 ríla drifskaft stillt á 1.000 sn./mín. valfrjálst.
10. Ein traust festing fyrir taugina í „neyðarhemil“ bindivélarinnar.

* eftir því í hvaða landi

5.2 Uppsetning stjórnstöðvar

Stjórnstöðina skal tengja við 12 volta, 20 ampera rafkerfi, annaðhvort með meðfylgjandi Euro-innstungu eða rafgeymissnúrunni. Stöðugt og gott rafmagn er þýðingarmikið fyrir

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél

góða vinnslu vélarinnar þar sem rafræna stjórnstöðin er helsti samskiptamáti vélarstjórnandans við vélin.




VARÚÐ: Raftaug

Notið ekki aðrar taugar til þess að leggja rafmagn til stjórnstöðvarinnar, það getur valdið tjóni.

5.3 Að festa dráttarveislið

Festa á dráttarveislið þannig að vinnuvélin sitji lárétt, eftir jörðu. (Sjá „Stilling dráttarveislis“).



Vélararnar eru miðaðar við að tengjast á dráttarveisli dráttarvélar. Tengjið drifskafið við aflúrtakið eftir að bindivélin hefur verið fest aftan í dráttarvélin. Í sumum löndum er einnig krafa um að öryggiskeðja sé notuð. Takið aftan úr í öfugri röð miðað við það þegar sett er aftan í.



VARÚÐ: Dráttarveisli og tengibúnaður verða að vera samhæf

Tryggið að dráttarveisli dráttarvélarinnar sé samhæft til notkunar með tengibúnaði vélarinnar. Ef vafamál koma upp skal hafa samband við söluaðila **McHale**.

5.4 Komið í veg fyrir óheimilaða notkun

Til að koma í veg fyrir óheimilaða notkun mælir **McHale** með að notaður sé hengilásinn og lásbúnaðurinn sem fylgir. Báðir hlutir eru geymdir í verkfærakassa vélarinnar og ætti að koma fyrir á tengi dráttarbeislis þegar vélin er ekki í notkun.

Tengi með götum (Snúningstengi, augu dráttarbeislis eða tengihringir)

- Setjið stálplötuna/-plöturnar í gegnum dráttaraugað ofan frá, og neðan frá ef til staðar
- Festu hengilásinn undir í gegnum annaðhvort gatið á búnaðinum.
- Vélin ætti að vera örugg þegar hengilásinn er læstur.



Önnur tengi

- Renndu plötu ventilsplittis fyrir miðju ofan á tenginu
- Festu hina plötuna og snúðu upp á við þar til götin eru samstillt
- Festu hengilásinn í gegnum gatið á búnaðinum, eins og sýnt er
- Vélin ætti að vera örugg þegar hengilásinn er læstur.




5.5 Að festa „neyðarhemil“

Á vélinni er handbremsa sem verður að setja á þegar vélin er aftengd frá dráttarvélinni. Á handfangi handbremsunnar er stillanlegur hringur sem í er fest taug sem verður að festa tryggilega við dráttarvélinu í hvert skipti sem vélin er tengd við dráttarvélinu. Ef tengibúnaður vélarinnar losnar af dráttarvélinni tekur þessi taug í handhemilinn og stöðvar.



VARÚÐ: Gangið úr skugga um að handhemill sé ekki á þegar ekið er af stað

Gangið alltaf úr skugga um að búið sé að losa handbremsuna áður en ekið er af stað með vélina á vegi eða unnið með hana á túni.



Neyðartaug sem fest er í dráttarvélinu



Handfang handbremsu

5.6 Að festa drifskaft

Allar vélrænar aðgerðir miðast við réttan snúningshraða á aflúrtaki.



VIÐVÖRUN: Gangið úr skugga um að hlíf aflúttaksins sé í góðu ástandi

Notið aldrei vélina ef drifskaftshlíf er skemmd eða týnd. Að flækjast í drifskafti sem snýst getur valdið alvarlegu líkamstjóni eða dauða. Stöðvið ávallt hreyfil dráttarvélarinnar og gangið úr skugga um að drifskaftið sé hætt að snúast áður en aflúrtaksdrifinn búnaður er tengdur, stilltur eða hreinsaður.

Farið eftir leiðbeiningunum sem fylgja aflúrtakinu þegar það er stillt af við dráttarvélinu. (Sjá „Stilling og viðhald drifskafts“). Tryggið að drifskaftshlífin geti ekki snúist, með því að festa öryggiskeðjuna við dráttarvélinu. (ef til staðar)



VARÚÐ: Notið réttan hraða aflúrtaks miðað við flokkun gírkassans

Athugið flokkun gírkassa vélarinnar! Gírkassi vélarinnar er annaðhvort merktur fyrir aflúrtak sem snýst á 540 sn./mín. (hefðbundið) eða á 1.000 sn./mín. (valfrjálst). Gírkassinn sem merktur er fyrir 540 sn./mín. á að vera drifinn af aflúrtaki sem snýst á 540 sn./mín., á 610 sn./mín. í mesta lagi. Gírkassinn sem merktur er fyrir 1.000 sn./mín. á að vera drifinn af aflúrtaki sem snýst á 900 sn./mín., á 1.000 sn./mín. í mesta lagi. Íhlutir vélarinnar geta skemmst ef farið er umfram hraða aflúrtaks/gírkassa.



Stilling gírkassa sem merktur er fyrir 540 sn./mín.



Stilling gírkassa sem merktur er fyrir 1000 sn./mín.

5.7 Uppsetning vélar og vökvakerfi dráttarvélarinnar



VARÚÐ: Uppsetning vökvakerfis

Mjög mikilvægt er að ljóst sé af hvaða gerð vökvakerfi dráttarvélarinnar er þar sem röng uppsetning getur valdið alvarlegu tjóni á vökvakerfi dráttarvélarinnar eða að minnsta kosti óhóflegri hitnun glussa.

Þrenns konar vökvakerfi er að finna í dráttarvélum og þau eru eftirfarandi:

- 1. Opið kerfi:** Þetta er algengasta kerfið á minni dráttarvélum (minni en 60 kW) og einnig á sumum eldri gerðum stærri dráttarvéla. Í þessu kerfi streymir glussinn í gegnum stjórnlokann þegar vélin er í lausagangi. Dráttarvélin er búin einstefnudælu með hámarksflæði upp á 60 l/mín., að öllu jöfnu ekki stillanlegt.
- 2. Lokað kerfi:** Þótt þetta kerfi sé ekki sérlega algengt í nýjum dráttarvélum er það enn til í eldri gerðum John Deere (eldri en 00- og 10-línurnar) og líka í nokkrum öðrum tegundum og sérstökum gerðum. Í þessu kerfi streymir glussi ekki í gegnum stjórnlokann þegar vélin er í lausagangi en hámarksolíuþrýstingi er viðhaldið fæðileiðslunni. Dráttarvélin er búin einstefnudælu og flæðið er að öllu jöfnu ekki stillanlegt.
- 3. Álagsskynjun með „Power Beyond“:** Þetta er það kerfi sem hentar langbest. Það er til staðar í flestum nýrri dráttarvélum, en þó ekki öllum. Í þessu kerfi streymir glussi ekki í gegnum stjórnlokann þegar vélin er í lausagangi en lágum olíuþrýstingi er viðhaldið fæðileiðslunni (u.þ.b. 21 bar). Dráttarvélin er búin einstefnudælu þar sem hægt er að stilla glussaflæði í hverjum aukaloka fyrir sig.

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og pökkunarvél

Besta uppsetningin er dráttarvél með „Power Beyond“-tengi þar sem glussa er dælt beint úr dælunni, framhjá aukalokum dráttarvélarinnar, í $\frac{3}{4}$ tommu innstungu með hraðtengi sem vinnuvélina er tengd við.


Þá er líka fyrir hendi þriðja tenging við dráttarvélina, svokölluð frumskynjunarleiðsla, og sú slanga stjórnar því að dráttarvélina skili réttu vökvafæði fyrir hverja aðgerð bindivélarinnar.

Þetta er þróaðasta og skilvirkasta vökvakerfið sem í boði þar sem stjórnloki vinnuvélarinnar getur stýrt magni og þrýstingi þess glussa sem þarf fyrir hverja aðgerð sem hann stjórnar og aðeins því magni er dælt. Þetta sparar allt að 20 kW í aflúttaki dráttarvélarinnar.

Einnig er mögulegt að knýja vinnuvélina með vökvakerfi með álagsskynjun í gegnum aukakefli dráttarvélarinnar, þ.e. með stöðugu glussastreymi (stjórnlokin er stilltur á opið kerfi og streymi frá dráttarvélinni er stillt á 45 l/mín.). **McHale** mælir gegn því að vinnuvélina sé notuð með þessari stillingu þar sem stjórnun glussastreymis er mjög mismunandi á milli dráttarvéla, auk þess sem það veldur 20 kW aflmínkun í aflúttaki með meðfylgjandi hitnun glussa.

Þegar ljóst er af hvaða gerð vökvakerfi dráttarvélarinnar er skal nota yfirlitið í næstu kafla til þess að velja bestu uppsetningu vinnuvélarinnar.



5.8 Hvaða vökvakerfi er notað?



5.9 Grunnstilling vökvaloka

Verklag við að velja grunnstillingu vökvaloka fyrir opna/lokaða dælumiðstöð:

1. Losið upp á læsiró (A) með 17 mm föstum skrúflykli, eins og sýnt er hér á eftir
2. Notið 4 mm sexkant til þess að herða eða losa boltann (B) samkvæmt eftirfarandi viðmiðunum:
 - (a) Opin dælumiðstöð (sjálfgefin verksmiðjustilling): Herðið til fulls (ekki ofherða) Hersluátak = 6,0 Nm
 - (b) Lokuð dælumiðstöð/álagsskynjun: Losið upp um fimm heila hringi frá fullhertu
3. Herðið 17 mm læsiróna upp aftur. Hersluátak = 20 Nm



5.10 Að tengja búnað við dráttarvélina



VIÐVÖRUN: Drepið á dráttarvélinni og takið svisslykillinn úr áður en vökvaslöngur eru tengdar

Tengið ekki vökvaslöngur við dráttarvélina án þess að tryggð sé að drepið hafi verið á dráttarvélinni og svisslykillinn tekinn úr. Gangið úr skugga um að öll vökvatengi séu fullhert.

Eftirfarandi tengingar þurfa að vera fyrir hendi á dráttarvélinni til að hægt sé að tengja búnað aftan í hana:

1. $\frac{3}{4}$ tommu hraðkventengi fyrir afrennslisslöngu. Afrennslisslangan verður að hafa frjálst flæði til baka í geyminn. (Sé ekkert $\frac{3}{4}$ tommu tengi á dráttarvélinni fylgir sérstakt $\frac{1}{2}$ tommu hraðkartengi með vélinni sem á að nota í staðinn fyrir $\frac{3}{4}$ tommu tengið sem er fyrir á vélinni)
2. $\frac{3}{4}$ tommu kló með flýtilosun fyrir aðveituleiðslu. (Sé ekkert $\frac{3}{4}$ tommu tengi á dráttarvélinni fylgir sérstakt $\frac{1}{2}$ tommu hraðkartengi með vélinni sem á að nota í staðinn fyrir $\frac{3}{4}$ tommu tengið sem er fyrir á vélinni)
3. $\frac{3}{8}$ tommu hraðkartengi fyrir álagsskynjun (ef dráttarvélina er með álagsskynjara)
4. $\frac{1}{2}$ tommu hraðkartengi fyrir sópvinduna (með krana sem hægt er að skrúfa fyrir)
5. Tvö lofthemlatengi eða eitt vökvahemlatengi*
6. 12 V / sjö pinna innstunga fyrir lýsingu
7. 12 V, 20 ampera Euro-innstunga (á myndinni sést rafvírabarkinn til stjórnstöðvar)
8. Neyðartaug fest traustlega í dráttarvélina

* eftir því í hvaða landi


McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél

Sjá mynd hér á eftir af mögulegu fyrirkomulagi leiðslna. Gangið úr skugga um að vélarstjórnandi kunnri skil á öllum tengingum og festingum við dráttarvélin.



Mögulegt fyrirkomulag á vökvaslöngum og rafmagnsbörkum

Olíuþrýstingur safnaðist upp í bakflæðisleiðslu (1) getur stundum valdið tengingarerfiðleikum við dráttarvélin. Ef þetta gerist skal ýta á þrýstingslosunarhnappinn (A) sem er undir slöngubakka bindivélarinnar. Þetta losar um umframþrýsting á olíu og gerir það að verkum að hægt er að tengja bakflæðisleiðsluna við dráttarvélin hindrunarlaust.



Þrýstingslosunarhnappur

5.11 Að tengja stjórnstöðina

Rafræna stjórnstöðin verður að vera inni í stýrishúsi dráttarvélarinnar og sjónsviði ökumannsins og þannig að auðvelt sé að ná til rauða neyðarstöðvunarhnappsins. (Sjá „Rafrænt stjórnkerfi“). Festið stjórnneininguna á stýrishús dráttarvélarinnar með meðfylgjandi festingum. Karlengið er fest á stjórnstöðina og kventengið er fest á stýrishús dráttarvélarinnar. Þetta býður upp á skjóta festingu/skipti við hverja notkun. Tryggið að snúran sem liggur til vélarinnar sé ekki rafspennt og fjarri skörpum brúnum o.s.frv. Stjórnstöðina á að tengja við 12V, 20A rafkerfi með meðfylgjandi leiðslu fyrir Evrópu eða rafmagnssnúru rafgeymisins. Stjórnstöðin er ekki vatnsheld, hana verður að verja fyrir úrkomu.



VARÚÐ: Tengjið stjórnstöðina ekki við 24 V rafkerfi

Reynið ekki að tengja stjórnstöðina við rafkerfi sem hefur meiri spennu en 12V þar sem það getur valdið tjóni á íhlutum vélarinnar.

5.12 Ljósabúnaður

Sjö pinna tengill ljósabúnaðarins á bindivélinni verður að tengjast í sjö pinna innstungu dráttarvélarinnar.



ATHUGIÐ: Yfirfarið ljósabúnaðinn áður en farið er út á þjóðveg

Ökumaður verður að ganga úr skugga um að allur ljósabúnaður (dráttarvélar og bindivélar) sé í fullkomnu lagi áður en hann fer út á þjóðveg.

6

Almennar kröfur til vélarinnar og undirbúningur



ATHUGIÐ: Bindiefni baggahólfs fara eftir gerðum

Fusion 3 Pro notar net en **Fusion 3 Plus** getur annaðhvort notað net eða nærfilmu til að pakka bagganum inn í baggahólfinu áður en hann er fluttur í pökkunarbúnaðinn. Orðið „netpökkun“ er notað í tengslum við pökkun baggans í net eða nærfilmu.

6.1 Kröfur um netpökkun

Til að tryggja góða lögun og rétta þéttni bagga frá vinnuvélinni skal nota gæðanet eða nærfilmu sem samsvarar forskrift eins mikið og hægt er. Það skiptir mjög miklu máli að netið/nærfilman sé notað og geymt samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda þess.



ATHUGIÐ: Minnsta notkun nets/nærfilmu sem mælt er með

Ekki er mælt með að hafa minna en tvöfalt lag af neti eða þrjú og hálf lag af nærfilmu þegar vothey er bundið í rúllur. Í þurrhey/hálm er mælt með að nota aðeins net og auka magnið í fjórfalt lag eða meira. Almenna reglan er að nota það magn nets sem þarf til að rúllan haldi lögun og stærð. Ekki er mælt með að rúllur séu hafðar stærri en 1,3 m í þvermál.

McHale mælir með að notuð sé netrúlla sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:

- Efni: Gæðamikið og eðlisþungt pólýetýlen
- Eðlisþyngd: Að lágmarki 10 g (\pm 10%) hver lengdarmetri
- Teyging: 15% (\pm 3%)
- Styrkur (í vafningsáttina) 900 N / 500 mm
- Breidd á rúllu (besta): 1.230 mm (mest 1.260 mm)
- Mesta þyngd rúllu er 40 kg

McHale mælir með að notuð sé nærfilmurúlla sem uppfyllir eftirfarandi kröfur (**Fusion 3 Plus**):

- Breidd á rúllu: Enn er verið að þróa þessar filmur, en sem stendur getum við aðeins mælt með að nota filmubreidd á bilinu 1.350 til 1.450 mm.
- Þykkt filmu: Minnst 16 – 20 μ m
- Strekking filmu: 5 – 35%
- Mesta þyngd rúllu er 40 kg



UMHVERFISMÁL: Hættuleg áhrif á heilsu af völdum brennandi plasts

Það er gríðarlega mikilvægt að fylgja öllum heilbrigðis- og öryggisreglum til þess að komast hjá því að valda óþarfa umhverfisspjöllum eða hættu fyrir þá sem staddir eru nálægt vélinni. Þetta á einkum við um förgun plasts á ábyrgan hátt. Fleygið aldrei eða brennið afgangsneti eða -plasti. Brennandi plast er eitrað þar sem það gefur frá sér díoxín og fúrön. Innöndun díoxína eða váhrif af gufum frá þeim geta leitt til dauða. Virðið umhverfið! Flytjið úrgang alltaf í endurvinnslustöð.

6.2 Umhirða netsins/nærfilmunnar

Verja skal netrúllur og nærfilmurúllur fyrir áföllum og raka. Takið ekki hlífðarlagið utan af fyrr en nota á rúllurnar. Skemmdir á neti/nærfilmu geta valdið óæskilegum truflunum í netbúnaðinum og dregið úr veðrunarþoli rúllubagganna.

6.3 Umhirða netþökkunarkerfis

Gangið úr skugga um, áður en vinna með vélinni hefst, að farið sé eftir eftirfarandi verklagi, sem tryggir að netbúnaðurinn virki sem best:

- Hreinsið gúmmí- og málmmtarakeflin og lítið eftir því hvort einhvers staðar sé klístur
- Þegar búið er að hreinsa keflin, sjáið þá til þess að gúmmímtarakeflið sé þúðrað með talkúmi



ATHUGIÐ: Leysiefni til hreinsunar

Notið aldrei hreinsiefni eins og bensín, bensen, terpentínu eða svipuð leysihreinsiefni til að þrifa gúmmímtarakeflið, það getur valdið tjóni!

McHale mælir með að annaðhvort af eftirfarandi sé notað:

- Klútur vættur í uppvottalegi
- Sápuvatn

6.4 Stilling fyrir lengd nets

Í sjálfvirkum ferli byrjar netbúnaðurinn að mata neti/nærfilmu í baggahólfið um leið og bagginn nær tiltekinni þéttni. Síðan er tilskilinni lengd af neti/nærfilmu vafið utan um baggann og svo skorið á. Mælt er með því að minnst tvöfalt (2) lag af neti eða þrjú og hálf (3,5) lag af nærfilmu fari utan um baggann. Þegar hey er þurrt og þéttleiki bagganna mjög mikill þarf fjöldi laga að vera allt að tvöfalt meiri til að tryggja að bagginn haldi vel lögun sinni.



ATHUGIÐ: Meira net þarf fyrir hálm eða hey sem hefur hátt prósentuhlutfall þurrefnis


Þegar stjórnstöðin er stillt á bagga eingöngu („bale only“), fyrir hey eða hálm sem er mjög þurrt, verður að nota meira net. Þegar hey er þurrt og þéttleiki bagganna mjög mikill þarf fjöldi laga að vera allt að tvöfalt meiri til að tryggja að baggin haldi vel lögun sinni.



VARÚÐ: Hafið öryggið í fyrirrúmi!

Gangið úr skugga um að aflúrtak sé ekki tengt, drepjið hafi verið á dráttarvélinni og lykillinn tekinn úr svissinum og bindivélinni lagt örugglega með hjólskorðurnar fyrir, þ.e. hún geti ekki runnið. Varist beittar hnífseggjar!


Tryggið að hnífurinn sé í endurstillingastöðu (F) áður en þræðing netsins/nærfilmunnar fer fram. Hægt er að færa hnífinn handvirkt (C) eða endurstilla (F) hann eins og kemur fram hér á eftir. (Sjá eftirfarandi myndir):



Hnífur niðri

Til að færa hnífinn:

Stígið upp á baggapallinn. Dragjið hnífsbakkann gætilega upp á við og losið um blaðkrókinn með því að ýta honum af stillistönginni. Haldið bakkanum uppi á meðan. Leyfið hnífnum að fara aftur í skurðarstöðu (C) með því að láta hnífsbakkann síga gætilega.



Hnífur endurstilltur (ekki í skurðarstöðu)

Til að endurstilla hnífinn:

Þegar hnífurinn er í skurðarstöðu (C) skal setja blaðkrókinn aftur í stöðu sína ofan á stillistönginni með því að draga hnífsbakkann upp á við. Gangið úr skugga um að blaðkrókurinn hvíli á stillistönginni, í endurstillingarstöðu hnífsins. (F)



Hnífsbakki



ATHUGIÐ: Gangið úr skugga um að blaðkrókurinn hvíli á stillistönginni

Gangið alltaf úr skugga um að blaðkrókurinn hvíli á stillistönginni, í endurstillingarstöðu hnífsins áður en net/nærfilma er þrædd.

Sjálfvirk endurstilling hnífa

Valfrjáls endurstillingareiginleiki vökvaknúins hnífs gerir notandanum kleift að endurstilla netskurðarhníf úr stýrishúsinu. Til að endurstilla netskurðarhníf skal snúa stjórnstöðinni í handvirka stillingu og nota eiginleikann „loka baggahólfi“.

6.5 Að fylla á og nota netbúnaðinn



Á vélinni er búnaður sem fylgist með því hvernig netið/nærfilman rennur í gegnum netbúnaðinn; ef villa kemur upp heyrst hljóðmerki, tákn um netvillu birtist á skjá stjórnstöðvar og verkferillinn stöðvast. (Sjá „Stilling fyrir lengd nets“)



Læsið baggahólfslokina alltaf uppi áður en þið byrjið að vinna við opið baggahólf eða stígið upp á pallinn að framan.



VARÚÐ: Mælt er með því að tveir aðilar lyfti þungum netrúllum saman

Gætið ykkar á því að netrúllur og nærfilmurúllur eru þungar. Mælt er með því að tveir lyfti óáteknum netrúllum/nærfilmurúllum saman.



VARÚÐ: Notið hlífðarhanska

Notið hlífðarhanska við alla vinnu sem vinna þarf með höndum á þessum stöðum! Varist beittar hnífseggjar.




VIÐVÖRUN: Hafið ávallt öryggi í fyrirrúmi!

Gangið úr skugga um að aflúrtak sé ekki tengt, drepíð hafi verið á dráttarvélinni og svisslykillinn tekinn úr.

6.5.1 Mötunarbúnaður nets/nærfilmu (valfrjáls)

Hleðslubúnaðurinn aðstoðar við að lyfta þungum rúllum upp á pallinn. Ef hleðslubúnaður er til staðar er aðeins hægt að komast upp á pallinn frá vinstri. Búnaðinn er einnig hægt að nota sem handrið þegar hann er festur í geymslustöðu. Enginn má vera á pallinum þegar rúllulyftibúnaðurinn er ekki fastur í geymslustöðu.

Áður en hafist er handa skal tryggja að vélinni sé lagt á jafnsléttu, að drepíð hafi verið á vélinni og að stöðuhemillinn sé á.



1. Til að láta hleðsluarminn síga úr geymslustöðu skal draga bulluna inn og láta arminn síga hægt. Þegar hleðsluarmurinn er í láréttri stöðu læsist hann. Nauðsynlegt er að draga bulluna aftur inn til að láta arminn síga til fulls.



2. Látið rúlluna á hleðsluarminn eins og sýnt er og lyftið honum hægt upp í lárétta stöðu. Tryggið að rúllan renni ekki af hleðsluarminum á meðan honum er lyft.



3. Hleðsluarmurinn festist í láréttri stöðu til að hægt sé að flytja rúlluna á pallinn. Hleðsluarmurinn er búinn innbyggðum keflum til að hægt sé að færa jafnvel þungustu rúllurnar á auðveldan hátt.



4. Þegar búið er að færa rúlluna er hægt að setja hleðsluarminn í lóðréttu geymslustöðu með því að draga bulluna inn og lyfta arminum þar til hann festist örugglega.



VARÚÐ: Mælt er með því að tveir aðilar lyfti þungum netrúllum saman

Gætið ykkar á því að netrúllur eru þungar. Mælt er með því að tveir lyfti óátaknum netrúllum saman.

6.5.2 Að setja netrúllu í (Fusion 3 Pro)

Eftirfarandi verklag skal nota þegar skipt er um netrúllu eða sú fyrsta sett í:




1. Gangið úr skugga um að aflúrtak sé ekki tengt, drepjið hafi verið á dráttarvélinni og svisslykillinn tekinn úr.

Rennið nýrri netrúllu inn í nethólfíð á pallinum.

Fjarlægjið allar umbúðir og tóma pappahólkinn sem var innan í tómu rúllunni og fargið á viðeigandi hátt.


ATHUGIÐ: Ganga þarf úr skugga um að rúllan snúi rétt.

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél




2. Lyftið nethemilsstönginni (A) upp og festið hana með læsingunni (B) eins og sýnt er.

Setjið nýju netrúlluna í nethólfið.



3. Stillið festingu netrúllunnar á hvorum enda til að tryggja að netrúllan liggji í miðju nethólfinu.

5-10 mm fjarlægð ætti að vera á milli festinga rúllunnar. Einnig verður að taka tillit til rúllumiðjunnar ef hún skagar út, annars verður hún til ama og rúllan klárast.




4. Tryggið að nethnífurinn sé í endurstillingastöðu áður en netið er þrætt.

Þegar hnífurinn er í skurðarstöðu skal setja blaðkrókurinn aftur í stöðu sína ofan á stillistönginni með því að draga hnífsbakkann upp á við. Gangið úr skugga um að blaðkrókurinn hvíli á stillistönginni, í endurstillingarstöðu hnífsins. (F)



5. Þræðið netið eins og sýnt er. Þræða skal netið í gegnum spennukeflin og yfir svarta gúmmídrifkeflið.

Dragið um það bil 0,3 m af lausu neti af rúllunni. Rúllið lausa netinu upp og leggið það yfir keflin frá vinstri til hægri eða öfugt og stingið því svo á milli gúmmímatarakeflisins og málm-matarakeflisins.



6. Rúllið mótunarkeflinu fram á við svo netið berist inn í netbúnaðinn. Lausi endinn á netinu má ekki ná meira en 10 cm inn í baggahólfið því annars getur hann flækst í bagganum, þegar baggin snýst, og dregist inn í hólfið.

Að lokum skal láta hemilsstöngina (A) síga niður á netrúlluna með því að losa læsinguna (B).

Nú er netrúllan tilbúin fyrir böggun.

Þegar búið er að skipta um rúllu eru dráttarvélir og rafræn stjórnstöð settar í gang aftur og aflúttakið er tengt. Þegar ýtt er á nethnappinn skilar netmatarinn netinu inn í baggahólfið, netpökkun hefst og hnífurinn fer af stað. Stjórnandinn skal athuga að netpökkun ljúki sem skyldi og getur því næst haldið áfram að vinna sem venjulega.

6.5.3 Að setja net-/nærfilmurúllu í (Fusion 3 Plus)

Eftirfarandi verklag skal nota þegar skipt er um netrúllu eða sú fyrsta sett í:

Að ganga frá nýrri netrúllu er eins og að ganga frá nærfilmurúllu nema að þræða þarf netið eftir leiðinni sem sýnd er á límmiðanum við nr. 6, undir netstrekkiarann og forðast "safnarann" efst.



1. Rennið nýrri netrúllu/nærfilmu inn í nethólfið á pallinum.


ATHUGIÐ: Gangu þarf úr skugga um að rúllan snúi rétt.

Tilteknar vinnuvélar eru hugsanlega búnar auka netrúllu (aukabúnaður) í mótunarstöðunni á bak við staðsetninguna sem sýnd er. Þannig er hægt að skipta hratt á milli notkunar á neti og nærfilmu, allt eftir því sem óskað er.

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél




2. Lyftið nethemilsstönginni upp þannig að netrúllan/nærfilmurúllan renni inn í nethólfið.




3. Færið rúllustöðvarana báðum megin til þannig að rúllan sé í miðju hólfinu og geti ekki hreyfst meira en 5-10 mm á milli stöðvaranna.

Einnig verður að taka tillit til rúllumiðjunnar ef hún skagar út, annars verður hún til ama og rúllan klárast.



Læsið þeim í þeirri stöðu með vængjaskrúfunni sem sést á myndinni.



4. Þar sem mestur hluti þunga rúllunnar hvílir á keflinu í hólfinu ætti að vera hægt að draga metra af neti/nærfilmu út af rúllunni til þess að ganga úr skugga um að hún snúi rétt og hreyfist óhindrað.


Þræðið netið/nærfilmuna undir gúmmístrekkikeflið og síðan yfir fasta rörið, eins og sýnt er á myndinni.




5. Ýtið rúllunni alveg inn í hólfíð og haldið um leið í endann á netinu/ nærfilmunni til að þess að tryggja að hann flækist ekki í neinu eða vefjist utan um rúlluna.

Látið strekkjarann síga niður á rúlluna til að tryggja að hún haldist í þeim skorðum sem hún var komin í.

Dragið nægilega langan enda af neti/ nærfilmu í gegn og sjáið til þess að hann festist hvergi í og sé óskemmdur.




6. Skerið eða klippið netendann/ nærfilmuendann snyrtilega. Engar slitur af neti/nærfilmu má skilja eftir þar sem endinn er skorinn.



Nærfilman er þrædd öðruvísi en netið, að því leyti að nærfilman er látin koma upp og yfir álkeflin.

Netið fer undir strekkjarann og síðan beint inn í mötunarkeflin.



7. Þræðið nærfilmuna yfir álkeflin og milli stýrikeflanna, eins og sýnt er, og skiljið skorna endann eftir liggjandi ofan á mötunarkeflinu.

Netið fer hins vegar hvorki yfir álkeflin né á milli stýrikeflanna, en í stað þess undir strekkjarann og beint inn í mötunarkeflin.



McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og pökkunarvél



8. Snúið mótunarkeflinu með höndunum þannig að það nái að grípa endann á netinu/nærfilmunni.

Dragið ekki meira af neti/nærfilmu út en svo að í mesta lagi 100 mm endi sjáist undir hnífnum, eins og sýnt er.



9. Ef of mikið af neti/nærfilmu er komið inn eða ef netið/nærfilman hefur vafist utan um annaðhvort mótunarkeflið má taka hemilinn sem er á enda gúmmíkeflisins af þannig að hægt sé að draga umframmagn af neti/nærfilmu til baka eða vefja ofan af keflinu. Munið að setja hemilinn aftur á áður en byrjað er að vinna á ný, því annars dregst netið/nærfilman út úr mótunarbúnaðinum.

Takið allan slaka af netinu/nærfilmunni með því að vefja honum upp á rúlluna aftur og teygjið jafnvel aðeins á filmunni til að hindra að hún flækist í einhverjum öðrum vélarhlutum.

Þræðingu netsins/nærfilmunnar er nú lokið.




Þegar búið er að skipta um rúllu eru dráttarvélin og rafræn stjórnstöð settar í gang aftur og aflúttakið er tengt. Þegar ýtt er á nethnappinn skilar netmatarinn netinu inn í baggahólfið, netpökkun hefst og hnífurinn fer af stað. Stjórnandinn skal tryggja að netpökkun ljúki sem skyldi og halda áfram að vinna sem venjulega.

6.5.4 Mötunarstaða netrúllu (Fusion 3 Plus eingöngu)

Tilteknaðar vinnuvélar eru búnar auka netrúllu (aukabúnaður) í mótunarstöðu þannig að hægt sé að mata netið beint úr aftari geymslustöðu án þess að þurfa að færa þungar rúllur handvirkt, frá einni stöðu til annarrar. Þetta auðveldar til muna að skipta reglulega frá neti yfir í nærfilmu og öfugt. Þræða má annarri hvorri rúllunni í gegnum keflin, frá stöðunni sem þær eru í, eins og sést á myndunum hér á eftir.

Þegar netið er matað úr aftari geymslustöðunni er nærfilman fyrst dregin úr netbúnaðinum og plastendanum er vafið aftur um nærfilmurúlluna. Netinu er síðan þrætt í gegnum netbúnaðinn og handfangið (L) við hlið strekkingardælu er togað upp. Við mötun á netinu eða nærfilmunni frá venjulegri stöðu að framan verður handfang (L) að vera niðri. Hægt er að koma slíkum búnaði fyrir eftir á í eldri vinnuvélum frá raðnúmeri 664027 með því að nota varahlutanúmer ANT00198.



6.6 Að fjarlægja og skipta um hnífa í söxunarbúnaðinum



VARÚÐ: Tryggið að hnífarnir séu settir upp á réttan hátt

Rangur frágangur hnífa getur valdið óbætanlegum skaða, bæði á hnífum og vökvadrifi þeirra, sem leiðir af sér alvarlegt tjón inni í vélinni!




VARÚÐ: Notið hlífðarhanska

Notið hlífðarhanska við alla vinnu sem vinna þarf með höndum á þessum stöðum! Fjöldi uppsettra hnífa ræður skurðarlengd uppskeru.


Hnífa skal setja í eða fjarlægja á eftirfarandi hátt:

1. Tryggið að hnífarnir snúi upp/séu í virkri stöðu áður en hafist er handa.
2. Látið skurðarbúnaðinn síga hálf leið niður. Opnið baggahólfið upp á gátt.
3. Notið stangarlokann (**A**) til að læsa baggahólslokinu uppi með því að toga hann út og snúa um 90° til vinstri í lóðréttu stöðu, eins og sýnt er.



4. Drepið á dráttarvélinni, takið lykilinn úr svissinum, setjið stöðuhemilinn á og notið hjólskorður til að hindra hreyfingu vinnuvélarinnar.
5. Stöngin til þess að læsa hnífum eða losa þá (**B**) er vinstra megin við skurðarbúnaðinn, beint fyrir aftan sópvinduna. Fyrst þarf að toga hana út til að losa hana af láspinnanum (**X**) og svo snúa henni um 90° niður á við í ólæsta stöðu, eins og sýnt er hér að neðan. Gerið þetta í öfugri röð til að setja búnaðinn í læsta stöðu á ný.


McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél



Læst „lokuð” staða



Ólæst „opin” staða



6. Þegar hnifar/hnífmát eru fjarlægð er eftirfarandi aðgerðaröð snúið við. Veitið öllum viðvörunarmerkingum og öryggisleiðbeiningum sérstaka athygli.




Hnifur





Hnífmát



7. Þegar læsingarstöng hnifanna (B) er snúið koma í ljós flatar á lásskaftinu þar sem hægt er að festa eða fjarlægja hnífa eða hnífmát. Fjarlægið gamla hnífa með töng.




8. Setja má í nýjan hníf (C) með því að stinga honum inn í aftanverða raufina á botninum (D) þannig að hann tengist hreyfiarminum (E) í „efri” stöðu. Snúið hnífnum því næst niður á við (F), um leið og honum er haldið í aftanverðri raufinni (D), þangað til tennta svæðið hefur náð nægri fjarlægð frá framhlið raufarinnar, um 5–10 mm (G), eins og sýnt er hér að neðan.



9. Ýtið nú hnífnum fram á við en haldið áfram þessari 5–10 mm fjarlægð frá framhlið raufarinnar. Við það ætti raufin framan á hnífnum renna yfir flatana á lásskaftinu (H).






10. Haldið áfram að ýta hnífnum fram á við þar til hann er kominn á réttan stað, en þá ætti að vera u.þ.b. 65 mm bil (K) milli hnífsins og bakhliðar raufarinnar, og útskot ekki meira en 190 mm (L) (að því gefnu að hreyfiarmar hnífanna séu í efstu stöðu). Segulhaldararnir (J) halda hnífnum í réttri stöðu þar til búið er að setja lásskaftið í lokaða stöðu.





11. Þegar búið er að setja hnífana í skal hverjum hníf fram á við, í þá átt sem örin sýni (M), til að tryggja að þeir séu rétt fest við bæði lásskaftið og hreyfiarminn. Ef hnífurinn getur hreyfst til er hann ekki rétt festur. Rétt staða er sýnd á (N).

12. Ef hnífar eru af einhverjum ástæðum fjarlægðir skal setja hnífmat í staðinn til þess að uppskera flækist ekki í „opnum” raufum. Þau eru geymd í hnífahulstrinu.



13. Uppsetning þeirra er einfaldari þar sem þau eru eingöngu fest við lásskaftið að framan en ekki hreyfiarminn. Hnífmátið er látið detta niður í rauf þannig að það snúi fram, með 5–10 mm bili (G), og síðan er því ýtt fram á við (P) þar til raufin tengist við lásskaftið. Snúið þá niður á við (O) og ýtið eins langt fram og hægt er.
14. Kíkið alltaf eftir hnífaröðinni eftir uppsetningu, þeir eiga að vera í þráðbeinni röð og nákvæmlega sömu hæð. Ef einn eða fleiri skera sig úr röðinni eru þeir ekki rétt settir í. Venjulega eru það þeir sem liggja lægst og ganga lengst fram sem eru í réttri stöðu.
15. Öllum hnífum/hnífmátum er tryggilega læst með því að snúa lásstöng fyrir hnífa (B) aftur upp um 90° á láspinnann (X).



16. Hér eru hnífarnir sýndir í neðstu stöðu/inndregnir með hnífinn á réttum stað á hreyfiarminum og lásskaftinu í „læstri” stöðu með lóðréttu flata (R). Hnífsoddarnir mega mest standa 20–30 mm (T) upp úr.



VIÐVÖRUN: Setjið stangirnar aftur í vinnslustöðu

Gleymið ekki að snúa stöngunum (A og B) aftur í vinnslustöðu, en þó ekki fyrir en búið er að ljúka allri vinnu við vinnuvélina, eins og sýnt er hér að ofan.




VIÐVÖRUN: Öll hólf verða að vera lokuð þegar bindivélin er í gangi – íhlutir sem snúast skapa hættu

Hafið öll hólf alltaf lokuð þegar bindivélin er í gangi vegna hættunnar sem stafar af íhlutum sem snúast! Gefið gaum að öllum viðvörunarmerkingum og gangið úr skugga um að öllum öryggis- og varúðarráðstöfunum sé fylgt áður en farið er að vinna við viðhald á vélinni.

6.6.1 Geymsla hnífa/hníf máta


Hulstrið er með tveimur festingum fyrir hnífa/hníf máta, L og S. Draga má efri pinnann, L, út með því að taka splittið úr. Neðri pinninn, S, myndar klemmu sem kemur í veg fyrir að hnífarnir/hníf mátin glamri; hann má losa með því að snúa honum rangsælis og festa aftur með því að snúa honum réttisælis.

Þegar hnífar/hníf máta eru fjarlægð er aðgerðaröð við ísetningu snúið við. Veitið öllum viðvörunarlímmiðum og öryggisleiðbeiningum sérstaka athygli.



6.6.2 Brýnsla hnífa

Hnífana í söxunarbúnaðinum skal brýna þeim megin þar sem þeir eru flatir, annaðhvort með þjöl eða slípiskífu. Hnífur má aldrei hitna þegar verið er að brýna hann, annars missir hann fjaðurmagnið.




VIÐVÖRUN: Notið aldrei skurðarskífu

Notið aldrei skurðarskífu að brýna hnífana.

6.7 Sjálfvirkt smurkerfi

Vélin er búin alsjálfvirku smurkerfi sem sér um að smyrja legur allra kefla í baggahólfi vélarinnar (nema flutningskeflið) og olíubera allar drifkeðjur. Alla aðra smurstaði verður að smyrja eins og tilgreint er. (Sjá „Viðhald vélar“)



Olíuforðageymir og smurfeitisdæluening

- A. Olíuforðageymir
- B. Olíusigti
- C. Olíusía
- D. Smurfeitistúpa og dæluening
- E. Hylki utan um smurfeitistúpu
- F. Stöðvari á bullu smurfeitisdæluunar

Olíuforðageymirinn (A) geymir allt að fimm lítra af smurolíu sem eiga að duga fyrir u.þ.b. 500 rúllubagga. Forðinn á alltaf að vera einhvers staðar á milli strikanna sem merkja hámark og lágmark. **McHale** mælir með að aðeins sé notuð hágæða keðjuolía og smurfeiti, það mun auka endingu íhluta bindivélarinnar. Setja þarf nýja túpu með smurfeiti í eftir u.þ.b. 300 rúllubagga. Á skjá stjórnstöðvar er viðvörðunarkerfi sem er ætlað að minna vélarstjórnanda á að skipta um smurfeitistúpu og fylla á olíuforðageyminn eftir tiltekinn fjölda vinnsluferla. Það telur niður frá 300 og gefur áminningu þegar það er komið niður í núll. Áður en að því marki kemur má endurstilla merkið með aðstoð undirvalmynda stjórnstöðvarinnar. (Sjá „Baggateljarar“)



VIÐVÖRUN: Gangið úr skugga um að drepið hafi verið á dráttarvélinni áður en olíu er bætt á

Gangið úr skugga um að drepið hafi verið á dráttarvélinni, svisslykillinn tekinn úr og hemlar settir á áður en olíu er bætt á.

Að bæta á olíu:

1. Skrúfið lokið ofan á olíuforðageyminum (A) af og bætið á hann keðjuolíu, þar til komið er upp að hámarksstrikinu. (**McHale** mælir með að nota vandaða keðjuolíu með hátt seigjustig og góða snertiviðloðun (ISO 150 - ISO 220)).
2. Skrúfið lokið aftur á og herðið til fulls.



ATHUGIÐ: Skipta þarf um olíusíu a.m.k. einu sinni á hverri heyskapartíð

Endurnýja þarf olíusíuna inni í olúforðageyminum einu sinni á hverri heyskapartíð eða um leið og vart verður við minni olíunotkun. Sían er þýðingarmikil fyrir rétta vinnslu vélarinnar og virkni smurkerfisins.

Að skipta um smurfeitistúpu og opna loftlæsingu:

McHale mælir með notkun fjölnota smurfeiti sem miðuð er við sérlega mikið álag, eins og Mobilgrease XHP222-smurfeiti eða jafngilda feiti með NLGI-númer 2. Þetta lengir endingartíma íhluta í vinnuvélinni.

Klæðist alltaf hönskum til að forðast snertingu við olúna þar sem hún getur valdið ertingu í húð.



1. Veltið stoppfestingu smurfeitibullunnar. Skrúfið túpuhylkið úr dælunni og fjarlægið tómu túpuna.



2. Dragið bulluna alla leið aftur og takið til nýtt hylki í.



3. Takið lokið af túpuhylkinu þeim megin sem bullan er. Setjið nýtt hylki í, eins og sýnt er, og togið innsiglið af.



4. Skrúfið túpuhylkið á dæluna en herðið ekki. Skrúfið hylkið aðeins í nokkra hringi þegar skrúfganginum er náð.



5. Losið bulluna og ýtið bullustönginni alla leið inn í túpuhylkið.



6. Opnið og lokið hylkishaldaranum rólega og varlega, fjórðung úr snúningi, nokkrum sinnum. Loftið sem er á milli feitidællunnar og hylkisins kemst þá út. Þegar feitin byrjar að þrýstast út má skrúfa hylkið betur á og fullherða.



7. Þrífið þessa feiti burtu svo að ryk og drasl festist ekki við hana. Ef það er ekki gert gæti þessi mengaða feiti komist inn í feitidælluna við næstu túpuskipti og stíflað smurkerfið.



8. Tengjið stöðvarann á bulluna og bætið á keðjuolíuna. Endurstillið síðast baggatöluna á smurviðvörðuninni í stjórnstöðinni.

6.8 Gírolía

Gírkassinn er aftan við drifskafstenginguna. Vélin verður búin gírkassa sem getur annaðhvort snúist á 540 eða 1000 sn./mín. Olíumagn og smurstaðir eru mismunandi eftir stærðum gírkassa. Gírkassinn sem snýst á 1000 sn./mín hefur skoðunargler til að athuga olíumagn, en 540 sn./mín. gírkassinn hefur fjarlægjanlegan olíukvarða.



VIÐVÖRUN: Gangið úr skugga um að drepið hafi verið á dráttarvélinni áður en skipt er um olíu

Gangið úr skugga um að drepið hafi verið á dráttarvélinni, lykillinn tekinn úr svissinum og hemlar settir á áður en skipt er um olíu. Einnig þarf að fjarlægja aflúttakið.



ATHUGIÐ: Eftir fyrstu fimm vinnustundirnar sem vélin er í notkun verður að tappa olíunni af og fylla á með nýrri

Eftir fyrstu fimm vinnustundirnar þarf að tæma gírkassann og fylla á með SAE 80W/90-olíu.




UMHVERFISMÁL: Fargið olíunni á öruggan hátt

Virðið umhverfið! Hellið aldrei olíu eða feiti niður á jörðina eða í niðurfall og hendið þessum efnum aldrei þar sem þau geta mengað umhverfið. Flytjið úrgang alltaf í endurvinnslustöð.

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél


Gírkassinn er tæmdur og fyllt er á hann með eftirfarandi verklagi:

Gírkassi 540 sn./mín.



1. Fjarlægjið áfyllingartappann (A) og síðan afrennslistappann (B), með 8 mm sexkanti, og látið olíuna renna af í viðeigandi ílát. Best er að gera þetta meðan olían er enn heit, þ.e. skömmu eftir að vélin hefur verið í notkun. Setjið afrennslistappann (B) aftur í, herðið hann vel og fargið úrgangsolíunni á viðeigandi máta.
2. Fjarlægjið mælitappann (C) og setjið 2 - 2,2 lítra af SAE 80W/90-gírolíu á kassann, eða þar til olía fer að leka út um gatið C.
3. Skrúfið mælitappann (C) aftur í og síðan áfyllingartappann (A) og herðið vandlega.

Gírkassi 1.000 sn./mín.



1. Fjarlægjið áfyllingartappann (A) með 24 mm skrúflykli og síðan afrennslistappann (B), með 12 mm sexkanti. Látið olíuna renna í hentugt ílát. Best er að gera þetta meðan olían er enn heit, þ.e. skömmu eftir að vélin hefur verið í notkun. Setjið afrennslistappann (B) aftur í, herðið hann vel og fargið úrgangsolíunni á viðeigandi máta.
2. Bætið 3 lítrum af SAE 80W/90 olíu við, eða þar til olían sést í gegnum gaumglerið (C).
3. Setjið áfyllingartappann (A) aftur í og herðið tryggilega.

Eftir þetta þarf að skipta um olíu einu sinni yfir hverja uppskerutíð eða eftir hverja 10.000 bagga, hvort sem kemur á undan.



ATHUGIÐ: Yfirfyllið ekki með olíu

Yfirfyllið ekki með olíu, það mun valda ofhitnun og olíuleka. Ofhitnun á olíu getur einnig valdið minni smurgæðum

6.9 Þrýstingur í hjólbörðum



VARÚÐ: Athugið þrýsting í hjólbörðum vikulega

Athugið þrýstinginn í hjólbörðum og berið saman við tölurnar í eftirfarandi töflu.

Upplýsingar	Tegund	Þrýstingur við túnvinnu	Þrýstingur þegar ekið er á vegum	Hlutarnr.
560/60R22.5 155 D (Vredestein)	Flo-Pro	1,65 bör	3,2 bör	CWH00053
560/60R22.5 161 D (BKT)	FL-630	1,65 bör	4 bör	CWH00068
650/50R22.5 157 D (Vredestein)	Flo-Pro	1,65 bör	3,2 bör	CWH00054
650/55R22.5 167 D (BKT)	FL-635	1,65 bör	4 bör	CWH00088
650/55R22.5 163 D (Alliance)	A-885	1,65 bör	4 bör	CWH00290
680/50R22.5 157 D (Vredestein)	Flo-Trac	1,65 bör	2,8 bör	CWH00281
710/45R22.5 165 D (Vredestein)	Flo-Trac	1,65 bör	4 bör	CWH00271
170/60-8 71 A8 (Vredestein)	Sópvinda	2,07 bör	2,07 bör	CWH00037


6.10 Hjólskorður

Hjólskorðurnar eru láttnar fylgja til þess að hægt sé að skorða vélina af í hvert skipti sem hún er aftengd frá dráttarvélinni eða ef hún er sett í geymslu eða henni lagt. Þegar vélin er í flutningsstöðu eru þær geymdar vinstra megin á vélinni, undir aðalhlífinni.



6.11 Myndavél baggahólfs (Fusion 3 Plus eingöngu)

Myndavé baggahólfs (myndavél 2) er sett upp til hliðar (A) við baggahólf vélarinnar. Myndavélina er einnig hægt að setja upp (B) þannig að hún vísi beint að yfirborðsfleti baggans undir netskurðarhnífnum. Festing fylgir með í verkfærakassa vélarinnar til að þetta sé hægt.



6.12 Dráttarbeislis- og drifskafsstandar

Þrjár gerðir dráttarbeislisstanda eru fáanlegar á vinnuvélina, allt eftir landi, ein þeirra er staðalbúnaður:

Gerð A	Þetta er fastur standur sem er felldur niður og hentar aðeins fyrir tengingu á lágt dráttarbeisli!
Gerð B	Þetta er standur sem er felldur niður handvirkt en hægt er að skrúfa til og hentar vel til að hækka og lækka vélina þegar hún er sett aftan í dráttarvél með föstum dráttarbita. Þessi gerð stands er aðeins fáanleg með lágu dráttarbeisli. Hann er hækkaður og lækkaður með sveif.
Gerð C	Þetta er handvirkur fastur standur (hægt að skrúfa til) sem er staðalbúnaður með háu dráttarbeisli. Hann er hækkaður og lækkaður með sveif.

Nota á dráttarbeislisstandana í hvert skipti sem vinnuvélin er tekin aftan úr dráttarvél. Einnig skal nota drifskafsstand til að styðja við drifskafðið.



VARÚÐ: Allir standar verða að hvíla á föstu undirlagi

Allir standar verða að hvíla á föstu undirlagi, á jafnsléttu, og nota verður hjólskorðurnar sem fylgja með vélinni.

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél

Gerð A – Eftirfarandi á við um niðurfellanlegan stand í fastri lengd (lág tenging):

- Flutnings og vinnslustaða: Þegar verið er að nota vinnuvélina skal ganga úr skugga um að dráttarbeislisstandurinn (1) sé í efstu stöðu og pinninn (3) í viðeigandi gati.
- Geymslustaða: Gangið úr skugga um að pinninn (3) í standinum sé rétt settur í neðra gatið þannig að hann komi í veg fyrir að standurinn detti undan.




- Setjið drifskafstandsinn (2) í upprétta stöðu þannig að hann styðji við drifskafið (4).



Gerð B – Eftirfarandi á við um niðurfellanlegan stand með skrúfaðri hæðarstillingu (lág tenging):

- Svipaður og gerð A nema að pinninn (3) er í efra gatinu í flutnings- og vinnustöðu. Skrúfa skal standinn upp til fulls og draga hann alveg inn áður en handfangið er tekið af. Aðalmunurinn er sá að nú er hægt að stilla hæð dráttarbeislisins.


Gerð B – niðurfellanlegur standur með skrúfaðri hæðarstillingu (lág tenging)



Gerð C – Eftirfarandi á við um fastan stand með skrúfaðri hæðarstillingu (há tenging):

- Standur af gerð C er eina gerðin fyrir hátt dráttarbeisli og fæst sem aukabúnaður á vinnuvélar með lágu dráttarbeisli.
- Hækkið dráttarbeislið með því að snúa tjakkhandfanginu (1) réttisælis eins og sýnt er hér að neðan. Snúið handfanginu rangsælis til þess að lækka dráttarbeislið.
- Þegar búið er að festa dráttarbeislið tryggilega á krók dráttarvélar með háan krók og léttu þunga bindivélarinnar af standinum (með því að snúa tjakkhandfanginu (1) rangsælis) má taka neðri hluta standsins (2) upp með skjótari hætti með því að taka festipinnann (3) úr (eftir að hafa fyrst fjarlæggt R-splittið (4)) og renna neðri hlutanum svo alla leið upp í standinn. Stillið gatið neðst á honum af og setjið festipinnann (3) aftur í og komið R-splittinu (4) fyrir.

Gerð C – fastur standur með skrúfaðri hæðarstillingu (há tenging)



McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél

- Drifskafthskeðjan (5) heldur drifskaftinu uppi þegar það er ekki tengt við dráttarvél, í geymslustöðu.
- Nauðsynlegt getur verið að hækka standinn enn frekar ef verið er að binda þykka múga, þannig að hey flækist ekki í honum. Það er gert með því að snúa tjakksveifinni (1) rangsælis þangað til að standurinn er alveg uppdraginn.

6.13 Stilling dráttarbeislis


Tvær gerðir dráttarbeisla (hátt/lágt dráttarbeisli) eru fánlegar fyrir vélina. Ein þeirra er staðalbúnaður og fer það eftir því til hvaða lands vélin er seld.



VIÐVÖRUN: Aðeins fagaðilar ættu að sjá um stillinguna

Þessa vinnu ætti aðeins að vinna af faglærðum aðilum eða söluaðila McHale!

Þessa stillingu þarf helst að gera á láréttum, steinsteyptum fleti og með dráttarbita dráttarvélarinnar í þannig stöðu að hægt sé að sjá hvenær stillingin er rétt. Gangið úr skugga um að drepið hafi verið á dráttarvélinni, svisslykillinn tekinn úr og hemlar settir á. Handhemill bindivélarinnar verður að vera á, hjólskorðurnar við og stoðir undir framenda hennar (söxunarbúnaðinum).




Stilla á dráttarbeislið þannig að bindivélin sé lárétt og samsíða jörð þegar hún er í vinnslustöðu, sjá hér að neðan. Þegar stilla á beislið, fjarlægið þá fyrst öryggisboltana og slakið síðan á stýriboltunum (C), en fjarlægið þá ekki. Stilla má dráttaraugað af miðað við hinar ýmsu stöður beislisins með því að setja boltana (B) í mismunandi göt. Endurstilla má það eitt og sér með því að losa boltana (A og D) sem tryggja að það sé lárétt. Þegar rétt hæð er fengin, gangið þá úr skugga um að boltarnir (A og B) séu hertir með hersluátaki upp á 750 Nm og 30 mm stýriboltarnir (C) séu hertir með hersluátaki upp á 1.500 Nm. Herðið stilliboltann fyrir dráttaraugað (D) og herðið svo öryggisboltana.



ATHUGIÐ: Fara þarf yfir boltana í dráttarbeislinu á hálfmánaðar fresti

Fara þarf yfir helstu boltana í dráttarbeislinu (A og B) og stýriboltana (C) á hálfmánaðar fresti.



6.14 Stilling og viðhald drifskafts

(Sjá „Stilling drifskaftsins á dráttarvélinni“)



VARÚÐ: Tryggið að drepið hafi verið á dráttarvélinni

Gangið úr skugga um að drepið hafi verið á dráttarvélinni, svisslykillinn tekinn úr og hemlar settir á áður en hafist er handa við eftirfarandi aðgerðir.




VIÐVÖRUN: Mælið fjarlægðina á milli drifskafsstautanna fyrst

Tengið aldrei drifskaft á nýrri vél/dráttarvél án þess að hafa mælt stystu fjarlægðina á milli drifskafsstautanna, en það gæti leitt til alvarlegra skemmda.

Lengd drifskaftsins má stilla af fyrir allar þekktar gerðir dráttarvéla. Samt sem áður verður að athuga/breyta drifskaftinu til að það henti dráttarvélina sem verið er að festa það við. Fyrst skal festa drifskaftið við vélina og athuga hvort hægt sé að tengja aflúrtakið við staut dráttarvélarinnar. Ef ekki er drifskaftið of langt og skipta verður um gerð. Yfirleitt er fjarlægðin á tengibúnaði styst þegar dráttarvélinni er beygt eins mikið


McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél

og hægt er frá honum. Ef vélin er notuð á mjög bröttu svæði getur fjarlægðin verið enn styttri.



Eftir að hafa gert mælingar vandlega ættu helmingar drifskaftsins að vera jafnlangir þannig að drifskaftssamstæðan sé eins löng og hægt er, en að rýmið sé rétt nægilegt til að hægt sé að fjarlægja það. Þetta tryggir að hámarksskörun sé viðhaldið (helst 200 mm í minnsta lagi) þegar skaftið er lengt.


Aldrei skyldi beygja skarpar en 80°, annað getur valdið varanlegum skemmdum.



Alla smurkoppa á drifskafti skal smyrja eftir hverjar 60 vinnustundir.

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og pökkunarvél

Ráðlagt magn feiti fyrir hvern smurkopp er sýnt í grömmum hér að neðan.




VIÐVÖRUN: Gangið úr skugga um að hlíf aflúttaksins sé í góðu ástandi

Notið aldrei vélina ef drifskaftshlíf er skemmd eða týnd. Að flækjast í drifskafti sem snýst getur valdið alvarlegu líkamstjóni eða dauða. Stöðvið alltaf hreyfil dráttarvélarinnar og gangið úr skugga um að drifskafðið sé hætt að snúast áður en þið tengið, stillið eða hreinsið aflúrtaksdrifinn búnað.

7

Rafrænt stjórnkerfi

(Hugbúnaðarútgáfa IS311-005)



Handvirk skjámynd 1 (Hinir ýmsu hnappar/myndir sem er að finna í handvirkri skjámynd 2 sjást líka)



Sjálfvirk skjámynd 1 (Hinir ýmsu hnappar/myndir sem er að finna í sjálfvirkri skjámynd 2 sjást líka)

7.1 Aðgerðir stjórnkassa

Nr.	Handvirkur hamur		Sjálfvirkur hamur	
	Skjámynd 1	Skjámynd 2	Skjámynd 1	Skjámynd 2
L1	Velja sjálfvirkan ham		Veljið handvirkan ham	
L2	Skjámyndaval			
L3	Net/nærfilma* mötun	Filmuklemma opin	Engin aðgerð	
L4	Net/nærfilma* skurður	Filmuklemma sleppir	Sjálfvirkur skurður	
L5	Baggarúlla á bindivél		Hlé á sturtu	
L6	Skipta á milli skjámyndar 1 og 2 fyrir handvirkan ham		Skipta á milli skjámyndar 1 og 2 fyrir sjálfvirkan ham	
R1	Opna baggahólflok	Botn mótunarstokks upp	Fjöldi valdra hnífa sem saxa	
R2	Loka baggahólfloki	Botn mótunarstokks niður	Losa stíflu/endurstilla botn	
R3	Snúa pökkunarbúnaði áfram	Hnífar niður	Gera hlé eða net-/ nærfilmumötun*	
R4	Snúa pökkunarbúnaði afturábak	Hífa 25 hnífa/ 13 hnífar**	Gera hlé á flutningi / Halda flutningi áfram	
R5	Baggaveltuarmur upp	Engin aðgerð/ Hífa 12 hnífa**	Halda áfram / Pakka aftur / Gera hlé á pökkun	
R6	Baggaveltuarmur niður	Engin aðgerð	Velta bagga	
7	Heimaskjámynd (Fer frá valmynd í næstu skjámynd á undan)			
8	Stiklihnappur myndavélar (skiptir milli aðalskjámyndar og myndar úr myndavél)			
9	ESC (stöðvar viðvaranir)			
10	Færa inn (engin aðgerð)/baggavigtun virk/óvirk (ef til staðar)			
11	STOPP-hnappur (Stöðvar allt sem vélin er að gera)			

Einnig má nota snertiskjáinn til að velja viðeigandi hnapp.

*Nærfilma á eingöngu við um Fusion 3 Plus

**Stöðari valkosturinn á við þegar „Valfrjáls söxun“ er notuð.

Skoðið útflettanlegar leiðbeiningar fyrir þessa rafeindastýringu aftast í þessum kafla. Hægt er að fjarlægja þær og líma inn í dráttarvélina þar sem læra má á aðgerðir stjórnbúnaðarins.

7.2 Nánari upplýsingar um aðgerðir stjórnstöðvar

7.2.1 Vinnuskjár

Þegar kveikt er á stjórnstöðinni í fyrsta sinn kemur upp “Loading” (Hleður inn).

Eftir skamma stund birtist vinnuskjárinn. Á vinnuskjánum er mynd af bindivélinni sem er umkringd almennum upplýsingum um vinnslu hennar.

7.2.2 Handvirkur/sjálfvirkur hamur

Tvenns konar hamur getur verið uppi á vinnuskjánnum:

1. Handvirkur - Sýnir skyggða útlitsmynd af vélinni
2. Sjálfvirkur - Sýnir gagnsæja mynd þar sem sjá má vélarhluta sem eru inni í vélinni.

Val er um tvær skjámyndir fyrir handvirkan ham og tvær skjámyndir fyrir sjálfvirkan ham. Þetta er haft svona til að hægt sé að sýna fleiri upplýsingamyndir.

Styðjið á hnapp L1 (AUTO/MAN) til að skipta á milli handvirks og sjálfvirks hams. Tákn í vinstra horni skjásins efst sýnir hvaða hamur er uppi. Orðið “AUTO” kemur fram með gulu lettri til að greina það frá öðrum, ásamt gagnsærri mynd af vélinni.





Skjár í handvirkum ham (skjámynd 1 á vinstri hlið og skjámynd 2 á hægri hlið)



Skjár í sjálfvirkum ham (skjámynd 1 á vinstri hlið og skjámynd 2 á hægri hlið)


McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél




7.2.3 Endurgjöf á skjánum




Staða nets - Tákn fyrir upplýsingar um stöðu nets snýst þegar netpökkun er í gangi. Táknioð hættir að snúast þegar hnífurinn fer af stað til að skera á netið.




Baggateljarar - Undirfjöldi bagga kemur fram í efsta glugganum á skjámynd 1. Stjórnstöðin heldur utan um tíu mismunandi núllstillanlegar baggatölur (A-J) ásamt heildarbaggafjölda sem ekki er hægt að núllstillja. (Sjá „Baggateljarar“). Aðalvalmyndin er notuð til að velja þann baggateljara sem er í notkun hverju sinni.




Spennumælir - Stjórnstöðin fylgist með þeirri spennu sem hún vinnur á og sýnir hana hægra megin í efsta skjámyndarkassanum á miðri skjámynd 2. Ef spennan fer niður fyrir 11 volt blikka viðvörunarskilaboðin Lág spenna á skjánum.




Pökkun með plastfilmu - Valinn fjöldi snúninga sést í efsta glugganum á skjámynd 1 (MAN/AUTO). Fjöldi snúninga er hægt að velja í valkostum aðalvalmyndarinnar. (Sjá „Grunnstilling vélar“). Þetta tákn, sem sýnir valinn fjölda snúninga, kemur upp þegar pökkun er stillt á „Kveikt“ í aðalvalmyndinni. Ef pökkun er stillt á „Slökkt“ sést þetta tákn ekki. Fjöldi laga sem búið er að pakka bagganum í og valinn fjöldi laga kemur fram á aðalsvæði skjámyndarinnar meðan pökkunarþúnaðurinn snýst, fyrir ofan myndina af bindivélinni. Vélarstjórnandi verður að velja fjölda laga sem hentar best fyrir hverja uppskeru fyrir sig.



Snúningshraði pökkunarhrings (í sn./mín.) - Snúningshraði pökkunarhrings, í sn./mín., kemur fram fyrir ofan pökkunarþúnaðinn á vélarmyndinni á skjánum.



Vísir fyrir upp-/niðurhalla - Vísir birtist á skjánum til að sýna ef hallinn er of mikill við akstur upp halla (uppörin sýnd) eða niður halla (niðrörin sýnd). Þegar uppörin er sýnd stöðvast bæði baggaflutningur og baggasturta þar til stjórnandi vinnuvélarinnar grípur inn í. Þegar niðrörin er sýnd er sjálfkrafa gert hlé til að tryggja að baggaflutningi sé lokið. Þegar þessir vísar eru sýndir er best fyrir stjórnanda vinnuvélarinnar að færa bindivélina á slétt undirlag til að geta flutt baggan og sturtað sjálfkrafa á réttan hátt.



Hraði aflúttaks - Hraði aflúttaks dráttarvélarinnar kemur fram til vinstri við vélarmyndina á skjánum, fyrir ofan drifskafðið. Eðlilegur snúningshraði er 540 sn./mín. Ef snúningshraðinn nær 700 sn./mín. birtist viðvörðun. Fyrir vélar sem búnar eru girkassa með 1000 sn./mín. birtast viðvörðunarskilaboðin ef hraðinn fer umfram 1030 sn./mín. (Sjá „Of mikill hraði á aflúrtaki“)



Handvirk pökkun - Hnappar R3 og R4 í skjámynd 1 (handvirkur hamur) eru notaðir til að snúa pökkunarhringnum handvirkt. Snúa má hringnum hægt með því að styðja á og halda niðri áframlyklinum (R3) eða styðja einu sinni á afturábaklykilinn (R4). Ef stutt er tvisvar á áframlykilinn (R3) og honum svo haldið niðri mun hringurinn snúast áfram á fullum hraða.




Sjálfvirkur skurður - Þegar stillingin “AUTO” (sjálfvirkt) er valin er hægt að halda hnappinum “sjálfvirkur skurður” inni í eina sekúndu til að hefja skurð á rúllubaggaplastinu. Skerar og haldarar opnast og pökkunarvélin snýst einn hring til að skera plastið.

7.2.4 Hnífanotkun

Venjuleg söxun þýðir að allir 25 hnífarnir fara upp/niður samtímis.

Í **Handvirkum ham** eru tveir hnappar í skjámynd 2 sem stýra hnífunum.

1. Hnappur R3 setur alla hnífa niður
2. Hnappur R4 lyftir öllum hnífum



Venjuleg hnífanotkun (skjámynd 2 í handvirkum ham)

Hnífaþrýstingur í börum kemur fram í efsta skjámyndarkassanum á miðri skjámynd 2. Þegar hnífarnir eru hífðir eykst þrýstingurinn og stöðvast við eðlilegan vinnuþrýsting, um það bil 50 bör.

Stundum þarf að nota fullan vökváþrýsting, sérstaklega ef söxunarbúnaðurinn hefur ekki verið notaður um skeið. Þetta er gert með því að styðja á hnappinn „Hnífar upp“ (R4, skjámynd 2) og þegar venjulegum vinnuþrýstingi er náð er honum sleppt og stutt svo á hann aftur.

Þrýstingurinn mun þá aukast upp í leyfilegt hámark og viðvörðunarkerki, „Hnífaþrýstingur of mikill“, birtast, til þess að vara vélarstjórnanda við að binda með svona miklum þrýstingi. Til að léttast af þrýstingi skal setja hnífana alveg niður með því að styðja á „Hnífar niður“ (hnappur R3, skjámynd 2). Þá er hægt að stilla hnífana aftur á venjulegan vinnuþrýsting.

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél


Í **Sjálfvirkum ham** er stiklað á hnappi R1 til þess að velja þann fjölda hnífa sem óskað er eftir, 0 eða 25. Vélin mun sjálfkrafa færa hnífana í rétta stöðu og fylgjast stöðugt með þrýstingi á hnífum og stilla hann af, eftir því sem nauðsyn krefur.

Þegar hnífarnir snúast og þeir gerðir virkir eða óvirkir birtir viðeigandi hnífasmstæða ör sem snýr í þá átt sem hnífarnir snúast í. Grænar örvar gefa til kynna að hnífum er lyft í vinnustöðu. Rauðar örvar gefa til kynna að hnífar eru látnir síga.



Skynjari gefur til kynna þegar hnífarnir eru alveg uppi. Hnífatáknid tekur á sig eftirfarandi myndir:


- Alveg skyggt þegar hnífarnir eru uppi
- Aðeins útlína hnífs sést þegar hnífarnir eru niðri



Venjuleg söxun (sjálfvirk)

Valfrjáls söxun er fánleg sem aukavalkostur í en þá má velja á milli 0, 12, 13 eða 25 hnífa til að saxa með.

Í **“Manual Mode”** (handvirk stilling) eru tveir hnappar á skjámynd 2 sem notaðir eru til að hífa hnífana, einn fyrir 13 hnífa (hnappur R4) og einn fyrir 12 hnífa (hnappur R5). Ef stutt er á „Hnífar niður“ (hnapp R3) fara bæði settin (13 og 12) niður samtímis. Tveir reitir sýna þrýsting á hnífum, annar fyrir 13 hnífa settið og hinn fyrir 12 hnífa settið.




Valfrjáls söxun (handvirk)

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél

Í **sjálfvirkum ham** má velja hvort sem er 0, 12, 13 eða 25 hnífa. Það er gert með því að stikla á hnífahnappinum (hnappi R1) þar til hnífstillingin, sem óskað er eftir, kemur upp.


Skyngjari gefur til kynna þegar hnífarnir eru alveg uppi. Hnífataknið fyrir 12 og 13 hnífa tekur á sig eftirfarandi myndir:

- Alveg skyggt þegar hnífarnir eru uppi
- Aðeins útlína hnífs sést þegar hnífarnir eru niðri



Valfrjáls söxun (sjálfvirk)

Niðurfelling hnífa: Þessi eiginleiki gerir notandanum kleift að saxa mest allan baggann en skilja ysta lagið eftir ósaxað. Þannig heldur ysta lagið bagganum saman þegar hann er opnaður. Kveikt er á þessu með því að opna sjálfvirka stillingu og velja viðeigandi fjölda skurðarhnífa með því ýta á hnappinn R1 og halda svo R1 inni í fjórar sekúndur. Sjálfvirknitákn birtist undir vísun virku hnífanna. Þegar bagginn nær þeirri stærð sem kveikir forviðvörðun um fullkláraðan bagga eru hnífarnir láttnir síga. Sjálfvirknitákn er rautt á meðan þeir síga. Þegar bagginn er fullmótaður og byrjað er að vefja hann í net ganga skurðarhnífarnir aftur upp fyrir næsta bagga. Sjálfvirknitákn verður grænt þegar hnífarnir ganga upp aftur. Slökkt er á þessum eiginleika með því að ýta aftur á hnappinn R1.




Niðurfelling hnífa

7.3 Sjálfvirk vinnsla

Sjálfvirk vinnsla er æskilegasta vinnuaðferðin frá degi til dags, að láta vélina sjálfa sjá um að skila hverju vinnsluferli fyrir sig. Handvirk vinnsla er venjulega notuð þegar notandinn vill stjórna einstökum aðgerðum beint vegna viðhalds eða viðgerða.

Velja má sjálfvirkan ham með því að styðja á hnapp L1, þegar kveikt hefur verið á stjórnstöðinni. Orðið „AUTO“ kemur fram efst í vinstra horni skjásins með gulu lettri og myndin af vélinni breytist úr skyggðri útlitsmynd í gagnsæja. Í þessum ham rennir vélin sjálfvirk í gegnum böggunarferlið, að því gefnu að engin truflun verði á uppskeru, neti eða nærfilmu. Hins vegar, háð aðstæðum og valkostum, getur vélarstjórnandi einnig gripið inn í til að hægja á, gera hlé á eða sleppa tilteknum aðgerðum við hverja böggunarlotu. Þegar böggun hefst sýnir það sem á eftir fylgir dæmigerða aðgerðaröð fyrir eina heila böggunarlotu.

Virgni netpökkunar



Stakt hljóðmerki heyrir þegar baggin er að verða fullmótaður. Á þessum tímapunkti er lítil baggi sýndur í hólfinu. Þegar baggahólfið er orðið fullt hljómar endurtekið stutt flaut í „X“ sekúndur til að gera vélarstjórnanda viðvart um að netpökkun sé að hefjast. (Sjá „Stilling fyrir lög nets (Fusion 3 Pro)“).



Á þessum tímapunkti er fullmótaður baggi sýndur í hólfinu. Vélarstjórnandi verður þá að stöðva dráttarvélina þegar í stað. Þessu næst heyrir samfelld hljóðmerki sem gefur vélarstjórnanda til kynna að netpökkun sé byrjuð (tákníð fyrir net snýst) og að pökkuðum bagga verði sjálfkrafa velt af pökkunarpallinum ef stillt er á „Sjálfvirka baggaveltu“.

Þegar binda á bagga sem er ekki fullmótaður skal halda inni R3 hnappnum í 2 sekúndur til að hefja netpökkun. Gæta verður að því að baggin sé nægilega stór til að hvíla á pökkunarpallinum. Ef matararnir skila netinu ekki sem skyldi eða netið klárast kemur upp villuboðið „Netvilla“. Þá skal skipta um netarúlluna og vélarstjórnandi heldur aftur inni R3 hnappinum til að mata netið.

Hlé á netpökkun



Þegar baggin er næstum fullmótaður má ýta hvenær sem er á hnappinn R3 til að gera hlé á mótun netsins. Gulur rammi birtist í kringum hnapptákníð til að sýna að hlé hafi verið gert. Þannig nær vélarstjórnandi að pakka aðeins meira af uppskerunni í hólfið eða ljúka við núverandi múg. Ýtið aftur á R3 hnappinn til að mata neti á baggan þegar dráttarvélina keyrir ekki lengur fram á við og hefur staðnæmst að fullu.

Transfer (flytja)

Eftir að innstilltur fjöldi laga er kominn utan um bagganum, er netið skorið, baggahólfið opnast og losar bagganum yfir í pökkunarvögguna. Hreyfimyndin á skjánum sýnir að flutningurinn er í vinnslu. Botn mótunarstokksins kemur sjálfkrafa upp eftir að baggahólfið lokast þannig að tryggt sé að hann sé í réttri stöðu fyrir söxunina.




Hlé á flutningi



Þessi eiginleiki gerir stjórnanda vinnuvélarinnar kleift að gera hlé á flutningi bagga úr hólfinu í pökkunarvélinu. Þetta getur reynst gagnlegt í hæðóttu landslagi til að gefa vélarstjórnanda tíma til að koma vinnuvélinni fyrir á sléttu undirlagi. Ýtt er á flutningshnappinn (R4) hvenær sem er meðan á netmötun stendur til að gera hlé á henni. Gulur rammi birtist í kringum hnapptáknið til að sýna að hlé hafi verið gert. Þegar netmötun er lokið og vélarstjórnandi vill hefja flutninginn ýtir hann aftur á flutningshnappinn.

Rúllun fyrir pökkun



Þessi eiginleiki rúllar bagganum á pökkunarkeflunum áður en pökkun hefst. Þetta getur reynst gagnlegt í hæðóttu landslagi, þar sem slíkt tryggir að baggin sé í réttri stöðu á pökkunarkeflunum áður en pökkun hefst. Lengd baggarúllunar má stilla á milli 0–10 sek. á valmynd stjórnandans. Stillið á 0 s til að slökkva.


Pökkun



Þegar flutningi er lokið hefst pökkunin um leið og baggahólfið byrjar að lokast, þ.e. ef pökkunarvélin er í gangi. Ef ekki, kemur hljóðmerki sem gefur til kynna að velta eigi ópakkaða bagganum af. Fjöldi filmulaga fer eftir snúningum pökkunarhringsins. Filmuskynjararnir fylgjast með filmunotkuninni meðan á pökkun stendur. Ef önnur filmurúllan klárast birtist viðvörðun og vélin heldur síðan sjálfkrafa áfram að pakka bagganum af hinni rúllunni og stillir snúninginn til að bæta upp fyrir slíkt. Þegar pökkun er lokið hefst rúllun, ef kveikt er á rúllun eftir pökkun. Stutt flaut heyrst að pökkun lokinni til að gefa vélarstjórnanda til kynna að sturta megi bagganum. Ef kveikt er á rúllun eftir pökkun heyrst flautið þegar henni er lokið.

Hlé á pökkun

Hægt er að gera hlé á pökkunarlotunni áður en hún hefst eða á meðan pökkun stendur. Þegar gera á hlé á gangsetningu pökkunarvélar skal halda inni pökkunarhléshnappinum (R5) á meðan baggaflutningi stendur. Pökkunarlotan hefst ekki og tákn fyrir hlé er sýnt á bagganum. Til að gera hlé á meðan pökkun stendur skal halda inni R5 hnappinum til að gera hlé á lotunni og koma pökkunarvélinni í stýrt stopp í heimastöðu. Hlé á pökkun kemur sér vel þegar skipt er um gallaðar eða tómar filmurúllur, þar sem vélarstjórnandi getur gert hlé á pökkun samstundis þegar rúllan er tóm.



Hlé áður en pökkun fer fram



Hlé þegar pökkun fer fram

Rúlla eftir pökkun



Þessi eiginleiki rúllar pakkaða bagganum á keflunum þegar pökkunarlotunni er lokið, ef tími leyfir. Slíkt er sérlega hentugt við aðstæður þar sem er mikið ryk eða mikill vindur. Eiginleikinn festir plastendana betur til að baggin haldi lagi sínu. Slíkt fjarlægir líka loft undan plastinu sem hugsanlega verður til við pökkun. Hægt er að stilla lengd á baggarúllun frá 0–15 s í valmyndinni. Stillið á 0 s til að slökva. Þegar bundið er við hámarksafköst hefur sjálfvirk sturta (ef kveikt er á henni) forgang miðað við rúllun fyrir pökkun. Þegar ýtt er á R6 er gert hlé á rúllun fyrir pökkun lotunni á meðan hún er í gangi.

Velta



Um leið og pökkun baggans er lokið má velta honum af hvenær sem er, með því að styðja á hnapp R6. Ef stillt er á „Sjálfvirka baggaveltu“, er bagganum sjálfkrafa velt af þegar netpökkun næsta bagga hefst. Ef slökkt er á „Sjálfvirkri baggaveltu“ verður að velta bagganum af með því styðja á hnapp R6 í hvert skipti. Ef kveikt er á sjálfvirkri baggaveltu sést lítið „AUTO“ tákn á skjánum til að sýna það.

Hlé á sturtu



Þegar baggi er kominn í pökkunarvélina birtir hnappurinn L5 sturtuhlésvalkostinn. Ýtið á þennan hnapp til fresta því að bagga sé sturtað þegar kveikt er á sjálfvirkri sturtu. Ýtið á hnappinn R6 til sturta bagganum.

Stíflulosun

Ef baggahólfsmötunin stíflast meðan á bindingu stendur, verður vélarstjórnandi var við þegar snuðkúpling aflúrtaksins gefur frá sér hljóð. Þá á umsvifalaust að kúpla aflúttakinu frá og styðja á „Stíflulosun“ (hnapp R2) til að setja í gang stíflulosunarferlið og fella niður botn mótunarstokksins og hnífana. Losunarviðvörðun (2001) birtist þegar stíflulosun er virk. Þegar botn mótunarstokksins er kominn niður má setja aflúrtakið mjúklega í gang aftur og koma stíflunni þannig yfir í baggahólfið. Þegar hraði aflúttaksins fer yfir 400 sn./mín. þá endurstillast botn mótunarstokksins og hnífarnir sjálfkrafa í vinnustöðu og bindingin getur haldið áfram. Þegar stutt er einu sinni á endurstillingarhnappinn (R2) færast botninn og hnífarnir á sinn stað.

Ef stífla kemur upp eftir að 90% markinu er náð og stíflulosun er hafin opnast baggahólfið lítillega. Þetta gerir það auðveldara að losa um stífluna í baggahólfinu. Viðvörðun 2060 birtist. Þegar aflúttakið er endurræst er mótunarstokkurinn sjálfkrafa endurstilltur og baggahólfið lokast til fulls.



Stíflulosun (2001)



Endurstilla stíflulosun (2060)

7.4 Uppbygging valmyndar

Styðjið á “Valmynd” (hnapp L2) til að fara inn í aðalvalmynd.

Aðalvalmyndin er sett upp sem sex flipar þar sem sá fyrsti, þ.e. “Grunnstilling vélar”, kemur sjálfkrafa upp. Fyrsta atriði í flipanum er sjálfvalið. Þegar valmyndatriði er valið breytist umgerð þess.




Notið eftirfarandi hnappa til að ferðast um aðalvalmyndina:

L1	Færa flipa til vinstri
L2	Fara upp um skjámynd
L3	Fara niður um skjámynd
L6	Snúa aftur á heimasíður, þ.e. snúa aftur í þá skjámynd sem verið var í áður en stutt var á valmyndarhnappinn (L2). Þetta framkvæmir sömu aðgerð og þegar stutt er á hnapp 7 (upphafsskjámynd) neðst á stjórnbúnaðinum
R1	Færa flipa til hægri
R2	Færa atriði upp í völdum flipa/skjámynd
R3	Færa atriði niður í völdum flipa/skjámynd
R5	Hækka gildi valins tölulegs atriðis um 1 / Ferðast milli mögulegra valkosta til þess að velja ákveðna stillingu
R6	Lækka gildi valins tölulegs atriðis um 1 / Ferðast milli mögulegra valkosta til þess að velja ákveðna stillingu

Einnig má nota snertiskjáinn til að velja viðeigandi flipa og/eða atriði í valmynd.

7.4.1 Grunnstilling vélar



Sjálfvirk baggavelta – Þessi stilling getur verið á Kveikt eða Slökkt (✓/✗). Þegar stillingin er valin er bagganum velt sjálfkrafa af á meðan net-/nærfilmupökkun þess næsta fer fram í baggahólfinu.



Pökkun – Þessi stilling getur verið á Kveikt/Slökkt/x1 (✓/✗/x1). Þegar pökkunarvélin er stillt á “x1” er gert ráð fyrir að ein plastfilmurúlla hafi verið sett í. Pökkunarvélin byrjar í 50:50-stillingu.




Snúningar pökkunarhrings – Þessi stilling ákvarðar hversu marga hringi filmupökkunarúnaðurinn þarf að fara til að baggin teljist fullpakkaður. Hún getur verið stillt frá 2 og upp í 99.



Þéttni – Þetta stillir forþrýsting í baggahólfinu. 0 = lágmarkspéttni bagga, 10 = hámarkspéttni bagga. Forþrýstingur byggist upp þegar baggahólfíð lokast eftir hverja lotu. Af þeim sökum taka breytingar á þessari stillingu ekki gildi fyrr en eftir að næsti baggi hefur verið fluttur yfir á pökkunarvélin.



Viðvörðun um fullmótaðan bagga – Þetta er hægt að stilla á 1 (lág) til 10 (há). Þessi stilling stjórnar því hvað baggahólfíð opnast mikið áður en hljóðmerkið um fullmótaðan bagga heyrir. Lágmarksstilling er 1 en hámarksstilling 10. Velja ætti lægri stillingu þegar verið er að vinna í þungu heyi.



Smurskammtur – Þessi stilling er notuð til að aðlaga skammt smurolíunnar sem er sett á keðjurnar. Stillingin stillir hversu oft olíu er spýtt á og hana er hægt að stilla frá 1 og upp í 10, en þá líður lengst á milli ef 1 er valinn og 10 táknar hæstu tíðnina. Notið hærri stillingu ef skilyrði eru þurr eða rykmikil. Olíusprautun virkar aðeins þegar sjálfvirk stilling er valin og hraði aflúttaks er > 400 sn./mín.



Þessi stilling er sá tími sem baggahólfið helstu opið meðan bagginn er fluttur úr baggahólfinu yfir á pökkunarvélina. Fjórir möguleikar eru á færslutíma:



Þegar stillt er á „Stuttan“ tíma opnast lokið alveg og kemur svo niður aftur án þess að stöðvast uppi. Þegar ýtt er á flutningshnappana á meðan hólfið er að opnast stöðvast það og opnast ekki til fulls.



Þegar stillt er á „Langan“ tíma opnast lokið til fulls og stöðvast uppi í eina sekúndu áður en það lokast aftur. Þegar ýtt er á flutningshnappana á meðan hólfið er að opnast stöðvast það þegar það er opið til fulls.

Stillið þessa aðgerð á „Langan“ tíma þegar verið er að binda hálm, þurrhey eða aðra þurra uppskeru sem færast stirðlega eða við erfiðar aðstæður, svo sem í brekkum, en slíkt mun lengja tímann sem hver lota tekur. Stillið þessa aðgerð á „Stuttan“ tíma við allar aðrar aðstæður.



Stillingin „Handvirk lokun“ mun opna hólfið til fulls og stöðvast þegar það er opið til fulls. Til að halda aðgerðinni áfram verður notandinn að ýta á flutningshnappinn (R4). Þegar þetta er gert heldur aðgerðin áfram og hólfið lokast til að flytja baggann.



Með „Handvirkri opnun“ hættir hólfið að opnast þegar bagginn hefur verið bundinn. Til að halda aðgerðinni áfram verður notandinn að ýta á flutningshnappinn (R4). Þegar þetta er gert heldur aðgerðin áfram og hólfið opnast til að flytja baggann. Hólfið lokast sjálfkrafa.



Baggasnúningseiginleiki – Þessi eiginleiki er sérlega gagnlegur í miklu ryki/vindi. Eiginleikinn festir plastendana betur til að bagginn haldi lagi sínu. Hægt er að stilla eiginleikann á 0–15 sekúndur. Stillt er á 0 til að slökkva á honum.



Rúlla fyrir pökkun – Þessi eiginleiki rúllar bagganum áður en honum er pakkað inn með plastfilmu. Slíkt tryggir að bagginn sé í bestu stöðu og með bestu lögunina áður en pökkun hefst. Hægt er að stilla lengd baggarúllunar frá 0–10 s. Stillt er á 0 til að slökkva.



Filmuskynjari – Þessi stilling getur verið á Kveikt eða Slökkt (✓/✗). Venjulega er stillt á “Kveikt”, en ef filmuskynjunarbúnaðurinn er í ólagi er hægt að stilla á “Slökkt”. Filmuskynjarinn fylgist með filmunni á mótunarkeflunum. Ef annað mótunarkeflið hættir að mata filmu vegna þess að búið er af rúllunni lætur stjórnstöðin vita af því með hljóðmerki og tákn fyrir „Aðeins 1 rúlla eftir“ blikkar á skjánum. Það hægist um helming á baggasnúningnum og sá fjöldi snúninga sem pökkunarhringurinn á eftir tvöfaldast þannig að rétt filmuþekja kemur á það sem eftir er af bagganum. Ef síðara mótunarkeflið tæmist líka, snúast bæði keflin hægt og stöðvast í áfyllingarstöðu. Stjórnstöðin sýnir tákn sem þýðir „Filma búin“ og bíður átekta.



Sturtuhraði – Þetta er notað til að stilla hraða sturtu. Hægt er að stilla hraðann á 1 (hægt) til 10 (hratt).



Sturtuhlé – Þetta er notað til að stilla biðtíma sturtuarms í neðri stöðu þegar verið er að sturta. Biðstillingin getur verið frá 1 (stutt) í 10 (löng).



Hækkunarhraði – Þetta er notað til að stilla hraða hækkunar eftir sturtu. Hægt er að stilla hraðann á 1 (hægt) til 10 (hratt).




Íblöndunarefni – Þessi stilling er notuð til að kveikja/slökkva á sprautun íblöndunarefnisins. Tákn birtist á aðalvinnuskjánum þegar íblöndunarefnið er virkt. Þegar þessi stilling er virk kviknar á úttaki íblöndunarefnisins þegar hraði aflúttaksins er meiri en 400 sn./mín. Það slökknar sjálfkrafa á því meðan netpökkun stendur til að draga úr magni íblöndunarefnis sem fer til spillis þegar engin uppskera er mötuð inn. Þegar slökkt er á stillingunni lokast fyrir úðun íblöndunarefnisins þegar uppskeru er rúllað sem þarfnast ekki íblöndunarefnis.

Stjórnþúnaður íblöndunarefnis

Hægt er að setja upp viðbótarstjórnþúnað íblöndunarefnis (frá raðnúmeri 666184 eingöngu) til að koma í veg fyrir að íblöndunarefni sé eytt þegar hey er ekki fært í sópvinduna þegar ekið er yfir dældir eða þegar sópvindunni hefur verið lyft upp. Þegar þetta er sett upp slökknar á úttaki íblöndunarefnis þegar sópvindunni hefur verið lyft upp og úttakið fer aftur í gang þegar sópvindan er látin síga í vinnustöðu.

7.4.2 Baggateljarar





- Baggateljarar** – Velja má um tíu mismunandi baggatölur (A-J). Þegar samtala bagga er valin er hakað við hana, sjá A hér að ofan. Veljið annan teljara með upp- og niðurörvatökkunum (R2 og R3). Notið örvatakkana (L2 og L3) til að fletta hratt í gegnum listann. Þegar ýtt er einu sinni er hoppað af undirsamtölu A á F, þegar ýtt er aftur er hoppað á G og þegar ýtt er enn einu sinni er hoppað á heildartöluna. Hægt er að komast inn í upplýsingar sem notandi hefur valið fyrir tiltekna baggatölu með því að styðja á R5 (Enter). Þá kemur upp ný skjámynd með talnaborði sem hægt er að nota til að slá inn upplýsingarnar. Smurteljarinn er fyrir neðan baggatölu J og er auðkenndur með tákni fyrir olúkönnu. Endurstilla má allar baggatölur og baggatölu í smurlootu með því að styðja á hnapp R6 (Endurstilla). Ekki er hægt að endurstilla heildarbagga fjölda. Ef valin er samtala alls er stjórnandi vinnuvélar fluttur yfir á nýja síðu þar sem samtalan er sýnd sundurliðuð, ásamt vinnustundamæli.
- Upplýsingar viðskiptavinar** – Vélarstjórnandi getur skoðað/breytt fjölda upplýsinga um hvert verk fyrir sig. Vélarstjórnandi getur breytt þessum upplýsingum ef þörf krefur. Einnig er hægt að setja inn minnisþykka fyrir hvert verk. Vélarstjórnandi getur aukið/minnkað heildarfjölda bagga fyrir viðskiptavininn með því að ýta á +1 (L4) eða -1 (L5) hnappana. Ýtið á lyklorðstáknið (R6) til að opna lyklorðið og slá inn texta. Þegar nafn viðskiptavinarins hefur verið slegið inn sést það á upphafsskjámyndinni, undir baggateljaranum. Notið R2 og R3 til að fara á milli upplýsinganna sem eru á þessari valmynd:


 - Nafn viðskiptavinar
 - Heildarfjöldi bagga
 - Vinnutími (aflúttak meira en 80 sn./á mín.)
 - Fjöldi bagga sem var pakkað með neti eða nærfilmu
 - Fjöldi bagga sem var pakkað eða ekki pakkað
 - Fjöldi bagga sem voru skornir eða ekki skornir

- **Heildarsamtölur** – Þetta birtir samtölur ýmissa aðgerða, sem hér segir:
 - Heildarfjöldi bagga
 - Vinnustundir bindivélarinnar
 - Baggar sem bundnir hafa verið með neti
 - Baggar sem bundnir hafa verið með nærfilmu
 - Saxaðir baggar (hnífar uppi)
 - Ósaxaðir baggar (hnífar niðri)
 - Baggar sem vafðir hafa verið með plastfilmu
 - Baggar sem ekki hafa verið vafðir með plastfilmu

7.4.3 Stilling fyrir lög nets (Fusion 3 Pro)




Netlög – Þessi stilling ákvarðar hversu mörg lög af neti fara utan um hvern bagga. Hún nær frá 1,1 til 9,9.




Nethlé – Þessi aðgerð stillir tímann sem líður frá því að hljóðmerki fyrir „bagga lokið“ heyrir og þar til netfilmubúnaðurinn byrjar að mata baggahólfíð. Frá 0-9,9 sekúndur fyrir net.



7.4.4 Stilling fyrir lög nets/nærfilmu (Fusion 3 Plus)








Nærpökkun – Með þessari stillingu skiptir vélin milli þess hvort nærpökkun á nýtilbúnum bagga er með neti eða plasti.



Lög af neti/NRF - Þessi stilling ákvarðar hversu mörg lög af neti fara utan um hvern bagga. Hún nær frá 1,1 til 9,9. Fjöldi laga af nærfilmu er á milli 3,5 til 9,9.



Strekking á neti/nærfilmu – Þessi stilling stjórnar því hversu strekkt netið/nærfilman er. Þegar net er notað er hægt að stilla strekkinguna frá 1 (lítill) og upp í 10 (mikil). Þegar nærfilma er notuð miðast strekkingin við óskað hlutfall strekkingar. Sjá nánari upplýsingar á nærfilmurúllunni um ráðlagðar strekkingarstillingar frá framleiðanda. Vélin vistar síðustu stillingu strekkingar bæði fyrir net/nærfilmu þegar skipt er um stillingu.



Nærfilmuskynjari – stillingarnar eru fjórar:

- SLÖKKT
- 15–40% DM (DM = þurr efni)
- 41–60% DM
- >60% DM

Yfirleitt skal nota stillinguna 15–40% DM fyrir nærfilmu. Ef uppskeran er mjög þurr er hugsanlegt að ómarktækar „Engin nærfilma á bagganum“-viðvaranir birtist á skjánum. Ef þetta gerist skal skipta yfir í næsta valkost, þ.e. 41–60% DM.


Net-/nærfilmuhlé Þessi aðgerð stillir tímann sem líður frá því að hljóðmerki fyrir “bagga lokið” heyrst og þar til net-/nærfilmubúnaðurinn byrjar að mata baggahólfíð. Frá 0-9,9 sekúndur fyrir net og 0,1–2,5 sekúndur fyrir nærfilmu.

Töf vegna nets/nærfilmu

Sjálfgefin stilling tafar þegar unnið er með net er 3,0 sek., þ.e. 3 sekúndur eftir samfelld hljóðmerki til að gefa til kynna að baggin sé tilbúinn. Að þessari töf liðinni hefst mótun nets. Sjálfgefin stilling tafar þegar unnið er með nærfilmu er 1,2 sek., sem er 1,2 sek. eftir samfelld hljóðmerki sem gefur til kynna að baggi sé fullmótaður, eftir þá bið er byrjað að vefja nærfilmu.

Munurinn á stillingunni fyrir net annars vegar og nærfilmu hins vegar skýrist af því að tryggja þarf að hey sé flutt inn í baggan svo að það nái að grípa í enda nærfilmunnar og koma þannig í veg fyrir að filman sleppi út á milli kefla baggavélarinnar. Þessari stillingu má breyta eftir ökuhraða og óskum stjórnanda vinnuvélarinnar. Ef stillingin er aukin minnkar magn heys sem notað er til að halda enda nærfilmunnar frá keflunum, en meiri möguleiki er á að nærfilman fari milli keflis eða vefjist utan um kefli, en gæti hentað fyrir stjórnanda sem er vanur að halda áfram þrátt fyrir viðvörunarhljóðmerkið. Ef dregið er úr stillingunni eykst magn heys til að halda enda nærfilmunnar í bagganum, en aksturslag stjórnandans kann að vera þannig að þá fer of mikið hey á milli fyrsta og annars lags nærfilmunnar á bagganum. Ákjósanlegasta stillingin er þegar nægt hey er til að halda enda nærfilmunnar uppi við baggan en að hey nái ekki yfir meira en hálfan snúning baggans eftir að nærfilman tekur við.

7.4.5 Skjástillingar



Baklýsing - Með þessari aðgerð má stilla birtustig skjásins á 1 til 10.



Hljóðstyrkur- Stilla má hljóðstyrk stjórnstöðvarinnar á 1 til 5.



Stilla klukku/dagsetningu - Veljið valmyndaratriðið “Stilla klukku/dagsetningu”.



Myndavélarstilling – Fimm mismunandi myndavélarstillingar eru í boði.

Slökkt: Þegar stillt er á „Slökkt“ er ekki hægt að virkja mynd úr myndavélinni.



Handvirkt: Víxlhnappur myndavélarinnar skiptir af aðalskjámynd yfir á myndavél 1, og svo aftur yfir á aðalskjámynd.



Auto A: Þessi myndavélarstilling getur sjálfkrafa skipt á milli myndavélar 1 (aftari pökkunarmyndavélar) og myndavélar 2 (baggahólfsm myndavélar). Sjálfgefin stilling er að hafa tvær myndavélar í gangi, í 50:50-stillingu. Sjálfgefin röð þessarar stillingar er að ræsa myndavél 1 við vafningu á neti/nærfilmu til að sjá bagga sturtast, skipta svo yfir í myndavél 2 til að fylgjast með notkun nærfilmu og skipta svo aftur yfir í myndavél 1 til að fylgjast með færslu bagga og upphafi pökkunar.



Auto B: Þessi myndavélarstilling getur sjálfkrafa skipt á milli myndavélar 1 (aftari pökkunarmyndavélar) og myndavélar 2 (baggahólfsm myndavélar). Sjálfgefin stilling er að hafa tvær myndavélar í gangi, í 50:50-stillingu. Sjálfgefin röð þessarar stillingar er að ræsa myndavél 2 við vafningu á neti/nærfilmu til að fylgjast með notkun nærfilmu og skipta svo yfir í myndavél 1 til að fylgjast með færslu bagga og upphafi pökkunar.



Auto C: Þessi myndavélarstilling getur sjálfkrafa skipt á milli myndavélar 1 (aftari pökkunarmyndavélar) og myndavélar 2 (baggahólfsm myndavélar). Sjálfgefin stilling er að hafa eina myndavél, á öllum skjánum. Sjálfgefin röð þessarar stillingar er að ræsa myndavél 1 við vafningu nets/nærfilmu til að fylgjast með færslu bagga og upphafi pökkunar.


Athugið: **Fusion Pro**-vélin er búin einni myndavél þannig að ekki er hægt að skipta á milli myndavéla. Sjálfgefin stilling er Auto C sem sýnir pökkunarmyndavélina þegar netpökkun hefst.

Sérstilling myndavéla:

Hægt er að stilla Auto A, Auto B og Auto C sérstaklega. Þetta gerir stjórnandanum kleift að skipta um myndavélastillingar og raðir eftir hentugleika. Til að sérstilla er Auto-stilling valin og ýtt á hnappinn R4. Við það opnast skjámyndin hér að neðan.

Til að stilla raðartíma myndavélarinnar er viðeigandi tími valinn og stilltur með hnöppunum R5 og R6. Ef ekki þarf að skipta á milli myndavéla er tíminn stilltur á 0 sek. Ef t.d. á að birta mynd frá myndavél 2 fyrst þegar byrjað er að vefja net/nærfilmu er þessi myndavél stillt á 0 sek. Við það er skipt beint yfir í tímastillingu myndavélar 2.

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél



Þegar byrjað er að vefja net/netfilmu verður sjálfvirka myndavélaröðin virk:

1. Myndavél 1 er sýnd í "x" sekúndur og svo er skipt yfir í
2. Myndavél 2 í "x" sekúndur, svo er skipt yfir í
3. Myndavél 1 í "x" sekúndur, svo er skipt yfir í
4. Myndavél 2 í "x" sekúndur, svo er skipt yfir í upphafsskjámynd

Þegar myndavél er notuð í „x2-stillingu“ og nærfilmupökkun baggans er ekki sem skyldi og nærfilmuvilla er birt. Tveimur sekúndum eftir að villan er birt er mynd annarrar myndavélarinnar birt til að gera stjórnandanum kleift að athuga hvort nærfilman hafi verið notuð. Eftir aðrar fimm sekúndur er upphafsskjámyndin opnuð aftur.

7.4.6 Valmynd tæknimanna



Í valmynd tæknimanna er mikið af grundvallarstillingum og inn í hana komast aðeins vélamenn með umboð frá **McHale**. Slá þarf inn PIN-númer til að fá aðgang að þessari valmynd. Sama á við um flipann "Bilanagreining", sem kemur síðast.


7.5 Valkostir

Eftirfarandi valkostir eru tiltækir:


- Baggavigtun
- Rakanemi fyrir heyskerm
- Móttökuprentari

7.5.1 Baggavigtun

Þegar baggavigtun er sett upp og virkjuð birtist baggavigtunartáknin á aðalskjánum eins og sýnt er hér fyrir neðan. Þegar ýtt er á Enter (hnapp 10) er kveikt og slökkt á baggavigtun.



Baggavigtun virk




Slökkt á baggavigtun

Þar sem ekki er ávallt nauðsynlegt að vigta hvern bagga, er hægt að slökka og kveikja á kerfinu með því að ýta einu sinni á Enter (hnapp 10) neðst á stjórnstöðinni. „X“ birtist ofan á baggavigtunartákninu þegar slökkt er á vigtun.

Þegar bagga er velt af mun aftari veltiarmurinn síga lítillega og stöðvast í um 2 sekúndur. Þegar þetta gerist er baggin vigaður og þyngdin birt á skjánum. Þyngdirnar eru lagðar saman og meðalþyngd bagga fyrir núgildandi viðskiptavin birtist í viðmóti viðskiptavinarins.

ATHUGIÐ: Stöðva verður vélin og á jafnsléttu grundu þegar verið er að velta böggum til að niðurstöðurnar séu sem nákvæmastar.


Baggavigtun með hliðarveltu



Ef vélin er búin hliðarveltubúnaði til að láta baggana standa upprétta, verður að stilla vigtunarkerfið á „ST“-vigtun. Þetta aðlagar útreikninginn til að draga frá þyngd hliðarveltunnar. Til að setja kerfið á „ST“-vigtun skal ýta á hnappinn Enter (hnapp 10) og halda honum inni í 5 sekúndur. „ST“ birtist á skjánum.

7.5.2 Rakanemi fyrir heyskerm

Hægt er að setja valfrjálsan rakanema fyrir heyskerm upp á vélinni. Þegar neminn er til staðar birtist rakatákn á aðalskjánum. Raunverulegt rakastig birtist þegar hraði aflúttaksins er meiri en 400 sn./mín. Þegar baggin er 90% fullur eru rakagildin skráð þar til netpökkun hefst. Þegar netpökkun hefst er meðalrakagildi reiknað út og birt. Þetta gildi er notað til að búa til meðalrakagildi fyrir viðmót viðskiptavinarins.



7.5.3 Móttökuprentari

Allar viðeigandi vinnuupplýsingar eru sjálfkrafa vistaðar í viðmóti viðskiptavinarins sem finna má í valmynd viðskiptavina og þær er hægt að prenta út með móttökuprentara. Eftirfarandi upplýsingar eru skráðar:

- Nafn viðskiptavinar
- Vinnutími baggavélarinnar (yfir 400 sn./mín.)
- Baggafjöldi á klukkustund
- Fjöldi bagga sem var pakkað með neti/nærfilmu
- Fjöldi bagga sem var pakkað/ekki pakkað
- Fjöldi bagga sem voru skornir/ekki skornir
- Meðalrakagildi bagga (ef til staðar)
- Meðalþyngd bagga (ef til staðar)



M-Hale	

Agri Contractors	
Ireland	
094 1234567	

Customer A	
15:21 26/09/2018	


Total:	48 Bales
Time:	1:16 Hrs:Min
Netting:	NET
Wrapping:	OFF
Knives:	OFF
Avg. Moisture:	18%
Avg. Weight:	943Kg

Notes	

Forskoðun er einnig birt. Upplýsingar um verktaka er hægt að færa inn hér:

- Nafn fyrirtækis
- Heimilisfang
- Samskiptaupplýsingar

Hægt er að sérsníða allar upplýsingar í forskoðun fyrir prentun. Prentuð kvittun getur reynst viðskiptavinum gagnleg, en gagnast einnig verktakanum til að hann geti skráð upplýsingar um þau verk sem unnin eru yfir daginn.



Ýtið til að fá aðgang að upplýsingum um viðskiptavin



7.6 Viðvörðunarskilaboð

Stíflulosun



Þetta er í raun ekki villuboð en gefur til kynna að stíflulosun sé virk.
(2001)



Með því að styðja snögg á hnapp R2 (Endurstilla stíflulosun) á stjórnstöðinni má setja allt í vinnslustöðu á ný.
(2002)

Hnífabrýstingur of mikill



Þessi viðvörðun segir vélarstjórnanda að vökvaþrýstingurinn sem heldur söxunarhnífum uppi sé of mikill til að hægt sé að halda áfram að binda, en þetta getur valdið tjóni á hnífum eða öðrum hlutum vélarinnar. Þessi viðvörðun birtist ef hnífum er lyft handvirkt með hámarksþrýstingi. (Sjá „Hnífanotkun“). Til þess að þurrka út þessa viðvörðun þarf að skipta aftur í handvirkan ham og láta hnífana síga.
(2003) og (2011)

Net/nærfilma, skurðarstaða



Þessi viðvörðun kemur upp þegar netið/nærfilman er ekki í réttri stöðu. Laga þarf stöðu netsins/nærfilmunnar með höndunum. (Sjá „Stilling fyrir lengd nets“). Ýtið svo á “Net/NRF Feed” (mötun nets/nærfilmu) (hnappur R3) til að halda áfram.
(2004)

Villuboð vegna stöðu þökkunarbúnaðar



Þessi viðvörðun kemur upp þegar þökkunarbúnaður er ekki í réttri stöðu til að hægt sé að velta bagganum af. Notið hnappa L3 og L4 til að snúa þökkunarbúnaðinum áfram eða afturábak þannig að hann komist í heimastöðu.
(2005)

Netvilla/nærfilmuvilla



Þessi viðvörðun kemur upp ef netið/nærfilman er rifin eða á þrotum. Laga þarf stöðu netsins/nærfilmunnar með höndunum eða ganga frá nýrri rúllu. (Sjá „Stilling fyrir lengd nets“). Ýtið svo á „Mötun nets/nærfilmu“ (hnappur R3) til að halda áfram.
(2006)

Þökkunarbúnaður snýst ekki



Þetta gefur til kynna að þökkun sé hafin en þökkunarhringurinn sé enn ekki farinn að snúast. Athugið hvort olíuhleðsla dráttarvélarinnar sé tengd og kveikt á henni. Hafið samband við söluaðila **McHale** ef ekki tekst að leysa vandann.
(2007)

Hraðaskynjari vökvamótors



Þessi viðvörðun kemur upp ef hraðaskynjari vökvamótors sést ekki blikka eftir að þökkunarhringurinn er farinn að snúast. Hafið samband við söluaðila **McHale** ef þessi viðvörðun sést.
(2008)

Staða baggaveltuarms



Baggaveltuarmur er ekki í réttri stöðu. Þetta kemur upp ef armurinn er niðri þegar “AUTO” er valið. Skiptið aftur yfir í handvirkan ham. Lyftið baggaveltuarminum handvirkt með því að styðja á “Baggaveltuarmur upp” (hnappur R5, skjámynd 1).
(2009)

Pökkun tókst ekki



Ef stutt er á „Stoppnappinn“ (hnapp 11) meðan baggi er í pökkun, kemur sú villa fram næst þegar stjórnstöðin er stillt á „Auto“. Styðjið á hnapp R5 (Halda áfram/Endurpakka) til að leiðrétta villuna og ljúka pökkunarferlinu. Þurrka má út villuboðið með því að styðja á „ESC“.

(2010)

Spenna of lág



Þessi viðvörðun sést á skjánum þegar spenna fellur niður fyrir 11 volt. Ástæða þess er næstum alltaf annaðhvort gölluð raftaug eða tærðar tengingar. Gangið úr skugga um að tenging raftaugarinnar í Euro-innstunguna sé úr gæðaeefni. Athugið aflgjafa dráttarvélarinnar.

(2012)

Pökkunarbúnaður gengur of hratt



Þessi viðvörðunarskilaboð koma á skjáinn ef pökkunarhringurinn snýst hraðar en 40 sn./mín. Verksmiðjustillingin er 36 sn./mín. Þannig að þessi viðvörðun sést yfirleitt ekki nema fíktað hafi verið við vökvakerfisstillingar.

Hafið samband við söluaðila **McHale** ef þessi viðvörðun sést. (2013)

Staða stöðvunarrofa



Þetta gefur til kynna að stutt hafi verið á hnapp 11 (Stopp) á stjórnstöðinni. Það stöðvar allt sem vélin er að gera. Snúið stoppnappnum réttisælis til að endurræsa.

(2014)

CANBUS virkar ekki



Þessi skilaboð gefa til kynna að ekkert samband sé milli stjórnstöðvarinnar og rafeindaheila bindivélarinnar. Hafið samband við söluaðila **McHale** ef þessi viðvörðun sést. (2015)

Velta bagga



Þessi viðvörðun sýnir blikkandi bagga á pökkunarvél segir vélarstjórnanda að velta fullbúna bagganum af pökkunarvélinni vegna þess að hann kemur í veg fyrir að net-/nærfilmupakkaði baggin komist þangað. Ef „Sjálfvirk baggavelta“ er valin, veltir vélin bagganum sjálfkrafa af. Styðja skal svo á „Velta bagga“ (hnapp R6) til að ljúka baggaveltuferlinu.

(2017)

Smurteljari



Hljóðmerki er haft sem viðvörðun til að minna vélarstjórnanda á að skipta um smurfeitistúpu og fylla á olíuforðageyminn eftir tiltekinn fjölda vinnsluferla. Það telur niður frá 300 og gefur áminningu þegar það er komið niður í núll. Ýtið á “ESC” til að slökka á hljóðmerkinu. Áður en að því marki kemur má endurstilla merkið með aðstoð baggatöluvalmyndarinnar. (Sjá „Baggateljarar“) (2018)

Filma búin



Þegar báðar filmurúllur eru búnar kemur þessi aðvörðun upp á skjánum og pökkunarhringurinn snýst rólega þar til fyrra mótunarkeflið er komið í áfyllingarstöðu og hægt er að setja á það nýja rúllu. (Sjá „Áfylling plastfilmu“). Ýtið á “ESC” til að slökka á hljóðmerkinu. (ATH. Tónn þessarar viðvörðunar/hljóðmerkis er annar en þegar aðeins er notað eitt mótunarkefli fyrir plastfilmu, sjá viðvörðun hér að ofan). (2019)

Tilfærsla mótunarkefla



Þessi skjár kemur upp þegar verið er að færa til mótunarkeflin með utanáliggjandi tilfærsluhnappinum aftan á vélinni. (Sjá „Áfylling plastfilmu“) (2020)

Engin nærfilma á bagga (Fusion 3 Plus eingöngu)



Ef nærfilmupökkun baggans er ekki sem skyldi kemur þessi viðvörðun upp og ferlið stöðvast. Þegar myndavélin er stillt á „X2-stillinguna“, er myndavél 2 sýnd sjálfkrafa til að vélarstjórnandi geti athugað hvort nærfilman hafi verið sett á. Slökkt er á myndavélarskjámyndinni eftir fimm sekúndur ef ekki er skipt handvirkt af henni með hnappinum. (2021)

Net/nærfilma, enginn skurður



Þessi viðvörðun kemur upp þegar netið/nærfilman er ekki skorin eða vélin skynjar ekki að hún hafi verið skorin. Hafið samband við söluaðila **McHale** ef þessi viðvörðun sést. (2022)

Of mikill hraði á aflúrtaki



Þessi viðvörðun kemur upp ef hraði á aflúrtaki fer upp fyrir 700 sn./mín. Fyrir vélar sem búnar eru gírkassa með 1.000 sn./mín. birtast viðvörðunarskilaboðin ef hraðinn fer umfram 1030 sn./mín. Dragið úr hraða aflúrtaksins.
(2023)

Aðeins ein rúlla eftir



Þegar filmuskynjari er í sambandi kemur þessi aðvörðun upp á skjáinn um leið og annað mótunarkeflið er orðið filmulaust og pökkunarkeflin ganga þá á hálfum hraða til þess að pakka megi bagganum rétt inn með filmurúllunni sem eftir er. Ýtið á „ESC“ til að slökka á hljóðmerkinu. „X1“ hnappurinn birtist undir viðvörðuninni til að gera notandanum kleift að skipta úr hamnum „X1“ án þess að fara í valmynd vélarinnar.
(2024)

Stöðvunarrofi aftan á



Þegar ýtt er á stöðvunarhnappinn að aftan eru allar aðgerðir gerðar óvirkar og viðvörðunin „Stöðvunarrofi að aftan“ birtist. Snúið rofanum réttisælis til að endurstilla og setja allar aðgerðir af stað aftur.
(2028)

Afturhlerarofi



Vélrænn öryggisrofi á vinstra afturhleranum (þar sem fyllt er á með plastfilmu) stöðvar allar aðgerðir meðan hlerinn er opin. Ef afturhleranum er ekki lokað rétt, kemur viðvörðunarkerkið „Afturhlerarofi“ á skjáinn.
(2029)



VARÚÐ: Tryggið að rofi afturhurðarinnar virki sem skyldi

Viðvörðun um rofa afturhurðar ætti ávallt að birtast á stjórnstöðinni þegar afturhurðin er opin. Ef það er ekki raunin eða ef viðvörðunin birtist þegar afturhurðin er lokað til fulls skal hafa samband við söluaðila **McHale**.

Viðvörðun um að hnífar hafi sigið



Þessi viðvörðun er sett af stað ef skynjarinn greinir að hnífar hafi sigið, jafnvel mjög lítið við böggun. Ýtið á hnappinn „ESC“ til að stöðva viðvörðunina. Þetta gefur yfirleitt til kynna að það þurfi að brýna hnífana.
(2030) og (2031)

Viðvörðun fyrir upphalla



Ef halli bindivélarinnar upp á við er of mikill fyrir þegar flytja á baggann í þökkunarvél er flutningurinn sjálfkrafa stöðvaður og þessi viðvörðun birtist. Stjórnandi vinnuvélarinnar þarf að rétta bindivélina af og ýta á hnappinn “Flytja” til að setja ferlið af stað aftur. Ýtið á “ESC” til að slökkva á hljóðmerkinu.
(2032)

Áminning um að endurstilla heildarfjölda



Þessi áminning er til að minna stjórnanda vinnuvélarinnar um að endurstilla/breyta heildarfjölda viðskiptavinar (A – J) þegar nýtt verk hefst. Áminning verður virk þegar aflúttakið er sett af stað og teljarinn er ekki á núlli.
(2033)

Tími rennur út þar sem ekki tókst að ná réttum þrýstingi í hnífum er ekki náð



Þessi viðvörðun birtist ef þrýstingur í hnífum er ekki nægilegur þegar verið er að lyfta hnífunum. Hafið samband við söluaðila **McHale**.
(2040)

Ytri sturtubúnaður



Þessi skjámynd kemur upp þegar ýtt er á hnapp sturtubúnaðarins, aftan á vinnuvélinni. (Sjá „Endaveltubúnaður“)
(2041)

Viðvörðun um að hólfíð opnist



Þessi viðvörðun er birt ef hólfíð lokast ekki að fullu eftir að baggi hefur verið fluttur yfir á þökkunarvél. Kannið hvort uppskera hafi safnast upp.
(2044)

Viðvörðun um þéttiprýsting



Þessi viðvörðun birtist ef þéttiprýstingur fyrir hleðslu markbaggans er ekki nægilegur þegar hólfíð er að lokast. Hafið samband við söluaðila **McHale**.
(2045)

Stjórn tölvu sækir mynd



Þessi viðvörðun birtist þegar neyðarstöðvunarhnappurinn er endurstílltur. Þessi framvindustika er sýnd í fimm sekúndur á meðan stjórn tölvun kemur samskiptum aftur á.
(2047)

Viðvörðun pökkunarstillingar



Þessi viðvörðun er birt ef pökkun er stillt á „x1“ en plastfilmuskynjararnir greina að verið er að nota aðra rúllu. Þegar önnur filmurúllan greinist verður pökkunarstillingunni sjálfkrafa skipt í „X2“ (eðlilega) pökkun. Ýtið á „ESC“ til að slökkva á hljóðmerkinu.
(2049)

Viðvörðun um sturtu í halla



Þegar sjálfvirk sturta er notuð og bindivélin er í of miklum halla birtist þessi viðvörðun, og sturta er stöðvuð, til að vara stjórnanda við að ekki sé hægt að sturta bagga þar sem hætta sé á að hann rúlli í burtu. Stjórnandi hefur þá tíma til að aka bindivélinni á betri stað. Hann ýtir svo á sturtuhnappinn (R6) til að sturta bagganum handvirkt. Þegar sturtu er lokið hefst færslulotan á ný. Ýtið á „ESC“ til að slökkva á hljóðmerkinu.
(2050)

Viðvörðun um endaveltu



Þessi viðvörðun birtist til að vara vélarstjórnanda við því að hliðarbúnaður (ef hann er festur við) sé í flutningsstöðunni og hann verði að færa í vinnustöðuna áður en vinnuvélin er notuð. Slíkt er gert til að koma í veg fyrir að pökkunarhringurinn og hliðarbúnaðurinn skemmist ef vélarstjórnandi gleymir því að færa hliðarbúnaðinn í vinnustöðu þegar vinna á að hefjast.
(2051)

Tími rennur út þar sem veltuskynjari greindist ekki



Þessi viðvörðun sýnir að baggaveltuskynjarinn greindist ekki innan 10 sekúndna eftir að baggaveltuarminum var lyft. Hafið samband við söluaðila **McHale**.
(2052)

Tími rennur út þar sem „upphafsstaða“ þökkunarbúnaðar greindist ekki



Þessi viðvörðun birtist ef upphafsstaða þökkunarbúnaðarins greinist ekki þegar þökkunarbúnaðurinn er að snúast við þegar þökkunarferlinu lýkur. Hafið samband við söluaðila **McHale**.
(2053)

Viðvörðun um hámarksþvermál



Þessi viðvörðun birtist ef bagginn er kominn í hámarksþvermál áður en hann fer í netþökkun. Ekki er hægt að taka meira hey inn og nauðsynlegt er að netþakka bagganum og flytja hann áfram til að forðast að skemma vélina.
(2057)

Stífla eftir að 90% markinu er náð



Þessi viðvörðun birtist ef stífla kemur upp eftir að 90% markinu er náð og ýtt var á stíflulosunarhnappinn (R2) til að hefja stíflulosun. Þetta opnar baggahólfið lítillega og gerir það auðveldara að losa um stífluna í baggahólfinu. Þegar mótunarstokkurinn er endurstílltur eftir að búið er að losa um stífluna lokast baggahólfið sjálfkrafa og baggamótun getur haldið áfram.
(2060)



UMHVERFISMÁL: Dragið úr pappírnotkun

Íhugið hvort nauðsynlegt sé að prenta út skjöl! Gæti PDF-skjal á fartölvu eða spjaldtölvu komið í staðinn? Ef nauðsynlegt er að prenta út afrit skal alltaf velja „Prenta báðum megin á síðu“ og reyna að takmarka fjölda prentaðra blaðsíðna með því að velja bil fyrir tilgreindan blaðsíðufjölda eða velja aðeins „Þessi síða“ ef það nægir.

Fusion 3 PRO/FUSION 3 PLUS LEIÐBEININGAR UM SJÁLFRIRKA STILLINGU

(Hugbúnaðarútgáfa IS311-005)

(Tákn fyrir nærfilma (NRF), sést ef nærfilma er valin)
Nærfilma á eingöngu við um Fusion 3 Plus)

Skiptir á milli Handvirkra og Sjálfvirkra vinnuhamsins.

Valmyndarhnappur Aðgangur að valmyndarstillingum.

Sýnir núverandi og áætlaða snúninga pökkunarhrings.

Haldið inni í 1 sekúndu til að hefja sjálfvirkan skurð. Þetta snýr pökkunarvélinni einn hring og sker filmina.

Ýtið á bennan hnapp til fresta því að bagga sé sturtað þegar kveikt er á sjálfvirkri sturtu.

Skjár sem sýnir hraða afluttaks í rauntíma.

Hnappur til að kveikja/sökkva Haldið inni til að kveikja eða slökkva.

Víxihnappur fyrir skjá Skiptir á milli skjás 1 og skjás 2 í **Handvirkra** hamnum. Skiptir á milli upplýsinga eftir á skjánum í **Sjálfvirkra** hamnum.

Sýnir mikilvægar upplýsingar um vinnuvélina. Ýtið á víxlnappinn á skjánum til að fá frekari upplýsingar.
 - Lög neits/nærfilma (**nærfilma á eingöngu við um Fusion 3 Plus**)
 - Nafn viðskiptavinar / Baggatjóli
 - Snúningur pökkunarhrings (birtast ekki ef slökkt er á pökkunarvél)
 - Staðsetning + brýstingur hnifa
 - Rafspenna aftgjafa

Hnifar
Fjöldi virkra hnifa sem saxa. Ýtið til að fletta á milli valkosta sem eru í boði.

Stíflulosun
Haldið inni í 1 sekúndu til að færa botn mótunarstokks niður á við. Ýtið aftur til að endurstilla botn mótunarstokks í vinnustöðu.

Net/nærfilma, mötun eða seinkun
Ýtið einu sinni til að gera hlé á net-/nærfilmupökkun. Gulur kassi mun auðkenna hnappinn. Haldið inni í 1 sekúndu til að hefja net-/nærfilmupökkun.

Transfer (flytja)
Ýtið á við net-/nærfilmupökkun til að gera hlé á flutningi. Gulur kassi mun auðkenna hnappinn. Haldið inni í 1 sekúndu til að hefja flutning.

Pökkunarvél
Haldið inni í 1 sekúndu til að hefja/halda áfram pökkun.

Baggavelta
Ýtið til að velta bagga.

Stöðvunarnappur
Slekkur á vélinni.

Tákn sem birtist þegar kveikt er á sjálfvirkri veltu.


Lítil baggi birtist þegar hölfið er næstum orðið fullt.

Skiptir á milli aðalskjásins og myndavélarinnar.

Hnappurinn Heim
Fer með notandann aftur á aðalskjá.

Fusion 3 PRO/FUSION 3 PLUS LEIÐBEININGAR UM VALMYND

Uppsetning á baggavél



Sjálfvirk baggavelta: Þegar hún er stillt á „Kveikt“ (✓), veltir vélin bagganum sjálfkrafa af á meðan netpökkun þess næsta fer fram í baggahólfinu. Þegar hún er stillt á „Slökkt“ (✗), verður að halda inni Veltihnappnum til að velta bagganum.


Pökkunarvél: Hægt er að kveikja/slökka á þessari stillingu (✓/✗ x1). Þegar pökkunarvélin er stillt á „x1“ er gert ráð fyrir að ein plastfilmurúlla hafi verið sett í. Pökkunarvélin byrjar í 50:50 stillingu.

Snúningshraði pökkunarhrings: Stillir snúningshraða pökkunarhrings.

Eðlisþyngd: Þetta stillir forþrýstinginn í baggahólfinu. 1 = lágmarkspéttni bagga, 10 = hámarkspéttni bagga.

Viðvörðun um fullmótaðan bagga: Þessi stilling stjórnar því hversu mikið baggahólfíð opnast áður en hljóðmerkið um fullmótaðan bagga heyrir. Notið lægri stillingu þegar unnið er í þungum heytum.

Smurskammtur: Stillir magn smuroliu sem skal nota.



Færslutími: Þessi stilling stjórnar tímanum sem baggahólfíð lokast ekki alveg eftir að baggi hefur verið fluttur yfir á pökkunarvél.




Skynjarar pökkunarplasts: Kveikir á skynjurum pökkunarplasts (✓) eða slekkur á þeim (✗).

Veltihraði niður á við: Hægt er að stilla hraðann á 1 (hægt) til 10 (hratt).

Hlé á sturtu: Biðstillingin getur verið frá 1 (stutt) í 10 (löng).

Veltihraði upp á við: Hægt er að stilla hraðann á 1 (hægt) til 10 (hratt).


Eiginleiki baggarúllu: Tímalengd baggarúllu getur verið 0- 15 sek. Stílið á 0 s til að slökka.



Íblöndunarefni: Þessi stilling er notuð til að kveikja/slökka á sprautun íblöndunarefnisins.

Rúllun fyrir pökkun: Tímalengd baggarúllu getur verið 0- 10 sek. Stílið á 0 s til að slökka.

Valmynd nets/nærfilmu (nærfilma á eingöngu við um Fusion 3 Plus)



Vafningur nets/nærfilmu: Velur „net“ eða „nærfilmu“.


Lög neta/nærfilmu: Velur fjölda laga. Lágmark fyrir nærfilmu = 3,5

Strekking á neti/nærfilmu: Hám./lág. er ólíkt fyrir hverja gerð neta/nærfilmu fyrir sig.

Net/nærfilmu skynjari: Þegar hann er stillt á „Kveikt“ hefst flutningur ekki sjálfkrafa ef hann skynjar að netið/nærfilman er ekki á bagganum. Kveikt (✓) eða Slökkt (✗).

Töf vegna nets/nærfilmu: Stillir hlé á milli viðvarana um fullmótaðan bagga og hvenær mótun á neti/nærfilmu hefst.

Valmynd stjórneiningar



Birtustig skjás

Hljóðstyrkur hljóðmerkis

Myndavélarstilling - Fimm mismunandi myndavélarstillingar eru í boði. Slökkt, Man, Auto A, Auto B og Auto C.

Stilling á tíma og dagsetningu



8

Hvernig pökkunarbúnaðurinn vinnur

Vinnuvélin er búin pökkunarkerfi með tveimur keflum fyrir plastfilmu. Gagnstætt hefðbundnum pökkunarbúnaði snúast mótunarkeflin í kringum baggann í lóðréttu plani. Burðargrindin fyrir keflin er fest beint fyrir aftan baggahólfið Þótt hringurinn sem ber keflin (pökkunarhringurinn) sé vel varinn af öryggishlífum og rafstýrðum öryggisrofum verður vélarstjórnandi að ganga úr skugga um að hvorki fólk né skepnur komi nálægt honum meðan vélin er í gangi.



VIÐVÖRUN: Haldið ykkur frá „hættusvæðinu“


Sjáið til þess að allir haldi sig utan „hættusvæðisins“ meðan á öllum aðgerðum vélarinnar stendur! (Sjá „Hættusvæði“)




UMHVERFISMÁL: Endurvinnsla plastfilmunnar

Virðið umhverfið! Hendið aldrei eða brennið úrgangsplastfilmu. Flytjið úrgang alltaf í endurvinnslustöð.

8.1 Áfylling plastfilmu



1. Öryggishlífina fyrir mótunarkeflunum, vinstra megin á vélinni, má opna með því að losa aðalfestinguna (A) með 13 mm skrúflykli eða skrúfjárnri með flötu blaði og ýta síðan hinu festingarhandfanginu (B) upp á við.



2. Takið splittið úr og losið upp lásinn á filmurúllunni. Ýtið á gormspennta skammtara beltagrindarinnar og festið krækjuna til að halda keflunum frá miðjupinnanum.

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél



3. Fjarlægjið tóma hólkin og gangið úr skugga um að honum sé fargað á viðeigandi hátt.



4. Ýtið nýju rúllunni niður á miðjustautinn, festið lásinn á filmurúllunni og setjið splittið aftur í.



5. Þræðið filmuna í gegnum mötunarkeflin eins og skýringarmyndin sýnir og gætið þess að klemma ekki fingurna á milli keflanna.



6. Togið u.þ.b. einn og hálfan metra af filmu út af keflinu og hnýtið upp á endann á filmunni. Ýtið á gormspennta skammtara beltagrindarinnar og losið krækjuna til að keflin leggist á ný upp að plastrúllunni.



7. Lokið öryggishlífinni fyrir keflunum. Styðjið á tilfærsluhnappinn fyrir keflin, aftan á vélinni, í u.þ.b. tvær sekúndur, til þess að hitt mötunarkeflið snúist í rétta stöðu, „heimastöðu“. Þökkunarhringurinn getur aðeins snúist þegar öryggishlífin er lokuð og stjórnstöðin verður að vera stillt á sjálfvirkan ham þegar stutt er á þennan hnapp.

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og pökkunarvél



- Opnið öryggishlífina og fyllið á keflið, eins og áður. Þræðið filmuna í gegnum mötunarkeflin eins og skýringarmyndin sýnir og gætið þess að klemma ekki fingurna á milli keflanna.



- Togið u.þ.b. einn og hálfan metra af filmu út af mötunarkeflinu og hnýtið upp á endann, eins og áður.



- Dragið hnýtta endann á filmunni inn í raufina vinstra megin á aftara pökkunarkeflinu.



- Grípið filmuendann sem lafir niður við mötunarkeflið hægra megin og dragið hnýtta endann á filmunni inn í raufina hægra megin á aftara pökkunarkeflinu.



- Lokið hlífinni vandlega og gangið úr skugga um að bæði festingarhandfangið og aðalfestingin grípi.



VIÐVÖRUN: Klemmið ekki filmuna í búnaðinn sem grípur og sker filmuna

Reynið ekki að klemma ekki filmuna í búnaðinn sem grípur og sker filmuna. Slíkt getur valdið alvarlegum meiðslum!



ATHUGIÐ: Að halda áfram ferli sem villuboðið „Filma búin” stöðvaði

Pökkunarferli sem villuboðið „Filma búin” truflaði, heldur áfram þegar stutt er á hnappinn „Halda áfram” í stjórnstöðinni.



VARÚÐ: Tryggið að rofi afturhurðarinnar virki sem skyldi

Viðvörðun um rofa afturhurðar ætti ávallt að birtast á stjórnstöðinni þegar afturhurðin er opin. Ef það er ekki raunin eða ef viðvörðunin birtist þegar afturhurðin er lokuð til fulls skal hafa samband við söluaðila **McHale**.



Filma búin

8.2 Plastfilma, gæði og eiginleikar

Gæði rúlluheys byggjast ekki síst á því að notuð sé hágæðaplastfilma, auk þess sem rúllurnar verða að vera þéttar og vel lagaðar. Rúlluhey verður aldrei gott ef léleg plastfilma er notuð, hversu vel sem vélin þakkar bagganum inn. Plastfilmu skal alltaf nota og geyma samkvæmt leiðbeiningum filmuframleiðandans.

Mælt er með því að minnst ferfalt (4) lag af neti fari utan um baggan. Ef verið er að pakka grófu heyi/hálmi með miklu af trénuðum stönglum getur verið nauðsynlegt að pakka sexfalt (6) eða áttfalt (8) til þess að tryggja að pökkunin verði alveg loftþétt.



ATHUGIÐ: Vélarstjórnandi verður að líta eftir því að baggarnir pakkist rétt

Vélarstjórnandi verður að ganga úr skugga um að baggarnir pakkist rétt. Góð vinnuregla er að líta með reglubundnum hætti eftir því hvort vart verði við rifna, tætta eða götuga plastfilmu á pökkuðum böggum.

8.2.1 Að ákvarða fjölda snúninga pökkunarhringsins

Við að ákvarða fjölda snúninga pökkunarhringsins skal fylgja eftirfarandi verklagi:

1. Stýrið vélinni handvirkt úr stjórnstöðinni og teljið sjálf fjölda þeirra snúninga sem pökkunarhringurinn þarf að fara til þess að þekja baggan alveg með plastfilmu.
2. Bætið 0,5 við þessa tölu

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og pökkunarvél

3. Margfaldið þá tölu sem út úr því kemur með 2 (fyrir ferfalda pökkun), 3 (fyrir sexfalda pökkun), 4 (fyrir áttfalda pökkun), 5 (fyrir tífalda pökkun) o.s.frv.
4. Námundið að næstu heilu tölu ef útkoman er með broti af heilli tölu.

Dæmi:

- Fjöldi snúninga pökkunarhrings sem þarf til að þekja baggan: $3,5 = (x)$
- Fjöldi snúninga sem þarf til að pakka bagga með ferföldu lagi = $(3,5 + 0,5) \times 2 = 8$

Mikilvægar athugasemdir:

- (x) „Snúningur pökkunarhrings“ = bæði mótunarkeflin snúast 360° í kringum baggan.
- Rúllubindivél er með föstu baggahólfi sem skilar böggum sem venjulega eru 1.230 til 1.270 mm að þvermáli. Þó geta baggar úr henni orðið meira en 1.270 mm í þvermál ef eitthvað af eftirfarandi á við:
 - (a) Þegar ekki nægjanlega mikið af neti/nærfilmu hefur farið utan um baggan (sérstaklega þegar uppskeran er mjög þurr)
 - (b) Ef baggahólfið hefur verið yfirfyllt, þannig að ekki næst að þjappa bagganum saman í rétta stærð.



ATHUGIÐ: Yfirfarið þvermál bagga til að finna út hvort snúningar pökkunarhrings séu nógu margir

Það er mjög mikilvægt að átta sig á því að þegar þvermál bagga er komið yfir 1.300 mm eru snúningar pökkunarhringsins, sem miða við venjulegan 1.250 mm bagga, orðnir of fáir. Þess vegna er nauðsynlegt að skoða þvermál bagganna í hvert skipti sem komið er í nýja gerð uppskeru eða þegar stærð og þéttleiki múganna sem verið er að binda úr eru mjög breytileg.

8.3 Pökkunarferlið

Pökkunarferlið hefst sjálfkrafa um leið og vélin hefur færð baggann úr baggahólfinu yfir á pökkunarpallinn (baggahólfslok niðri, aftasta keflið alveg uppi og aðgangshleri lokaður). Þegar búið er að pakka bagganum inn í valinn fjölda filmulaga grípa tvær skurð- og gripeiningar filmuna og skera hana. Pökkunarferlinu er lokið og bagginn tilbúinn til losunar.

Sjálfvirk sturta er valin, pakkaði bagginn er losaður þegar næsti baggi er tilbúinn í net eða nærfilmu.



ATHUGIÐ: Bagginn færir ekki yfir á pökkunarpallinn ef pökkunarhringurinn er ekki í réttri stöðu

Bagginn færir ekki út úr baggahólfinu ef pökkunarhringurinn er ekki í réttri stöðu. Þetta er öryggisatriði og telst eðlilegt. Í þessu tilviki heyrir hljóðmerki og villuboðið „Staða pökkunarhrings“ kemur upp á skjá stjórnstöðvarinnar. Hnappar fyrir áframsnúning og afturábaksnúning verða virkir í stjórnstöðinni. Styðjið á viðeigandi hnapp til að leiðrétta og þegar leiðrétting hefur farið fram mun bagginn færast og pökkunarferlið hefjast.



Villuboð vegna stöðu pökkunarhrings




VARÚÐ: Veltið ekki böggum af á ferð

Ekki ætti að velta böggum af þegar vélin er á ferð því það stóreykur hættuna á að plastfilman skemmist.

8.4 Val um drif mötunarkefla

Mötunarkeflin eru stillt á staðlaða 70% filmustrekkingu. Drifbúnaður á mötunarkeflin fyrir bæði 55% og 64% filmustrekkingu er fánlegur sem valkostur frá söluaðilum **McHale**. Eitt sett (A) er nauðsynlegt fyrir hvern matara vélarinnar.



70% drif

Hlutur	Varahlutanúmer	Lýsing
A	ADP00018	Samsett drif fyrir mötunarkefli, hlutfall 70%
B	CMH00055	Þvertennt hjól, 60 tanna, 1,5 m, fyrir mötunarkefli
C	CMH00175	Þvertennt hjól, 35 tanna, 1,5 m, fyrir mötunarkefli

64% drif

Hlutur	Varahlutanúmer	Lýsing
A	ADP00020	Samsett drif fyrir mötunarkefli, hlutfall 64%
B	CMH00056	Þvertennt hjól, 59 tanna, 1,5 m, fyrir mötunarkefli
C	CMH00096	Þvertennt hjól, 36 tanna, 1,5 m, fyrir mötunarkefli

55% drif (fyrir heitt loftslag)

Hlutur	Varahlutanúmer	Lýsing
A	ADP00019	Samsett drif fyrir mötunarkefli, hlutfall 55%
B	CMH00057	Þvertennt hjól, 58 tanna, 1,5 m, fyrir mötunarkefli
C	CMH00174	Þvertennt hjól, 37 tanna, 1,5 m, fyrir mötunarkefli

8.5 Skurð- og gripbúnaður



VIÐVÖRUN: Varist hnifa og safngeyma þegar viðhaldi er sinnt

Skurð- og gripbúnaðurinn notar hnifa og safngeyma til að sinna hlutverki sínu. Alvarleg slyshætta er fyrir hendi þegar verið er að sinna viðhaldi á þessum hluta vélarinnar. Drepið á dráttarvélinni og takið svisslykilinn úr. Klæðist alltaf hlífðarhönskum og hlífðarfötum! Munið að hreyfa heldur aldrei við vökvaslöngum því vegna safngeymanna er mikill þrýstingur á vökvakerfinu jafnvel þótt dautt sé á vélinni.

Skurð- og gripbúnaðurinn á vélinni er hannaður til þess að sjá um að skera plastið eftir að búið er að vefja baggann með þeim fjölda filmuvafninga sem skilgreindur hefur verið í stjórnstöð. Hann vinnur bæði í tengslum við pökkunarbúnaðinn og keflin í pallinum. Skurð- og gripbúnaðurinn vinnur þannig að sleði (D), knúinn vökvatjakkur, rennur inn og út. Sleðinn (D) grípur síðan filmuna og dregst til baka með filmuna í klemmu milli (C) og (D). Hún er svo skorin á skurðfletinum (B). Um leið og pökkunarferillinn heldur áfram sleppir búnaðurinn filmunni.



Losun vökvaprýstings úr safngeymum



VIÐVÖRUN: Vökvafngeymirinn er undir miklum þrýstingi

Áður en þið byrjið að vinna við brautir skurð- og gripbúnaðarins, léttið þá alltaf vökvaprýstingnum af safngeymunum með því að vefja klút utan um skrúfilykilinn og vökvatengið, losa síðan gætilega um vökvatengi slöngunnar og tappa olíu af áður en hert er á ný. Þrýstingur í safngeymi endurstillist sjálfkrafa um leið og sleði skurð- og gripbúnaðarins er kominn alveg út og vökvatjakkurinn byrjar að vinna í þeirri stöðu. Reynið aldrei að vinna við skurð- og gripbúnaðinn með því að halda á móti vökvaprýstingi.



VIÐVÖRUN: Notið viðeigandi öryggisbúnað og fylgið öllum leiðbeiningum

Gætið þess að nota alltaf réttan öryggisbúnað þegar unnið er við vélina, s.s. hanska, hlífðargleraugu o.s.frv., og fylgið öllum reglum á öryggislímmiðum og í leiðbeiningum.



Þrýstislanga frá safngeymi

Að stilla og skipta um hnífinn í skurð- og gripbúnaðinum




VARÚÐ: Notið hlífðarhanska

Notið hlífðarhanska við alla vinnu sem vinna þarf með höndum á þessum stöðum! Varist beittar hnífseggjar. Notið hlífðarlag tímabundið eins og sýnt er.

Stilla má hnífinn í skurð- og gripbúnaðinum með því að færa hann hvort sem er inn eða út, með því verklagi sem lýst er hér á eftir:

1. Fjarlægjið M6 lásrænar tvær og boltana sem halda hnífblaðinu (A) með 10 mm skrúflyklum. Varist skurðarhnífinn! Notið hlífðarlag tímabundið eins og sýnt er.
2. Færið hnífblaðið í þá stöðu sem því er ætluð. Verksmiðjustillingin er þannig að blaðið er alveg úti, eins og sýnt er.
3. Setjið M6 boltana tvo aftur í og herðið lásrænar með 12 Nm átaki.
4. Gerið eins við hina skurð- og gripeininguna.



McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél

Ástand blaðsins í skurð- og gripbúnaðinum skiptir mjög miklu máli fyrir góða virkni þess búnaðar. Bitlaust blað sker filmuna kannski ójafnt eða jafnvel alls ekki. Þegar skipta þarf um hnífa ber að nota varahlutanúmer CKN00011. Gangið úr skugga um að farið sé eftir öllum öryggisráðstöfunum áður en aðgerðaröðin, sem lýst er hér á eftir, hefst.


1. Losið báðar M6 stilliskrúfurnar sem halda plötunni (B), sem klemmir hnífsblaðið fast, með 10 mm skrúf- eða toppplykli. Varið ykkur á hnífsblaðinu! Notið hlífðarlag tímabundið eins og sýnt er.
2. Fjarlægið notaða hnífinn og gáið að því að undir plötunni sem klemmir hnífsblaðið fast (B) er varahnífur.
3. Setjið varahnífinn í vinnslustöðuna og gangið frá nýjum varahníf undir plötunni, ef hann er fyrir hendi.
4. Herðið báðar M6 stilliskrúfurnar með 12 Nm átaki.

Að endurstilla braut skurð- og gripbúnaðarins


Eftir mikla notkun getur hreyfanlegur hluti brautar skurð- og gripbúnaðarins (G) farið að slitna. Bregðast má við því með endurstillingu, til þess að skurð- og gripbúnaðurinn vinni sem best. Stillið á eftirfarandi hátt:




1. Losið vökvaprýsting úr safngeymunum, eins og sýnt er. (Sjá aðferðina hér á undan). Tappið af nægilegu magni af olíu þar til sleðinn rennur u.þ.b. 80 mm fram áður en slöngutengið er hert á ný.




2. Aftengið stöngina (J) frá sleðanum (D) með 22 mm skrúflykli við lásróna og með mjóum 17 mm opnum skrúflykli við fleti stimpilstanganna. Þegar búið er að fjarlægja rónna og skinnurnar er hægt að hreyfa sleðann (D) auðveldlega inn og út. Einnig er hægt að taka hann alveg út til að þrífa hann.



3. Stingið 24 mm opnum skrúflykli niður í raufina (H) og látið hann grípa um boltahausinn á stillikambinum (E). Losið lásróna á M12 boltanum (F) nægilega mikið til þess að snúa megi stillingunni (sem virkar á sama hátt og kambhjól).



4. Snúið stillingunni (helst réttisælis frá kambhlið E) með 24 mm skrúflykli þar til mótstaða gegn snúningnum eykst mjög. Dragið því næst aðeins úr átakinu þannig að hægt sé að renna sleðanum (G) auðveldlega til. Haldið átakinu á stillikambinum (E) og herðið lásróna á M12 boltanum. (F)



5. Ýtið sleðanum (D) alla leið til baka. Gætið ykkar á hnífnum í skurð- og gripbúnaðinum. Hafið fingurna á ytri enda sleðans eins og sýnt er. Setjið skinnur og lásróna á og herðið aftur stöngina með 17 mm og 22 mm skrúflyklum. Herðið ekki um of! Aðeins ættu 2 skrúfgangar að skaga út úr róni eftir að hert hefur verið.



ATHUGIÐ: Fjarlægja og þrifa skal sleðana einu sinni á árstíð

Fjarlægja skal sleðana a.m.k. einu sinni á árstíð til að hreinsa í burtu uppsafnaða mold og uppskeru. Mikil uppsöfnun á mold og uppskeru getur valdið ófyrirséðum hreyfingum á skurð- og gripbúnaðinum. Þegar sleðarnir hafa verið hreinsaðir vandlega, er hægt að setja þá saman aftur, smyrja og framkvæma áður nefnda lagfæringu áður en vinnuvélin er notuð á ný. Við notkun við erfiðar eða mjög þurrar og rykugar aðstæður skal framkvæma þetta nokkrum sinnum á árstíð.

9

Öryggi og akstur á vegum úti

9.1 Áður en farið er út á þjóðvegi



VIÐVÖRUN: Yfirfarið vélina vandlega áður en farið er út á veg

Gangið úr skugga um að vélin hafi verið yfirfarin vandlega áður en farið er út á þjóðvegi, hugsið alltaf um öryggið og hafið það í fyrirrúmi!

Eftirfarandi atriði skal alltaf fara yfir áður en farið er út á þjóðveg:

- Gangið úr skugga um að réttur þrýstingur sé í hjólbörðum, í samræmi við tæknilýsingar og fyrirmæli á öryggislímmiðum. (Sjá „*Kennistærðir hjólbarða*“)
- Gangið úr skugga um að allir hlerar og lok séu tryggilega lokað og fest og að bæði aðallæsingar og öryggislæsingar séu á. Varast skal að aðskotahlutir hindri rétta og vandræðalaus notkun þeirra.
- Baggahólfið skal vera tómt og enginn baggi á pökkunarpallinum.
- Hreinsa skal allt laust hey og hálm af vélinni. Þegar þetta er gert á fyrst að drepa á dráttarvélinni og rjúfa að fullu allar tengingar milli hennar og bindivélarinnar.
- Drifskaflið verður að vera tengt við drifskafsstaut dráttarvélarinnar.
- Ljósabúnaður vélarinnar verður að vera tengdur við dráttarvélina og í fullkomnu lagi.
- Aftengja skal aðrennslisslöngu vökvakerfisins þannig að lokað sé fyrir aðrennslid og útilokað að vökvakerfið geti orðið virkt fyrir slysi. Festið allar lausar slöngur og leiðslur traustlega.
- Slökkt verður að vera á rafrænu stjórnstöðinni eða hún aftengd aflgjafanum. (Sjá „*Rafrænt stjórnkerfi*“)
- Gæta þarf að hámarksaksturshraða (40 km/klst.).
- Hemlakerfi bindivélarinnar (vökvahemlar eða lofthemlar) verður að vera tengt dráttarvélinni. Ef bindivélin er með lofthemlakerfi, akið þá ekki af stað fyrr en að þrýstingur er orðinn nægur samkvæmt mæli eða ljósi í mælaborði dráttarvélarinnar.
- Ábyrgist að farið sé eftir öllum umferðarreglum, t.d er notkun öryggiskeðju víða skylda.

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél

- Lyftið sópvindunni í efstu stöðu og lokið fyrir stoppkranann á vökvaaðrennisslängunni (ef hann er fyrir hendi).
- Ganga þarf frá landhjólum sópvindunnar í flutningsstöðu og dráttarbeislisstandi og drifskafthaldara í vinnslustöðu. (Sjá „Dráttarbeislis- og drifskaftsstar“)



Landhjól í flutningsstöðu

9.2 Flutningur á vegi með áföstum endaveltubúnaði



VARÚÐ: Ekki má nota endaveltubúnað við flutning á vegum!

Ekki má nota endaveltubúnað við flutning á vegum, hann þarf alltaf að hífa upp fyrir flutning!

- Hífa þarf endaveltubúnað upp og festa.
- Tryggið að flutningspinninn sé fastur í flutningsstöðu og splittið í. (Sjá „Endaveltubúnaður“)
- Reynið aldrei að aka á meiri hraða en 20 km/klst. þegar endaveltubúnaður er áfastur vélinni.



Flutningar á vegum (endaveltubúnaður)


9.3 Að festa „neyðarhemil“

Á vélinni er handbremsa sem verður að setja á þegar vélin er aftengd frá dráttarvélinni. Á handfangi handbremsunnar er stillanlegur hringur sem í er fest taug sem verður að festa tryggilega við dráttarvélina í hvert skipti sem vélin er tengd við dráttarvélina. Ef tengibúnaður vélarinnar losnar af dráttarvélinni tekur þessi taug í handhemilinn og stöðvar.



VARÚÐ: Gangið úr skugga um að handhemill sé ekki á þegar ekið er af stað

Gangið alltaf úr skugga um að búið sé að losa handbremsuna áður en ekið er af stað með vélina á vegi eða unnið með hana á túni.



Neyðartaug sem fest er í dráttarvélina



Handfang handbremsu

10

Túnvinna og stillingar vélarinnar

10.1 Reynslutími

McHale mælir með reynslutíma sem nemur u.þ.b. fyrstu 50 böggunum sem bundnir eru, eða þar til mesti glansinn er farinn af málningunni inni í vélinni. Meðan á þessum reynslutíma stendur geta baggarnir litið út fyrir að vera ósnyrtilegir en þegar hliðar baggahólsins hafa slípast upp ættu baggarnir að líta betur út. Eftir upphaflegt tilkeyrslutímabil ætti að skoða og stilla strekkingu á öllum keðjum vélarinnar eins og þörf krefur (*Sjá „Stillingar á keðjum“*). Gangið úr skugga um að allir smurkoppar séu nægilega vel smurðir til að hindra ótímabært slit á íhlutum.



ATHUGIÐ: Ekki er mælt með að mikið sé gert af því að binda bagga sem eru stærri en uppgefið hámarksþvermál

Mikilvægt er að átta sig á að álag á legur og drif eykst samfara því að bagginn nálgast hámarksstærð. Því er ekki mælt með að binda bagga sem eru stærri en uppgefið hámarksþvermál með því að halda innihnappi R3 (stöðvun eða mötun nets/nærfilmu) á stjórnstöðinni, því það getur leitt til þess að íhlutir bili fyrr en ella. Gangið úr skugga um að allir smurkoppar séu nægilega vel smurðir til að hindra ótímabært slit á íhlutum.

10.2 Múgar

Mest afköst nást þegar rakað hefur verið upp í góða múga. Hagstæðasta breidd múga er 1,5 m.



ATHUGIÐ: Breidd múganna er sá þáttur sem mestu ræður um að baggarnir verði vel lagaðir

Hámarksflæði inn í baggahólfið, sem skilar jöfnum og vel löguðum böggum, næst með 1,5 m breiðum múga. Breiðari eða mjórri múgar þýða að fleiri baggar aflagast.


Í þeim tilvikum þar sem ekki verður komist hjá að hafa múgana mjórri er mælt með því að víkja með reglubundnum hætti yfir á hægri hlið sópvindunnar á 15-20 m kafla og svo á jafnlöngum kafla yfir á vinstri hlið sópvindunnar þegar vélinni er ekið yfir múgana.

Látið heyið koma inn öðru megin í sópvindunni í sex til átta sekúndur. Sveigið svo yfir múgann og látið heyið koma inn hinum megin jafnlengi. Styttið þann tíma ef múginn er þykkur en lengið hann ef múginn er þynnri.

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og pökkunarvél

Ekki er mælt með að fara í stöðugum krákustígum því það leiðir af sér að of mikið hey safnast í miðjan baggann.

Forðast ætti að raka upp múgum sem eru breiðari, þ.e. >1,5 m, því þá mun stöðugt meira magn af heyi safnast í jaðra baggans. Á endanum verður meira hey á jöðrum rúllunnar en í miðjunni. Þetta mun leiða til þess að rúllurnar verða íhvolfar.



Múgabreidd - rétt & rangt

10.3 Hæðarstilling sópvinduhjóra

Áður en unnið er á akri þarf að festa sópvinduhjólin í vinnustöðu, eins og sýnt er. Notið rétt gat á stillistönginni til að tryggja að sópvindan sé í jafnvægi og stillið viðeigandi vinnuhæð þannig að tindarnir eru 2 cm frá jörðu.




ATHUGIÐ: Gangið úr skugga um að stjórnstöng lokans sé í flotstöðu

Þegar bundið er með þessari vinnuvél þarf að tryggja að stjórnstöng lokans sem stýrir hæð sópvindukeflisins sé í flotstöðu. Ef stöngin er ekki í flotstöðu er keflið læst í stöðu og fylgir ekki mishæðum í akrinum.



ATHUGIÐ: Slit á tindum sópvindunnar

Séu tindar sópvindunnar stilltir of lágt aukast líkurnar á að þeir brotni eða slitni óþarflega!



Hæðarstilling sópvinduhjóra

10.4 Stilling heyskerms

Hlutverk heyskermsins er að halda að heyinu/hálminum þannig að það mötunin sé jöfn. Stilla má hæð heyskermsins þannig að hún henti þeirri uppskeru sem verið er að vinna með, bæði gerð og magni, með því að stilla lengd keðjunnar sem heldur við hann.



Heyskermurinn og stillikeðja hans




Heyskermur

10.5 Stilling heyvals

Hlutverk heyvalsins og spaðanna er að halda böggunarefninu niðri og dreifa því til að ná samfelldu uppskeruflæði í sópvinduna. Hæð heyvalsins er stillt með því að hengja keðjuhlekkina í götin þannig að stoppin hvíli ekki á gúmmípúðunum eins og sýnt er. Þegar búið er að stilla hæðina er stillingin sjálfvirk í samræmi við ástand uppskerunnar. Tryggið að splitti séu notuð til að festa keðjuhlekkina saman. Þegar stillingu er lokið ætti heyvalsinn að renna eftir toppi múgans. Við lítt krefjandi aðstæður ætti stillingin að vera eins lág og hægt er án þess að stoppin hvíli á gúmmípúðunum.



Stillingakeðja heyvals



Heyvalsstopp

10.6 Stíflulosunarbúnaður

Stíflulosunarbúnaður er í vélinni. Ef baggahólfsmötunin stíflast meðan á bindingu stendur, aftengir snuðkúpling aflúrtakið og hár smellur heyrir. Þegar þetta hljóð heyrir skal þegar í stað slökkva á aflúttaki dráttarvélarinnar og styðja á „Stíflulosun“ (hnapp R2) á stjórnstöðinni í Sjálfvirkum ham. Þetta setur stíflulosunarferlið í gang og ef hnífarnir eru stilltir á ON munu þeir dragast til baka um leið og botn mótunarstokksins. Þegar botn mótunarstokksins er kominn niður má setja aflúrtakið mjúklega í gang aftur og koma stíflunni þannig yfir í baggahólfið. Þegar hraði aflúttaksins fer yfir 400 sn./mín. þá endurstillast botn mótunarstokksins og hnífarnir sjálfkrafa í vinnustöðu og bindingin getur haldið áfram. Þegar stutt er einu sinni á endurstillingarhnappinn (R2) færast botninn og hnífarnir á sinn stað.

Ef stífla kemur upp þegar bagginn er að klárast og ýtt er á hnappinn „Stíflulosun“ mun stokkurinn síga og baggahólfið opnast lítillega til að hægt sé að losa stífluna á auðveldan hátt. Þegar aflúttakið er endurræst er mótunarstokkurinn sjálfkrafa endurstilltur og baggahólfið lokast til fulls.



VIÐVÖRUN: Komið aldrei nálægt sópvindunni meðan hún er enn að snúast og dráttarvélin í gangi!

Reynið aldrei að nálgast sópvinduna meðan hún er enn að snúast og dráttarvélin í gangi! Í þeim fáu tilvikum þegar ekki er hægt að losa stífluna úr sópvindunni með framangreindri aðgerðaröð þarf að losa hana með höndunum, með því að draga heyið út. Þegar það er gert, gangið þá úr skugga um að aflúrtakið sé ótengt, drepíð hafi verið á dráttarvélinni og lykkillinn tekinn úr og að allir hreyfanlegir vélarhlutar séu hættir að snúast. Tryggið líka að vélin geti ekki runnið af stað, með því að leggja henni á sléttum fleti með hemlana á og hjólin skorðuð. Fjarlægið allt heyið vandlega. Klæðist alltaf hlífðarfötum og -hönskum, varist skarpar brúnir!



Stíflulosun í gangi, hnifar dregnir til baka og botn mótunarstokks niðri

10.7 Söxunarbúnaður

Vinnuvélin er búin 25 hnífa söxunarbúnaði til fínsöxunar. Ef óskað er eftir grófari söxun má fjarlægja einhverja af hnífunum. (Sjá „Að fjarlægja og skipta um hnífa í söxunarbúnaðinum“). Með hnífahnöppunum í stjórnstöðinni má lyfta hnífunum upp í mótunarstokkinn eða draga þá út úr honum. Mælt er með því að slökkva á söxuninni þegar verið er að binda mjög þurt hey/hálm.

Vökvasafngeymar eru tengdir við ræsibúnað hnífanna til að verja söxunarbúnaðinn fyrir tjóni og of miklu álagi.




ATHUGIÐ: Látið ekki hnífaraufarnar fyllast af aðskotaefnum

Mælt er með því að slökkva á söxuninni og kveikja á henni aftur nokkrum sinnum á dag til þess að hindra að hnífaraufarnar fyllist af aðskotaefnum. Gerið þetta með því að styðja einu sinni á hnapp R1 (“Hnífavál”), með stjórnstöðina í sjálfvirkum ham. Þetta færir hnífana í stöðu sem er gagnstæð þeirri sem þeir voru í. Færa má þá aftur í þá stöðu með því að styðja aftur á hnappinn. (Sjá „Hnífanotkun“)

10.8 Val um söxun

Vélin býr yfir valkosti um val á söxun. Vélarstjórnandi getur þá, í stjórnstöðinni, valið á milli 0, 12, 13 eða 25 hnífa til að saxa með. Hnífanir verða að vera alveg niðri, þegar ákveðinn fjöldi hnífa er valinn. (Sjá „Hnífanotkun“)



10.9 Baggapéttnimælir



Með baggapéttnimælinum má sjá þrýstinginn sem er á vökvatjökkunum sem halda topphleranum lokuðum (þeim megin sem tjakkarnir eru mjórri). Þegar topphlerinn er lokaður og ekkert hey er í baggahólfinu er svokallaður „forþrýstingur“ á baggahólfinu. Þessi þrýstingur eykst svo þegar baggin er að verða fullgerður, vegna þess að vökvinn í tjökkunum þvingast til baka í safngeyminn. Um leið og hey fer að koma inn í baggahólfið rekur það tjakkana á hlerunum lítillega til baka. Það getur valdið því að mælirinn fari yfir á rautt en það er eðlilegur gangur mála. Þrýstingurinn ætti þó aldrei að fara yfir 200 bör, ef það gerist, hafið þá samband við söluaðila **McHale**.

10.10 Strekkingarmælir nets/nærfilmu (aðeins Fusion 3 Plus)



Strekkingarmælir nets/nærfilmu mælir þrýstinginn sem verður af strekkingu netsins/nærfilmunnar á baggan þegar hann er vafinn, en sá þrýstingur ræðst af hlutfallslegri strekkingu sem valin er í stjórnstöðinni og efninu sem notað er í vafningana. Þessi þrýstingur getur verið á bilinu 50 til 200 bör þegar verið er að vefja baggan í net/nærfilmu. Dæmigerð gildi fyrir net geta legið á bilinu 50 til 150 bör en fyrir nærfilmu á bilinu 100 til 200 bör. Lægra gildi en 50 gefur til kynna að strekking sé ekki næg. Athugið olíuhæð í strekkingardælunni. (Sjá „Strekkingardæla nets/nærfilmu (aðeins Fusion 3 Plus)“). Ekki er mælt með að þrýstingurinn fari yfir 220 bör, þá þarf vélarstjórnandi að draga úr hlutfallslegri strekkingu í stjórnstöðinni. (Sjá „Stilling fyrir lög nets/nærfilmu (Fusion 3 Plus)“)

10.11 Læsing baggahólfslöks

Læsingu baggahólfslöks skal alltaf nota þegar vélarstjórnandi hyggst fara inn í baggahólfið, t.d. til þess að skipta um hnífa skurðbúnaðar. Þetta er einnig notað þegar farið er upp á frampallinn til að hlaða eða stilla eiginleika netsins/nærfilmunnar, eða vegna annarra ástæðna þar sem hafa skal öryggi í fyrirrúmi. Læsingin er á vinstri hliðarhlíf vélarinnar framan til. Sjá upplýsingar hér á eftir um öryggislímmiða og staðsetningu læsingarloka baggahólfslöksins. Læsingin virkar þannig að vökvaloki er ýmist af eða á; sé hólfið læst er stöng lokans í „Slökkt“-stöðu (lóðréttri) og vökvatjakkarnir eru þá læstir opnir, sem tryggir að lokið haldist fast þar sem það er.



VIÐVÖRUN: Stjórnandi vinnuvélarinnar verður að vita af öllum viðvörðunum, öryggismerkingum og allri hættu sem þessu tengist

Stjórnandi vinnuvélarinnar verður að vita af öllum viðvörðunum, öryggismerkingum og allri hættu áður en hann hefst handa við hvers kyns vinnu eða viðhald innan í baggahólfinu. (Sjá „Að fjarlægja og skipta um hnífa í söxunarbúnaðinum“)



Togið stöngina (A) áfram og snúið niður um 90° í vinstri lóðrétta stöðu til að læsa.



10.12 Varafilmuhólf og öryggi á hlífalæsingum


Vélin getur geymt allt að 10 filmurúllur til vara og eina til viðbótar á hvoru mótunarkerfli. Vararúllurnar eru geymdar báðum megin á vélinni, undir hlífunum að framan. Fyrri lásinn (A) á hlífunum er opnaður með 13 mm skrúflykli eða skrúfjárnri með flötu blaði. Síðari læsingin (B) er opnuð með því að ýta henni inn til þess að losa hlífina.

Ef geyma á rúllurnar tryggilega eru filmuhaldararnir lagðir niður og hólkunum innan í filmunum rennt upp á þá. Ýtið svo filmuhöldurinum aftur í upprétta stöðu. Hver filmuhaldari er festur með læsingarbúnaði sem verður að toga út til að lækka búnaðinn en sem festist sjálfkrafa þegar honum er lyft.



VIÐVÖRUN: Varið ykkur á hlutum sem geta fallið niður þegar hlífarnar eru opnaðar

Varið ykkur á filmurúllum og öðrum geymdum hlutum sem geta fallið niður þegar hlífarnar eru opnaðar, sérstaklega ef vélin stendur ekki á sléttu.



Tegundir af öryggislæsingum



Haldarar aukafilmurúllu

10.13 Yfirlit yfir hemla

Á vinnuvélinni eru annaðhvort vökvahemlar eða lofthemlar. Á vélinni er handbremsa sem verður að setja á þegar vélin er aftengd frá dráttarvélinni. Hún gegnir einnig hlutverki „neyðarhemils“ þegar taugin er fest við dráttarvélina.

10.13.1 Handbremsa

Á vélinni er handvirkur stöðuhemill (handbremsa).



Togið í handfangið til að virkja bremsuna. Afköst bremsunnar eru meiri eftir því sem togað er meira í handfangið (með eðlilegum krafti), og þegar handfangið fer ekki lengra er fullum afköstum náð. Afköst bremsunnar eru best þegar vírarnir eru rétt stilltir, allir hreyfanlegir hlutar eru smurðir og tennurnar á skrallinu og hakinu eru í góðu ástandi. Ef tennurnar á skrallinu eða hakinu eru slitnar eða skemmdar verður að skipta þeim strax út.

10.13.2 Lofthemlar

Vélina er búin tvöföldu lofthemlakerfi. Tvær slöngur verða að vera festar við dráttarvélina til að lofthemlakerfið virki:

- Gula slangan er þjónustuslangan sem stjórnar hemlunarhraða vélarinnar.
- Rauða slangan er neyðarslanga sem hemlar vélina ef hún er aftengd.

Tenging við dráttarvélina

Til að tengja slöngurnar skal fyrst tengja gulu slönguna, og svo rauðu slönguna.

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél

Til að aftengja slöngurnar skal fyrst aftengja rauðu slönguna, og svo gulu slönguna. Mikilvægt er að fylgja ofangreindri röð þar sem rauða slangan (neyðarslangan) má aldrei vera tengd ein og sér við vélina.


Þegar búið er að aftengja slöngurnar frá dráttarvélinni er hemlakerfi vélarinnar virkt. Einnig skal nota stöðuhemilinn til að tryggja stöðugleika vélarinnar þegar búið er að aftengja slöngurnar.

Afköst hreyfiliða hemlastrokks

Hreyfing hreyfiliða hemlastrokks virkjar eða óvirkjar skálahemlana.

Ef undirlyftustangir hreyfiliða hemlastrokks ná botni getur verið að hemlarnir virki alls ekki. Mögulegar orsakir eru skemmdir eða slitnir bremsuklossar og/eða skemmdir liðir eða röng stilling.

Vélinni ekið með dráttarvél (án lofthemlakerfis)



Hægt er að aka vélinni með dráttarvél án lofthemlakerfis, jafnvel þó loftgeymirinn sé fullur og slöngurnar ekki tengdar. Finnið loftgeyminn á hlið vélarinnar. Togið í hringinn neðan á loftgeyminum, við það losnar loftið úr honum. Haldið toginu áfram þar til allt loft er farið úr geyminum.

Nú getur dráttarvélin ekið með vélina þegar búið er að losa handbremsuna.



VARÚÐ: Fyrst þarf að tengja vélina og dráttarvélin saman

Þetta má aðeins gera ef búið er að tengja vélina við dráttarvél. Með því að tæma loftið verður lofthemlaslangan óvirk. Aðeins ætti að gera þetta í neyðartilvikum og aðeins til að færa vélina til á sléttu yfirborði á vinnusvæði. Aldrei má nota vélina í þessu ástandi og aldrei má hreyfa hana á þennan hátt í hæðóttu landslagi.

Viðhald og viðgerðir

Viðhald og viðgerðir þurfa að fara fram á löggiltu verkstæði þegar:

- Frammistaða hemlanna er sífellt að versna og/eða
- Hemlarnir ískra eða marrar hátt í þeim þegar stigið er á fóthemilinn.



VIÐVÖRUN: Verður að vera hæf(ur) til að vinna við hemlaskálar

Slíka vinnu ætti aðeins að vinna af faglærðum eða söluaðila **McHale** sem þekkir vel til hemlakerfisins.

10.13.3 Vökvahemlar (aukabúnaður)

Vélin er búin vökvaskálahemlum með einfaldri virkjun.

Tenging við dráttarvélina

Tengið slöngu vökvahemilsins (kventengi) við dráttarvélina eftir að búið er að drepa á vélinni. Dráttarvélin gæti verið með „þrýstingslosunareiginleika“, sem gerir tengingu við hemlaslöngu vélarinnar mögulega þó svo vélin sé í gangi.

Hemillinn er virkjaður með því að þrýsta niður hemlafótstiginu í stýrishúsi dráttarvélarinnar. Þess vegna virkar hemillinn aðeins þegar vökvaslengan er tengd á réttan hátt við dráttarvélina og þegar aflvél dráttarvélarinnar er í gangi.

Afköst hemlastrokkstjakkanna

Hemlastrokkstjakkarnir virkja eða óvirkja skálahemlana. Ef stimplar hemlastrokkstjakkanna ná botni getur verið að hemlarnir virki alls ekki. Mögulegar orsakir eru skemmdir eða slitnir bremsuklossar og/eða skemmdir liðir eða röng stilling.

Viðhald og viðgerðir

Viðhald og viðgerðir þurfa að fara fram á löggiltu verkstæði þegar:

- Frammistaða hemlanna er sífellt að versna og/eða
- hemlarnir ískra eða marrar hátt í þeim þegar stigið er á fóthemilinn.



VIÐVÖRUN: Verður að vera hæf(ur) til að vinna við hemlaskálar

Slíka vinnu ætti aðeins að vinna af faglærðum eða söluaðila **McHale** sem þekkir vel til hemlakerfisins.

10.13.4 Stillingar hemla

Vinnuvélar með hemlum, annaðhvort loft- eða vökvaknúnum, þarf að skoða eftir fyrstu 50 vinnustundirnar og hverjar 100 vinnustundir eða árlega að því loknu (hvort sem er á undan).



VIÐVÖRUN: Tryggið öryggi fyrir hemlastillingu

Gangið úr skugga um að drepið hafi verið á dráttarvélinni og lykillinn tekinn úr svissinum áður en hemlastilling fer fram. Prófun ætti að fara fram án handbremsu á bæði vinnuvél og dráttarvél og annan hæfan aðila þarf til að virkja hemlana í dráttarvélinni. Tryggið líka að vélin geti ekki runnið af stað með því að leggja henni á sléttu yfirborði með hjólin skorðuð. Klæðist alltaf hlífðarfötum og -hönskum.



Eftirfarandi er aðgerðaröðin fyrir hemlaprófunina:



1. Athugið mál „X“ fyrir og eftir að stigið er á hemla. Gildi „X“ ætti að vera á milli 12 og 18 mm.

Fyrir vökvahemla (efri mynd) er þetta oftast mælt með sjáanlegu krómi á stimpilstönginni.

Í lofthemlakerfum (neðri mynd) þarf að nota fastan viðmiðunarpunkt til að mæla hreyfingar hreyfiliðans.



2. Ef gildi „X“ er ekki innan 12 til 18 mm sviðsins, er hægt að stilla hemlana með stilliskrúfunni, eins og sýnt er. Notið 14 mm skrúflykil til að snúa stilliskrúfunni réttisælis til að lækka gildið eða rangsælis til að hækka það. Stígið aftur á hemlana til að endurtaka mælinguna og endurtakið þetta ferli þar til hreyfingin er innan marka.

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél



3. Gangið úr skugga um að gormspennti láskraginn sé settur aftur í læsta stöðu til að tryggja að stilliskrúfan hreyfist ekki.

Endurtakið ferlið báðu megin á vinnuvélinni og tryggið að hemlakrafturinn sé jafn. Reynið ná sama gildinu báðu megin.



4. Þegar búið er að stilla hemlastangirnar þarf að stilla snúrur stöðuhemilsins. Stillið gengjur beggja snúranna við stöng stöðuhemilsins þannig að meirihluti gengjanna sé þeim megin sem stöðuhemillinn er (eins og sýnt er). Tryggið að lásrænar séu vel festar við sagtenntu skinnurnar eftir að lokastilling hefur verið gerð.



5. Notið stillibúnaðinn við hliðina á dekkinu til að strekkja snúruna. Þetta verður að gera fyrir bæði dekkin. Tryggið að lásrænar séu vel festar við sagtenntu skinnurnar eftir að lokastilling hefur verið gerð.




6. Aðeins á að vera hægt að toga stöngina um hálf leið niður að skreppunni til að virkja hemlana. Ef hægt er að toga stöngina niður að botni skreppunnar skal stilla snúrurnar við dekkinn til að aðeins sé hægt að toga hana hálf leið.

10.13.5 Viðhald hemla

Tæmið rakapéttingu úr loftgeyminum (gildir aðeins fyrir lofthemla)

Opnið fyrir handvirka afrennslislokann eins og á þarf að halda með því að toga í hringinn í nokkrar sekúndur eða þar til vatnsdroparnir eru gufaðir upp. Þetta skal gera fyrir notkun á hverjum degi.

Tryggið að stöðuhemillinn sé virkur áður en þetta er gert.



Skoðið hemlaslängur reglulega

Athugið ástand hemlaslanga í hverjum mánuði í leit að ummerkjum um sprungur eða svarf. Tryggið að þær séu ekki í snertingu við nærliggjandi hluti sem gætu valdið skemmdum eða sliti með tímanum.

Athugið víra handbremsunnar

Athugið snúrur handbremsunnar reglulega m.t.t. slaka, slits eða skemmda.



10.14 Að stilla flotgorma sópvindunnar

Til þess að stilla flotgorma sópvindunnar eru notaðir fjaðrandi kragar sem eru sinn hvorum megin á vélinni, undir söxunarbúnaðinum. Fylgið eftirfarandi aðgerðaröð til að stilla þá:


1. Lyftið sópvindunni með vökvaafli, með stangarloka dráttarvélarinnar, til þess að taka spennuna af flotgormunum.
2. Gangið úr skugga um að drepnið hafi verið á dráttarvélinni, svisslykillinn tekinn úr og hemlar settir á áður en hafist er handa við eftirfarandi aðgerðir.
3. Hægt er að nota stillingaaðferð A eða B, sýndar hér að neðan.

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél


- (a) **Gerð A:** Losið um kragann með því að slaka á boltunum og dumpið svo á kragann í áttina R, ef þörf er á meira floti eða í áttina F ef flotið á að vera minna. Munið að fullherða boltana á kraganum þegar stillingu er lokið.
- (b) **Gerð B:** Losið kragann með því að færa hringsplittið í aðra gróp. Tjakkurinn í gerð B er með grópir sem leyfa hreyfingu hringsplittis og krafa um lágmark 10 mm. Dumpið á kragann í áttina R, ef þörf er á meira floti eða í áttina F ef flotið á að vera minna. Tryggið að hringsplittið sitji tryggilega í næstu gróp til að ljúka stillingunni. Hringsplittið ætti að vera staðsett í 3. raufinni við venjulegan jarðveg.
4. Látið sópvinduna síga. Bæði vinstri og hægri flotgormatjakka ætti að stilla á sama hátt þannig að álag sé jafnt.



Gerð A



Stilling flotgorma sópvindu



Gerð B



ATHUGIÐ: Með þessari stillingu á sópvindan að geta dottið alveg niður

Með þessari stillingu á sópvindan að geta dottið alveg niður þegar hún er í lágstöðu. Ef hún getur það ekki, endurstillið þá þannig að spennan á gormunum minnki, þ.e. færið kragana í áttina F.



ATHUGIÐ: Ef vinna á með sópvinduna í hærri stillingu þurfa gormarnir að taka betur í

Ef vinna á með sópvinduna í einhverri annarri stillingu en alveg niðri þurfa gormarnir að taka betur í til þess að halda nægilegu floti, þ.e. færa þarf kragana í áttina R.




ATHUGIÐ: Gangið úr skugga um að stjórnstöng lokans sé í “flotstöðu”

Gangið úr skugga um, þegar verið er að binda með þessari vinnuvél að stjórnstöng vökvalokans sem stýrir hæð sópvindunnar sé í “flotstöðu”. Sé stöngin ekki í flotstöðu, festist sópvindan í ákveðinni stöðu og getur ekki fylgt mishæðum í landi.

10.15 Stillingar á keðjum

Það er mikilvægt fyrir góða vinnslu vélarinnar að allar drifkeðjur hennar séu rétt strekktar. Hér á eftir fylgja almennar leiðbeiningar um keðjustrekkingar.


Slaki er mældur á miðpunkti keðjunnar milli keðjuhjólanna. Gangið úr skugga um að keðjan sé alveg strekkt öðrum megin þannig að hægt sé að meta strekkinguna. Þótt nánari útfærsla sé mismunandi eftir því um hvaða drif er að ræða eru grundvallaratriðin þau sömu.



Eftir fyrstu 500 baggana þarf að skoða hvort farið sé að slakna á keðjunum sem nefndar eru hér á eftir, og nauðsynlegt er að skoða þær á 1.000 bagga fresti þaðan í frá.


10.15.1 Stilling aðaldrifkeðju

Skrúfið stagherðinn (A) til þangað til að bilið (D) er 25 mm. Eftir því sem slit á keðjunni eykst þarf að minnka bilið (D). Ef ekkert hlaup er eftir í stagherðinum (A) má krækja enda gormsins (B) í gatið (C) sem fjær er á gormfestingunni.




10.15.2 Stilling keðju neðra baggahólfsloks

Stillið lásróna á M12 boltanum og róna (B) þar til gormurinn (C) er genginn svo mikið saman að hann er jafnlangur hlífinni (A) fyrir framan hann. Gormhlífín (A) er aðeins til viðmiðunar. Skoðið alltaf strekkingu keðjunnar eftir stillingu, það getur þurft að strekkja hana betur, vegna slits eða skaða á keðjunni o.þ.h.




10.15.3 Stilling keðju efra baggahólfsloks

Stillið lásróna á M12 boltanum og róna (B) þar til gormurinn (C) er genginn svo mikið saman að hann er jafnlangur hlífinni (A) fyrir framan hann. Gormhlífín (A) er aðeins til viðmiðunar. Skoðið alltaf strekkingu keðjunnar eftir stillingu, það getur þurft að strekkja hana betur, vegna slits eða skaða á keðjunni o.þ.h.



10.15.4 Stilling keðju frá neðra baggahólfsloki til aðaldrifkeðju


Skrúfið stagherðinn (A) til þangað til að bilið (D) er 25 mm. Eftir því sem slit á keðjunni eykst þarf að minnka bilið (D).



10.15.5 Stilling á keðju sem drífur tindatromlu sópvindu

Til að stilla keðjuna sem drífur tindatromlu sópvindunnar þarf 17 mm skrúfilykil og topp.


1. Losið um (A) og snúið keðjuhjóli tindatromlunnar (D) rangsælis, eins og sýnt er hér að neðan.
2. Þvingið nælonkeðjustýringuna (C) upp á við (í gegnum rauf B). Haldið keðjuhjólinu (D) föstu á meðan.
3. Herðið (A) og gangið úr skugga um að slaki sé sem minnstur.



10.15.6 Stilling á drifkeðju sópvindu

Til að stilla drifkeðju sópvindunnar þarf bæði 17 og 19 mm skrúf- og topplykla.

1. Losið (A) með 17 mm verkfæri og snúið u.þ.b. einn hring rangsælis.
2. Losið lásró (B) með 19 mm skrúflykli.
3. Herðið stilliskrúfuna (C) þar til lítill sem enginn slaki er á keðjunni og herðið þá boltann (A) á ný.
4. Herðið lásróna (B) á ný.




10.15.7 Stilling á tvöfaldri keðju snúðs

Hægt er að nota stillingaaðferð X eða Y á eftirfarandi hátt:

Tegund X

Stillið tvöföldu drifkeðjuna fyrir söxunarbúnaðinn með tveimur 24 mm skrúflyklum.


1. Haldið við neðri róna og losið efri róna.
2. Þegar hert er - herðið neðri róna í áttina (T).
3. Þegar keðjan er eins strekkt og til var ætlast, herðið þá efri róna.
4. Fullherðið báðar rærnar samtímis til að stillingin haldi.



Tegund Y

Stillið tvöföldu drifkeðjuna fyrir söxunarbúnaðinn með tveimur 19 mm skrúflyklum.

1. Haldið um haus boltans og losið lásróna með því að snúa henni um nokkra snúninga.
2. Stillið boltann þar til bilið er um 50 mm eins og sýnt er. Málið sem gefið er upp er aðeins til viðmiðunar. Athugið ávallt strekkingu keðjunnar eftir stillingu þar sem þörf gæti verið á meira fjaðurmagni.
3. Herðið lásróna og haldið um leið um boltahausinn.



11

Aukabúnaður

11.1 Endaveltubúnaður



Þegar vélin veltir pökkuðum bagga af færast ytra pökkunarkeflið niður að jörð og varpar bagganum af. Það kemur í veg fyrir tjón sem getur orðið þegar baggin dettur úr einhverri hæð og veltur síðan burt. Hægt er að fá endaveltubúnað, sem gerir vélinni kleift að leggja frá sér baggana upp á endann og nýta sér að þar er filman þykkari. Þetta kemur að gagni þegar um er að ræða grófa strástubba eða harðan jarðveg.

Notkun vinnuvélar með endaveltubúnað

Þegar búið er að ganga frá endaveltubúnaðinum á vinnuvélinni vinnur hann sjálfvirkt án þess að stjórnandi þurfi að leggja nokkuð til. Vélarstjórnandi verður þó að tryggja, þegar hverju pökkunarferli lýkur, að nægilega stór, auður blettur sé fyrir hendi sem baggin getur lent á.

Skynjari greinir það að endaveltubúnaður sé í flutningsstöðu og gerir notandanum viðvart um það með viðvörðun á skjánum. Þegar þessi viðvörðun birtist mun vélin ekki flytja eða pakka bagga til að sneiða hjá skemmdum á vélinni. Notandinn verður að láta endaveltubúnaðinn síga í vinnustöðu áður en baggabinding hefst.



VIÐVÖRUN: Fjarlægið splittið (R) áður en afturpallurinn er látinn síga!

Mjög mikilvægt er að hringsplittið sé tekið úr áður en pallurinn að aftan er látinn síga aftur. Sé það ekki gert veldur það óþarfa álagi á íhluti sturtubúnaðarins!

Öryggi

Gangið alltaf úr skugga um að enginn sé nálægt pökkunarhluta vélarinnar eða fyrir aftan hann þegar vélin er að vinna eða að losa sig við bagga. Einnig verður að gefa því gaum að endaveltubúnaður eykur heildarlengd vélarinnar um 1,7 metra. Gerið því alltaf ráð fyrir skutsveiflunni þegar beygt er á vinnuvélinni með endaveltubúnaði. Gætið ykkar á því að endaveltubúnaðurinn skagar langt aftur úr vélinni, gefa þarf því sérstaklega gaum þegar beygt er eða ekið afturábak.

Flutningar á vegum

Ef endaveltubúnaður er fluttur á almenningsvegum þegar hann er fastur við vélina skal lyfta honum í flutningsstöðu. Ekki skal aka með endaveltubúnaði á meiri hraða en 20 km/klst., hvort sem um ræðir á túni eða á vegum. Skynjari greinir það að endaveltubúnaður sé í flutningsstöðu og gerir notandanum viðvart um það með viðvörun á skjánum.

Ytri sturtubúnaður





Ytri sturtubúnaður er á vinstra horni aftan á vinnuvélinni sem stjórnandi getur notað til að hífa/lækka sturtubúnaðinn án þess að stíga upp í dráttarvélina. Ytri sturtubúnaðurinn er veltihnappur. Þegar efri hlutanum er haldið inni er pallurinn að aftan hífður rólega og þegar neðri hlutanum er haldið inni sígur pallurinn rólega. Stjórnstöðin verður að vera stillt á handvirka stillingu.

Endaveltubúnaður settur á vinnuvélina

Eftirfarandi leiðbeiningar (1-10) eiga við um undirbúning vélarinnar fyrir endaveltubúnað.

1. Hugsanlega er auðveldara að festa endaveltubúnaðinn með því að láta aftasta kefli pallsins síga hálf leið niður. Þetta er annaðhvort hægt að gera beint í stjórnstöðinni í dráttarvélinni eða með því að nota ytri sturtubúnaðinn vinstra megin aftan á vinnuvélinni (stjórnstöðin þarf að vera stillt á handvirka stillingu). Gangið úr skugga um að drepjið hafi verið á dráttarvélinni, svisslykillinn tekinn úr og hemlar settir á.
2. Skorðið aftasta keflið með viðeigandi lyftibúnaði. Losið hlífina af drifkeðju aftasta keflis pallsins. **(A)** Losið boltann (M10 x 25) á keðjuhjóli aftasta keflisins. **(B)** Snúið aftasta keflinu með höndum þangað til tengihlekkur drifkeðjunnar kemur í ljós. Fjarlægið þann hlekk og keðjuna.
3. Dragið keðjuhjólið eins langt út á enda öxulsins og hægt er. **(C)**

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og pökkunarvél



4. Fjarlægjið fjórar M16 rær og bolta sem halda leguhúsinu. Festið hægri lamafestingu (ACH01347) með fjórum M16 x 55 boltum (CFA00349) og lásróm. (D) Gangið úr skugga um að boltarnir séu fullhertir.
5. Setjið keðjuhjólið aftur á sinn stað með M10 x 25 boltanum. (B) Setjið drifkeðjuna og tengihlekkinn aftur á. (F)
6. Setjið hlífina á drifkeðju aftasta keflis pallsins (A).




7. Til þess að koma vinstri festingunni (ACH01346) fyrir á driflausu enda keflisins þarf að fjarlægja fjórar M16 rær og bolta.
8. Festið festinguna með fjórum M16 x 55 boltum (CFA00349) og lásróm. (H) Gangið úr skugga um að boltarnir séu fullhertir.



9. Setjið upp u-laga festiplötur (CZH04868) fyrir fjöðrunareininguna á festingarnar vinstra megin við pallinn með meðfylgjandi fóðringum og festingum. (I)

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél

10. Hlífar fylgja með til að verja rúllaðan bagga fyrir skörpum brúnum þegar honum er velt út vinnuvélinni. (**Q og R**) Festið hlífar á vinstri og hægri hlíðar vinnuvélarinnar með þremur M10 x 35 skrúfum.



Þegar þessu lýkur er búið að undirbúa vélina fyrir endaveltubúnað og þarf aðeins að gera í fyrsta sinn.

Leiðbeiningarnar héðan í frá (11-15) eiga við um uppsetningu eða fjarlægingu samstæðu endaveltubúnaðar af vélinni. **ATHUGIÐ:** Farið öfugt af þegar endaveltubúnaður er tekinn af.


11. Notið viðeigandi lyftibúnað (**J**), látið endaveltubúnaðinn síga niður á festingarnar, fyrst á snúningspinna demparanna. (**K**) Næst skal láta bæði vinstri og hægri snúningspinna síga í festingar pallsins. (**L og M**)




12. Sveiflið báðum V-plötum (CZH03852) yfir á aðalsnúningsspina endaveltubúnaðar á vinstri og hægri festingum og festið á sköftin með splittum. (**N**)



13. Sveiflið báðum u-plötunum yfir á snúningspinna dempara og festið með splitti (ABD00080) og splitti. (O)




14. Þegar endaveltubúnaðurinn er fluttur þarf að setja flutningspinnann í flutningsstöðu. Taka þarf flutningspinnann úr geymslustöðu á fjöðrunarfestingunni (S) og setja hann í flutningsstöðu (T) á aftari palli. Notið alltaf splitti til að festa flutningspinnann í báðum stöðum.



15. Þegar búið er að hífa aftari pallinn í upphafsstöðu er endaveltubúnaðurinn sjálfkrafa híður upp í flutningsstöðu fyrir öruggan flutning, eins sýnt er hér að neðan. Að lokum er hægt að setja aukahingsplitti í, eins og sýnt er, til að festa klinkuna. (R)

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og pökkunarvél



VIÐVÖRUN: Fjarlægið splittið (R) áður en afturpallurinn er látinn síga!

Mjög mikilvægt er að hringsplittið sé tekið úr áður en pallurinn að aftan er látinn síga aftur. Sé það ekki gert veldur það óparfa álagi á íhluti sturtubúnaðarins!

12

Viðhald vélar

Nauðsynlegt er, ef halda á vélinni í góðu lagi, að sinna fyrirbyggjandi viðhaldi með reglulegu millibili. Í eftirfarandi kafla er nánar sagt til um hvernig því megi háttta og hversu oft þess sé þörf.

Við fyrstu merki um bilun í rafbúnaði eða vökvaknúnum búnaði skal skipta honum út þar sem slíkir hlutir hafa áhrif á virkni og vinnsluröð vélarinnar og hafa þannig bein áhrif á öryggi við notkun hennar. Aldrei skal nota vélar sem eru bilaðar! Hafið samband við söluaðila **McHale** til að leysa úr málinu. Hafið ávallt öryggi í fyrirrúmi!



VIÐVÖRUN: Notið viðeigandi öryggisbúnað og fylgið öllum leiðbeiningum

Gætið þess að nota alltaf réttan öryggisbúnað þegar unnið er við vélina, s.s. hanska, hlífðarglæraugu o.s.frv., og fylgið öllum reglum á öryggislímmiðum og í leiðbeiningum.



VIÐVÖRUN: Aðeins stjórnandi sem hefur viðeigandi þjálfun á stýringum vélarinnar má sjá um skoðanir sem gerðar eru á „hættusvæði“ þegar vélin er í gangi

Ekki er mælt með að farið sé inn á „hættusvæði“ þegar vélin er í gangi. Ef nauðsynlegt er að gera það verður fullþjálfður aðili að vera við stjórn. Setja skal stöðuhemil dráttarvélarinnar á og rafræna stjórnstöðin á að vera í handvirkum ham. Viðhalda þarf samskiptum á milli stjórnandans og skoðunaraðilans út allan skoðunartímann. Ef samskipti við skoðunaraðilann tapast, eða ef annar hvor aðilinn er í minna en 1,1 metra fjarlægð frá hlutum sem hreyfast eða geta hreyfst skal slökkva á öllum aflveitum dráttarvélarinnar samstundis.

12.1 Viðhaldsmillibil

Ef vélin á að endast lengi og vel og fólk sem við hana vinnur að vera öruggt ætti að fara að eftirfarandi fyrirætlum um viðhaldsmillibil. Gengið er út frá að vélin sé í stöðugri notkun allan heyskapartímann.

Eftir fyrstu fimm vinnustundirnar

- Lítið eftir herðingu á öllum róm og boltum og herðið upp ef nauðsynlegt er
- Tryggið að U-boltar séu hertir með snúningsátaki upp á 450 Nm
- Athugið loftþrýsting í hjólbörðum og leiðréttið ef nauðsynlegt er

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél

- Tæmið og skiptið um gírolíu (*Sjá „Gírolía“*)
- Strekkið tvöföldu drifkeðjuna fyrir söxunarbúnaðinn. Skoðið allar aðrar keðjur. (*Sjá „Stillingar á keðjum“*)

Einu sinni á dag (eftir hverjar 250 rúllur u.þ.b.)

- Athugið felgurær
- Athugið allar hlífar og allan öryggisbúnað
- Athugið búnað vegna flutninga á vegum
- Farið yfir leiðslur og athugið hvort olía leki
- Fyllið á keðjusmurningargeyminn (u.þ.b. 300 baggar)
- Skiptið um smurfeitistúpu
- Smyrjið snúningspunkta baggahólfs uppi
- Smyrjið snúningspunkta neðan til í baggahólfi
- Smyrjið snúningsása kefla í þökkunarpalli
- Farið yfir strekkingu á öllum keðjum og strekkið eftir því sem nauðsynlegt er

Einu sinni í viku

- Smyrjið drifskafðið eftir hverjar 60 vinnustundir (*Sjá „Stilling og viðhald drifskafts“*)
- Athugið loftþrýsting í hjólbörðum
- Smyrjið legur kefla í þökkunarpalli

Einu sinni í mánuði

- Smyrjið legur sópvinduröra
- Smyrjið kambkúplingu sópvindu
- Athugið olíukvarða gírkassa (*Sjá „Gírolía“*)

Einu sinni á ári

- Hreinsið og smyrjið alla hreyfanlega hluta netbúnaðarins/nærfilmubúnaðarins. Gúmmíflipi nærfilmu (AGD00086) er slithlutur og skipta þarf um hann árlega.
- Tryggið að U-boltar séu hertir með snúningsátaki upp á 450 Nm
- Tæmið og skiptið um gírolíu (*Sjá „Gírolía“*)
- Hreinsið, stillið og smyrjið sleðana fyrir bæði skurð- og gripbúnaðinn (*Sjá „Skurð- og gripbúnaður“*)
- Hreinsið og smyrjið tannhjól í drifi mótunarkeflanna
- Tryggið að olíuhæð strekkingardælu nets/netskiptirúllu sé nægileg (**Fusion 3 Plus** eingöngu)

Nauðsynlegt getur reynst að hreinsa mótunarkeflin af og til því að á þau getur safnast klístur úr plastfilmunni. Hreinsið með steinolíu.


Vélin á að vera þvegin og hrein þegar notkunartímabilinu lýkur.

Þrífðu alla hluta vélarinnar vandlega að innan og utan. Mold og aðskotaefni draga í sig raka og valda því að járnhlutir ryðga frekar. **McHale** mælir með því að vélin sé hreinsuð með þrýstilofti frekar en háþrýstidælu, vegna þeirrar hættu sem fylgir þvotti með háþrýstidælu. Það fer betur með alla málningu. Ef háþrýstidæla er notuð þvert á

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél

ráðleggingar okkar, verður að beita ýtrustu varkárni og aðeins nota háþrýstidæluna frá yfirborði jarðar. Ekki beina vatni með þrýstingi á eða nálægt rafmagnsílhlutum, snúningsliðum, lokum eða legum. Sé háþrýstidæla notuð, beinið þá ekki vatni með þrýstingi að eða nálægt rafkerfishlutum, snúningsásum, lokum eða legum. Ekki klifra upp á neinn hluta vélarinnar þegar háþrýstidælan er notuð vegna þess að öll málmyfirborð verða mjög blaut og sleip og alltaf skal tryggja að slökkt hafi verið á dráttarvélinni og svisslykillinn hafi verið fjarlægður.

Blettið allar málningarskemmdir. Allt viðhald og viðgerðir ætti að fara fram á þessu stigi. Rafræna stjórnstöðin er ekki vatnsheld, þannig að hana verður alltaf að geyma á þurrum stað. Berið feiti á allar stangir vökvatjakka sem loft kemst að. Hreinsa skal og smyrja bæði sópvinduna og söxunarbúnaðinn, ásamt baggahólfinu. (Sjá „Geymsla“)



Smurkort

Aðra staði skal smyrja eins og sýnt er á þessu korti. Þessi merking er innan á hleranum vinstra megin á vinnuvélinni. (CST00739)



UMHVERFISMÁL: Heilbrigðis- og öryggisreglur fyrir umhverfið

Það er gríðarlega mikilvægt að fylgja öllum heilbrigðis- og öryggisreglum til þess að komast hjá því að valda óþarfa umhverfisspjöllum eða hættu fyrir þá sem staddir eru nálægt vélinni. Þetta á einkum við um förgun olíu á ábyrgan hátt. Hendið aldrei mengunarefnum (olíu, feiti, síum o.s.frv.) á jörðina, hellið þeim aldrei í niðurfall og losið ykkur aldrei við þessi efni þar sem þau geta mengað umhverfið. Fleygið aldrei eða brennið afgangsneti eða -plasti. Brennandi plast er eitrað þar sem það gefur frá sér díoxín og fúrön. Innöndun díoxína eða váhrif af gufum frá þeim geta leitt til dauða. Virðið umhverfið! Flytjið úrgang alltaf í endurvinnslustöð.

12.2 Upplýsingar um hersluátak

Mikilvægt er sem allt sem herða skal sé hert með réttu átaki Hér á eftir koma töflur þar sem það er gefið upp. Nota skal þau gildi nema önnur séu sérstaklega skilgreind. Þessi gildi eru aðeins til almennra nota. Farið með reglulegu millibili yfir allt sem herða þarf. Hersluátak er gefið upp í Nm (Newtonmetrar)

Boltar og rær		Svart, fosfathúðað eða galvanhúðað		
Styrkmerki		8,8	10,9	12,9
	Mál	Staðlaðar gengjur (metrakerfi)		
Boltar með sexstrendum haus	M4	2,7	3,8	4,6
DIN 931	M5	5,5	8	9,5
DIN 933	M6	10	14	16
	M8	23	33	40
Ístunguhaus	M10	45	63	75
Skrúfur með boltahaus	M12	78	110	130
DIN 912	M14	122	175	210
	M16	195	270	325
Sexstrendar rær	M18	260	370	440
DIN 934	M20	370	525	630
	M22	510	720	870
	M24	640	900	1.080
	M27	980	1.400	1.650
	M30	1.260	1.800	2.160
	Mál	Fínar gengjur (metrakerfi)		
Boltar með sexstrendum haus	M8 x 1	25	35	42
DIN 960	M10 x 1,25	48	67	80
DIN 961	M12 x 1,25	88	125	150
	M12 x 1,5	82	113	140
Sexstrendar rær	M14 x 1,5	135	190	225
DIN 934	M16 x 1,5	210	290	345
	M18 x 1,5	300	415	505
	M20 x 1,5	415	585	700
	M22 x 1,5	560	785	945
	M24 x 2	720	1.000	1.200
	M27 x 2	1.050	1.500	1.800
	M30 x 2	1.450	2.050	2.500
ATHS.:	Ef notast er við rær og bolta úr öðrum efnum og/eða með annarri yfirborðsmeðferð verður að nota hersluátak sem er lægra en gildið sem tiltekið er hér að ofan.			


12.3 Strekkingardæla nets/nærfilmu (aðeins Fusion 3 Plus)



Ef þrýstingurinn á strekkingarmæli nets/nærfilmu fellur niður fyrir 50 bör getur það verið vísbending um að lítil olía sé á strekkingardælunni. Fjarlægið áfyllingartappann og bætið á STOU-olíu, 20W-30 þangað til geymirinn er næstum fullur og setjið tappann á aftur. Rúmtak dælunnar er u.þ.b. 50 rúmsentimetrar.

12.4 Gúmmíflipi nærfilmu (Fusion 3 Plus eingöngu)

Gúmmíflipi nærfilmu er settur á kamb söxunarbúnaðarins. Tilgangur hans er að beina nærfilmunni um baggann og koma í veg fyrir að hún vefjist um keflin. Þetta er slithlutur sem þarf að athuga reglulega og skipta um a.m.k. einu sinni á hverri vertíð til að tryggja að nærfilman sé sett á á sem bestan hátt.



Gúmmíflipi
CBE00352

Gúmmíflipasamstæða nærfilmu AGD00086

13

Geymsla

13.1 Í lok heyskapar

- Þrífðu alla hluta vélarinnar vandlega að innan og utan. Mold og aðskotaefni draga í sig raka og valda því að járnhlutir ryðga frekar. **McHale** mælir með því að vélin sé hreinsuð með þrýstilofti frekar en háþrýstidælu, vegna þeirrar hættu sem fylgir því með háþrýstidælu. Það fer betur með alla málningu. Ef háþrýstidæla er notuð þvert á ráðleggingar okkar, verður að beita ýtrustu varkárni og aðeins nota háþrýstidæluna frá yfirborði jarðar. Ekki beina vatni með þrýstingi á eða nálægt rafmagnsíhlutum, snúningsliðum, lokum eða legum. Sé háþrýstidæla notuð, beinið þá ekki vatni með þrýstingi að eða nálægt rafkerfishlutum, snúningsásam, lokum eða legum. Ekki klifra upp á neinn hluta vélarinnar þegar háþrýstidælan er notuð vegna þess að öll málmyfirborð verða mjög blaut og sleip og alltaf skal tryggja að slökkt hafi verið á dráttarvélinni og svisslykillinn hafi verið fjarlægður.
- Fjarlægið stjórnstöðina úr dráttarvélinni og geymið á öruggum, þurrum stað.
- Hreinsið net-/nærfilmupökkunarbúnaðinn. (Sjá „Umhirða netþökkunarkerfis“). Fjarlægið netrúlluna/nærfilmurúlluna og geymið samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Smyrjið netahnífinn og hnífana í grip- og skurðarbúnaðinum til að koma í veg fyrir ryð. Gætið fyllstu varúðar við þetta verk og klæðist hlífðarhönskum og -fötum!
- Smyrjið alla snúningspunkta og berið þunnt lag af feiti á allar gengjur stillibolta og stangir vökvatjakka sem loft kemst að.
- Farið yfir allar vökvaslöngur og olúslöngur og gangið úr skugga um að þær séu óskemmdar. Gerið við þær ef nauðsyn krefur.
- Blettamálið alla íhluti sem málning hefur núist af eða berið á þá feiti til að hindra ryðmyndun.
- Hreinsið öll óhreinindi af keðjum og blásið þær þurrar með þrýstilofti.
- Hreinsið, stillið og smyrjið sleðana fyrir bæði skurð- og gripbúnaðinn. (Sjá „Skurð- og gripbúnaður“)
- Fyllið keðjuölfugeymi með keðjuolíu og setjið nýja smurfeitistúpu í hylkið, látið aflúttakið ganga á u.þ.b. 200 sn./mín, með stjórnstöðina í handvirkum ham, og látið baggaveltuarminn ganga upp og niður svona 15 sinnum til þess að tryggja að nýtt lag af olíu komi á allar keðjur og ný feiti í allar legur.

- Dælið smurfeiti á alla smurstaði til að tryggja að legur og samskeyti séu vel smurð allsstaðar á vélinni.
- Fjarlægið hnífana úr söxunarbúnaðinum til að koma í veg fyrir að þeir festist og geymið þá í hnífahaldaranum.

13.2 Við upphaf heyskapar

- Farið vel yfir leiðbeiningar vélarstjórnanda í þessari handbók.
- Athugið olútkvarðann á girkassanum og bætið á olíu ef þarf. (Sjá „Gírolía“)
- Smyrjið alla snúningspunkta.
- Herðið alla bolta, rær og stilliskrúfur. (Sjá „Upplýsingar um hersluátak“)
- Athugið loftþrýsting í öllum hjólbörðum (Sjá „Þrýstingur í hjólbörðum“)
- Tengjið stjórnstöðina og skoðið virkni allra aðgerða. (Sjá „Rafrænt stjórnkerfi“)
- Skoðið og lagfærið, ef þörf krefur, allar stillingar vélarinnar. (Sjá „Túnvinna og stillingar vélarinnar“)
- Fjarlægið feiti af netahnífunum og hnífunum í grip- og skurðarbúnaðinum. Gætið fyllstu varúðar við þetta verk og klæðist hlífðarhönskum og -fötum!
- Athugið stillingar netpökkunar/nærfilmupökkunar og skoðið hvort nethnífur er nægilega beittur, gætið þess að klæðast öryggisfatnaði við vinnu á þessu svæði! (Sjá „Umhirða netsins/nærfilmunnar“). Fylgið leiðbeiningum og réttu verklagi.
- Hreinsið, stillið og smyrjið sleðana fyrir bæði skurð- og gripbúnaðinn. (Sjá „Skurð- og gripbúnaður“)
- Athugið hvort klístur/lím hefur sest á álkeflin sem plastfilman er á, hreinsið með steinolíu eða hráolíu og þurrkið af með klút.
- Fyllið keðjuolíugeymi með keðjuolíu og setjið nýja smurfeitistúpu í hylkið, látið aflúttakið ganga á u.þ.b. 200 sn./mín, með stjórnstöðina í handvirkum ham, og látið baggaveltuarminn ganga upp og niður svona 15 sinnum til þess að tryggja að nýtt lag af olíu komi á allar keðjur og ný feiti í allar legur.
- Dælið smurfeiti á alla smurstaði til að tryggja að legur og samskeyti séu vel smurð allsstaðar á vélinni.
- Tryggið að olíuhæð strekkingardælu nets/netskiptirúllu sé nægileg. (Fusion 3 Plus eingöngu)
- Skiptið um gúmmíflipa nærfilmurúllu (AGD00086). (Fusion 3 Plus eingöngu)

14

Bilanaleit

14.1 Bilanaleit, yfirlit

Þessi kafli er tekinn saman af starfsmönnum viðgerðapjónustu **McHale**, í samstarfi við umboðs- og söluaðila **McHale**.

Hann fjallar um nokkur algeng vandamál sem geta komið upp og á að gegna hlutverki flýtleiðbeininga eða gátlista sem ætlað er að leysa vandamálin. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að hann fjallar aðeins um algeng vandamál og er að þessu leyti ekki tæmandi.

Ef upp koma vandamál sem aðstoðar er þörf við að leysa, hikið þá ekki við að hafa samband við söluaðila ykkar fyrir **McHale**.

14.1.1 Aflþörf vélar er meiri en vænta má þegar hún er að saxa

Einkenni	Ástæða	Lausn
Aflþörf vélar er meiri en vænta má	Hnífar söxunarbúnaðarins eru bitlausir eða baggar of þéttir	Takið hnífana úr, brýnið þá og setjið aftur á sinn stað

14.1.2 Snuðkúpling sópvindu er of létt

Einkenni	Ástæða	Lausn
Snuðkúpling sópvindu er of létt eða vélin brýtur tinda	Sópvinda liggur of nærri jörðu	Stillið sópvinduna í hærrí stöðu. Tindarnir eiga ekki að grípa niður í jörð.
Snuðkúpling sópvindu er of létt	Drifkeðjur sópvindunnar of slakar	Herðið drifkeðjur sópvindunnar (<i>Sjá „Stillingar á keðjum“</i>)

14.1.3 Snuðkúpling aflúrtaks er of létt

Einkenni	Ástæða	Lausn
Snuðkúpling aflúrtaks er of létt	Keðja á vökvamótor slök	Strekkið keðjuna á vökvamótornum eins og lýst er

Einkenni	Ástæða	Lausn
Snuðkúpling aflúrtaks er of létt	Múgar illa lagaðir	Rakið múgunum upp í samræmi við það sem mælt er með í kaflanum um stillingar vélarinnar
Snuðkúpling aflúrtaks er of létt	Hnífar bitlausir	Athugið hnífana og brýnið þá ef þörf krefur, eða skiptið þeim út!
Snuðkúpling aflúrtaks er of létt	Þrýstingur á baggahólfi/ ökuhraði of mikill	Dragið úr

14.1.4 Hnífar haldast ekki uppi þegar saxað er

Einkenni	Ástæða	Lausn
Hnífar haldast ekki uppi þegar saxað er	Hnífarnir eru bitlausir	Takið hnífana úr og brýnið þá
Hnífar haldast ekki uppi þegar saxað er	Reksplitti í affærsluörmum hnífa brotin	Skiptið um reksplittin

14.1.5 Hnífabrýstingur of lítill eða enginn

Einkenni	Ástæða	Lausn
Hnífabrýstingur of lítill eða enginn	Vökvaslanga lekur	Farið yfir allar slöngur og herðið tengi ef þörf krefur
Hnífabrýstingur of lítill eða enginn	Vökvaloki lekur	Hafið samband við söluaðila McHale

14.1.6 Hnífabrýstingur of mikill

Einkenni	Ástæða	Lausn
Hnífabrýstingur of mikill	Hnífum hefur verið lyft með hámarksþrýstingi	Látið hnífa síga og lyftið þeim aftur til þess að stilla inn réttan þrýsting
Hnífabrýstingur of mikill	Vökvaloki vinnur ekki sem skyldi	Hafið samband við söluaðila McHale

14.1.7 Baggahólfsþrýstingur dettur niður

Einkenni	Ástæða	Lausn
Baggahólfsþrýstingur dettur niður	Vökvaleki	Finnið lekann og bætið úr

Einkenni	Ástæða	Lausn
Baggahólfspýstingur dettur niður	Afrennslisloki óþéttur / truflanir í afrennsli	Hafið samband við söluaðila McHale

14.1.8 Vandamál við snúning bagga/innmötun

Einkenni	Ástæða	Lausn
Bindivélin tekur ekki inn í sig hey jafnvel þótt baggahólf sé ekki fullt	Botn mótunarstokks niðri—þetta getur hindrað snúning baggans	Setjið botninn í vinnslustöðu

14.1.9 Vandamál er varða þéttleika/gæði bagga

Einkenni	Ástæða	Lausn
Vandamál er varða þéttleika/gæði bagga	Þéttleikinn of lágt stilltur miðað við uppskerutegund	Aukið þéttleikann
Vandamál er varða þéttleika/gæði bagga	Hey hleðst upp þar sem baggahólfsloki kemur niður að aftan	Hreinsið laust hey í burtu
Vandamál er varða þéttleika/gæði bagga	Ökuhraði of mikill	Vélin skilar betur löguðum böggum ef dregið er úr ökuhraða
Vélin skilar böggum sem eru linir á jöðrum/í endann	Of mikið hey hleðst í miðju baggans	(Sjá „Múgar“)

14.1.10 Vélin sker ekki netið/nærfilmuna

Einkenni	Ástæða	Lausn
Vélin sker ekki netið/nærfilmuna	Blaðkrókur slitinn og festist í plastfóðringunni sem á að stýra honum	Skiptið um blaðkrók
Vélin sker ekki netið/nærfilmuna	Blaðkrókurinn hefur of mikið fríhlaup og festist í plastfóðringunni sem á að stýra honum	Stillið upp á nýtt
Vélin sker ekki netið/nærfilmuna	Hnífurinn fastur eða ekki nóg spennu á fjöðrinni	Skoðið hvort hnífurinn getur leikið laus og herðið á fjöðrinni ef þörf krefur

14.1.11 Hnífar söxunarbúnaðarins hreyfast ekki (hvorki tengjast né aftengjast)

Einkenni	Ástæða	Lausn
Hnífar hreyfast ekki (hvorki tengjast né aftengjast)	Vökvaloki vinnur ekki sem skyldi	Hafið samband við söluaðila McHale
Hnífar hreyfast ekki (hvorki tengjast né aftengjast)	Ekki berst nægilegt rafmagn til stjórnstöðvar	Yfirfarið aflgjafa

14.1.12 Netið/nærfilman ekki rétt skorin

Einkenni	Ástæða	Lausn
Netið/nærfilman ekki rétt skorin	Nethnífur bitlaus/ryðgaður	Setjið í nýjan hníf
Netið/nærfilman ekki rétt skorin	Feiti á hnífnum (vélin ný / nýlega tekin í notkun eftir vetrargeymslu)	Hreinsið feitina af hnífnum Gætið yítrustu varúðar og notið hlífðarfatnað!
Netið/nærfilman ekki rétt skorin	Fjöðrin á hnífnum of slök	Strekkið á fjöðrinni á hnífnum (er á bak við driftannahjól netbúnaðarins)

14.1.13 Botn mötunarstokks hreyfist ekki (fer hvorki upp né niður) Sópvinna hreyfist

Einkenni	Ástæða	Lausn
Botn mötunarstokks hreyfist ekki (fer hvorki upp né niður)	Vökvaloki vinnur ekki sem skyldi	Hafið samband við söluaðila McHale
Botn mötunarstokks hreyfist ekki (fer hvorki upp né niður)	Ekki berst nægilegt rafmagn til stjórnstöðvar	Yfirfarið aflgjafa

14.1.14 Smurkerfi virkar ekki

Einkenni	Ástæða	Lausn
Vélin notar ekki smurfeiti	Lof tappi	Léttið lofti af með því að losa hylkið (snúa því 2-3 hringi)
Vélin notar ekki smurfeiti	Kerfið stíflað	Hafið samband við söluaðila McHale

15

Vottun og ábyrgð

15.1 Samræmisyfirlýsing

McHale leggur fram samræmisyfirlýsingu. Með henni er vottað að nýja vélin fellur að öllu leyti undir ákvæði vélbúnaðartilskipunar Evrópubandalaganna og landslög og reglugerðir sem samþykkt eru á grunni hennar.

Í yfirlýsingunni er að finna lýsingu á vélinni og tilgangi hennar, ásamt nánari upplýsingum um gerð og raðnúmer. (Sjá „*Samræmisyfirlýsing*“)

Allar breytingar á vélinni leiða til þess að samræmisyfirlýsingin, ásamt CE-merkingu vélarinnar, fellur úr gildi.

15.2 Skoðunarvottorð

McHale fyllir út sérstakt eyðublað, PDI (skoðun fyrir afhendingu, e. pre-delivery inspection) við lokaskoðun hvernar nýrrar vélar. Eftirfarandi eru könnuð og skrifað undir að þau séu í lagi:

- Að allir hlutir og fylgibúnaður sem á að vera með vélinni, komi til kaupanda.
- Að vélin sé rétt sett saman
- Að loftþrýstingur í hjólbörðum sé réttur
- Að vökvakerfi, rafkerfi og ljósabúnaður virki sem skyldi
- Að nýr eigandi hafi fengið leiðbeiningar um hvernig eigi að vinna með vélinni og halda henni við

PDI-eyðublaðið fylgir þessari notendahandbók. (Sjá „*Eyðublað vegna skoðunar fyrir afhendingu (PDI)*“)

15.3 Forskoðun við eigendaskipti

PDI-eyðublaðið, sem fyllt er út við lokaskoðun hvernar nýrrar vélar, ætti einnig að nota þegar **McHale**-vél skiptir um eigendur. Ljúka verður við sama gátlista og fara yfir öll önnur atriði sem athugunar eru verð áður en vélin er endurseld. Gætið sérstaklega að öllum öryggisatriðum. Gefið ykkur tíma til að kenna nýja eigandanum á alla öryggistengda eiginleika vélarinnar og að vinna með vélinni og halda henni við.

15.4 Takmörkuð ábyrgð

Skilyrði um takmörkun ábyrgðar fylgja öllum vélum frá **McHale**. Þau taka til skilmála og aðstæðna sem tengjast óeðlilegum bilunum við eðlilegar vinnuáðstæður. (Sjá „*McHale Takmörkuð ábyrgð*“)

Samræmisyfirlýsing



SAMRÆMISYFIRLÝSING

Við staðfestum hér með að vélin sem upplýsingarnar hér á eftir eiga við um fellur að öllu leyti undir ákvæði vélbúnaðartilskipunar Evrópubandalagsins 2006/42/EC og landslög og reglugerðir sem samþykkt eru á grunni hennar.

Breytingar á vélinni, sem ekki hafa verið fyrirfram samþykktar af undirrituðum leiða til þess að yfirlýsing þessi fellur úr gildi.

Lýsing á vélbúnaði og virkni: Rúllubaggavél með fastri stærð baggahólfs, sem býr til sívalningslaga rúllur fyrir skepnufóður og til þess að pakka sömu rúllum inn í pökkunarfilmu fyrir landbúnaðinn.

Gerð: (Fusion 3) _____

Raðnúmer: _____

Nafn framleiðanda:
Heimilisfang:

McHale Engineering
Ballinrobe, Co. Mayo, Írlandi, F31 K138

Er einnig í samræmi við ákvæði eftirfarandi annarra EU-tilskipana:

2014/30/EU – rafsegulsviðssamhæfi (EMC)

Tækniskrá gerð af:

James Heaney
c/o **McHale Engineering**
Ballinrobe, Co. Mayo, Írlandi, F31 K138

Samræmdir staðlar sem notaðir voru:

EN ISO 12100	Öryggi vélbúnaðar – Meginreglur um hönnun – Áhættumat og minnkun áhættu
EN ISO 4254 - 1	Landbúnaðarvélur – Öryggi – 1. hluti: Almennar kröfur
EN ISO 4254 - 14	Landbúnaðarvélur – Öryggi – 14. hluti: Pökkunarvélur
EN 15811	Landbúnaðarvélur – Fastar hlífar og samlæstar hlífar með eða án læsinga fyrir hreyfanlega hluta girskiptingar

Undirritað:

Dagsetning:

Staður: Ballinrobe, Co. Mayo, Írlandi, F31 K138

Nafn:

James Heaney

Staða:

Design Office Manager / Yfirmaður hönnunarskrifstofu

Undirritað:

Dagsetning:

Staður: Ballinrobe, Co. Mayo, Írlandi, F31 K138

Nafn:

Gerry Corley


Staða:

Quality Manager / Gæðastjóri



QUALITY
I.S. EN ISO 9001:2015
NSAI Certified

Eyðublað vegna skoðunar fyrir afhendingu (PDI)

	
SKOÐUN FYRIR AFHENDINGU (PDI)	
Dreifiaðili:.....	Módel: Fusion baggavél & pökkunarvél
Heimilisfang:.....	Framleiðslunúmer:.....
.....	Dagsetning afhendingar:.....
Uppsetningarmaður:.....	Dagsetning skoðunar:.....
Viðskiptavinur:	
Heimilisfang:.....	Sími:.....
.....	Farsími:.....
.....	Netfang:.....
TRYGGJA SKAL AÐ DRÁTTARVÉLIN TILHEYRI RÉTTTRI FORSKRIFT FYRIR ÞESSA VÉL. SKOÐA SKAL NOTKUNARHANDBÓKINA ÁÐUR EN BREYTINGAR FARA FRAM!	
Vélina verður að Skrá á www.mchale.net af Dreifiaðilanum svo hún sé hæf til Tryggingar.	
1. Kannaðu hvort allir fylgihlutir séu hjá Eigandanum/Notandanum. Skoðaðu notkunarhandbók og íhlutalista.	10. Kannaðu bæði handvirkar og sjálfvirkar aðgerðir á stjórnboxinu. Keyrðu vélina í gegnum sjálfvirka hringrás á stýrirásinni.
2. Tryggðu að vélin sé sett saman aftur á réttan máta. (Skoðaðu allar samsetningarleiðbeiningar sem fylgja)	11. Merktu við snurðulausan gang baggavindu þegar vélin er keyrð við 540/1.000 rpm.
3. Tryggðu að hjólin séu rétt sett á (þ.e. ventill að utanverðu). Hertu hjólarær á réttan hátt.	12. Merktu við að allt rafknúíð og ljós virki á réttan hátt.
4. Athugaðu hvort að rétt tegund dekks sé til staðar, sóli og þrýstingur. (Dekkjaloftþrýstingur er ● 1.65 bar (24 psi) ● 2.07 bar (30 psi))	13. Tryggðu starfsemi netter og að netter-hnífur gangi snurðulaust.
5. Festu vélina við dráttarvélin, tengdu síðan PTO skaftið. Stilltu PTO lengdina ef nauðsynlegt er.	14. Kannaðu hvort skammtarahringur og skammtarar gangi snurðulaust og séu lausir við skemmdir eða sand.
6. Þegar vélin er föst við dráttarvélin skal athuga hvort vélin flútti við jörðina. Stilltu dráttarbeislið ef nauðsynlegt er. Tengdu 7 pinna tengil fyrir ljósakerfi.	15. Notandanum verður að fullkunnugt um allar hættur, stjórnæki (raf- og vökvatengt), allar aðgerðir og öryggisbúnað sem tilheyrir vélinni sem og dráttarvélinni.
7. Tengdu vökvaslöngu við dráttarvélin og gakktu úr skugga um viðeigandi vökvauppsetningu. Athugið: Tryggðu frjálst rennsli aftur í tankinn.	16. Tryggðu að eigandinn/notandinn lesi notkunarhandbókina og skilji að fullu öll öryggis- og notkunatriði vélarinnar eins og þar er lýst.
8. Tryggðu að stýrirrás raftengingar sé 12 V beint frá rafgeyminum, annars gæti vélin bilað.	17. Leiðbeindu notanda varðandi viðhald vélar, þ.e. athuga keðjuspennu, stillingar, dekkjaprýsting og hjólarær, einnig svæði sem þarf daglega að smyrja og hlutverk smyrjara.
9. Tryggðu að stýrirásin sé stillt á kerfi sem hentar forskrift vélarinnar.	
Ég samþykki að athuganir að ofan hafi farið fram og að vélin sé fullgerð með öllum fylgihlutum og handbókum.	
Undirritað:.....	(Dreifiaðili) Dagsetning:.....
Undirritað:.....	(Eigandi) Dagsetning:.....
Bæði söluaðili og viðskiptavinur skulu fá undirritað afrit af þessu eyðublaði.	

McHale Takmörkuð ábyrgð

McHale Engineering, Ballinrobe, Mayo, Írlandi (hér á eftir nefnt “fyrirtækið”) tilkynnir hér með fyrsta kaupanda í smásölu, að nýjar framleiðsluvörur sem seldar eru og á skrá hjá fyrirtækinu, eru án galla í efniviði og smíði og að allur búnaður þeirra fellur undir ábyrgð, sem takmarkast við að vélin sé notuð og hún þjónustuð í samræmi við það sem mælt er með í notendahandbók.

Þessi takmarkaða ábyrgð nær yfir búnaðinn þar til eitt ár er liðið frá kaupum eða þar til bundnir hafa verið 10.000 rúllubaggar, hvort sem fyrr verður.

Rafræn innsending söluaðila (innflytjanda) á útfylltu eyðublaði skoðunarvottorðs (PDI) er tekin sem sönnun þess að vélin hafi verið afhent fyrsta kaupanda í smásölu. Það er skyldubundið og nauðsynlegt til þess að vélin sé skráð í ábyrgðarkerfi **McHale**.

Eftirfarandi undantekningar eiga við um þessi skilyrði:

- Þessi takmarkaða ábyrgð nær ekki yfir þá vélarhluta sem ekki eru framleiddir hjá **McHale**, svo sem hjólbarða, drifsköft, snuðkúplingar, vökvatjakka o.s.frv., heldur falla þeir undir ábyrgð upprunalegs framleiðanda. Leggja verður fram ábyrgðarkröfur vegna þessara hluta á sama hátt og ef þeir væru vélarhlutar framleiddir af **McHale**. Bætur verða þó aðeins greiddar samkvæmt ábyrgðarskilmálum viðkomandi framleiðanda.
- Þessi takmarkaða ábyrgð á ekki við um bilanir sem verða vegna eðlilegs slits, né um tjón sem verður vegna vanrækslu eða skorts á eftirliti, vegna misnotkunar, vegna ónógs viðhalds og/eða vegna þess að vélin hefur lent í óhappi, verið lánuð eða notuð í öðrum tilgangi en fyrirtækið ætlaði henni.
- Þessi takmarkaða ábyrgð fellur niður ef einhverri framleiðsluvöru fyrirtækisins hefur verið breytt á einhvern hátt, nema fyrir því hafi fengist ótvíræð heimild hjá fyrirtækinu, og sömuleiðis ef varahlutir sem ekki eru viðurkenndir af **McHale** hafa verið notaðir til viðgerða.
- Fyrirtækið tekur enga ábyrgð á aukakostnaði, þ.m.t. olíu sem fer til spillis og/eða öðrum rekstrarvörum, sem notaðar eru meðan á bilun og viðgerð vélar stendur.
- Ekki er hægt að gera fyrirtækið ábyrgt fyrir neinum kröfum eða skaða sem eigandi eða þriðji aðili verður fyrir, né nokkurri ábyrgðarkröfu sem af slíku skapast.
- Ekki er heldur hægt að gera neinar bótakröfur á fyrirtækið vegna tjóns sem er óbeint eða eftirfylgjandi (þ.m.t. tapaður ábati) eða nokkurra erfiðleika af völdum vélarbilana eða dulinna galla.

Kaupandi ber ábyrgð á eftirfarandi kostnaði:

- venjubundnu viðhaldi, svo sem smurningu, að viðhalda réttu olíumagni, minniháttar stillingum o.s.frv., eftir því sem skilgreint er í notendahandbók,
- vinnulaunum, öðrum en samið er um í upphafi, sem til falla vegna þess að skipt er um íhluti,
- ferðakostnaði, þ.m.t. ferðatíma, söluaðila til og frá vélinni,
- varahlutum, sem skilgreindir eru sem hlutir sem slitna eðlilega, t.d., en þó ekki eingöngu, drifsköft, keðjur, hjólbarðar, legur, reimar, eggjárn, hnífar, tindar, tindaberar, snuðkúplingar, keðjurúllur og keðjustýringar úr næloni o.s.frv., sem ekki falla undir takmörkuðu ábyrgðina.

McHale Fusion 3 Pro / Fusion 3 Plus Rúllu- og þökkunarvél

Innflytjandi ber ábyrgð á eftirfarandi kostnaði:

- Öllum vinnulaunum sem falla undir ábyrgðina.

Ábyrgðin byggist á því að farið sé í einu og öllu að eftirfarandi:

- Söluaðili **McHale** sjái til þess að vélin sé tekin í notkun samkvæmt forskrift okkar.
- Söluaðili gangi frá skoðunarvottorði (PDI-eyðublaði) á réttan hátt.
- Fyrsti kaupandi í smásölu skrifi undir dagsetta, útprentaða útgáfu af skoðunarvottorðinu. Söluaðili geymi þetta afrit og það sé aðgengilegt **McHale** ef óskað er eftir því.
- Ábyrgðarkrafa sé lögð fram með rafrænu kröfugerðarkerfi **McHale**.
- Aðeins upprunalegur söluaðili **McHale** má leggja fram ábyrgðarkröfuna.
- Ákvörðun fyrirtækisins er endanleg í öllum málum.
- Varahlutir í ábyrgð skulu vera í vörslu söluaðila í tvö ár frá þeim degi sem ábyrgðarkrafan er send til **McHale**, eða þar til beiðni um endursendingu hefur verið gefin út innan þeirra tveggja ára.
- Þegar **McHale** gefur út beiðni um endursendingu verður að gæta þess að kröfunúmer komi greinilega fram á hverjum einstökum varahlut. Þessir hlutir verða að vera hreinir. Ef hlutirnir eru í óboðlegu ástandi verður kröfunni hafnað.
- Ef skemmdum vélarhlutum hefur verið skilað til fyrirtækisins, en það hafnað ábyrgðarkröfunni, hefur söluaðili eins mánaðar frest, frá því að tilkynning fyrirtækisins berst honum, til þess að fara fram á að skemmdi hluturinn sé sendur aftur til verkstæðis hans.

Frekari skilyrði - takmarkanir á gildi og ábyrgð:

- Ekki má framselja þessa takmörkuðu ábyrgð eða færa yfir á nokkurn annan nema skriflegt samþykki fyrirtækisins liggja fyrir.
- Söluaðilar **McHale** hafa engan rétt eða umboð, hvorki leynt eða ljóst, til þess að skuldbinda fyrirtækið á nokkurn hátt eða taka nokkra ákvörðun fyrir þess hönd.
- Tæknileg aðstoð sem fyrirtækið eða sendimenn þess veita vegna viðgerða eða notkunar vélbúnaðar skapar fyrirtækinu enga ábyrgð og getur ekki undir nokkrum kringumstæðum leitt til skuldskeytingar eða þess að víkja megi frá skilyrðum þeirrar takmörkuðu ábyrgðar sem er í gildi.
- Fyrirtækið áskilur sér rétt til að gera breytingar á vélum sínum án þess að tilkynna það fyrirfram og án skuldbindinga um að þær breytingar verði einnig gerðar á vélum sem þegar hafa verið framleiddar.
- Þessi takmarkaða ábyrgð útilokar alla aðra ábyrgð, hvort sem er lagalega eða hefðbundna, beina eða óbeina og engin ábyrgð er fyrir hendi sem gengur lengra en sú sem hér er skilgreind.

16

Viðauki

16.1 Stilling drifskafitsins á dráttarvélinni

